

DV

Stunginn af nauti í ati

ADOLF ÖRN Á SPÍTALA Á SPÁNI



Myndir

„Ég veit ekki hvort ég er betri maður

MEÐ
ÜTSÝNI
YFIR LEIKVÖLL



ALRÆMDASTI BARNANÍÐINGUR ÍSLANDS

KARL VIGNIR SNYR AFTUR

■ Braut á tugum barna ■ Nágrannar slegnir óhug ■ Á Hrauninu í 5 ár



Fékk íbúð frá bróður sínum

Sunna Elvira sögð fara fram fyrir röðina

Framkvæmdastjóri SUS

Á 15 milljóna Porsche en starfsfólk fékk ekki laun

■ Setti veitingastað á hausinn á met tíma



Halldór Blöndal lítur yfir farinn veg

„Hefði viljað takast á við Hrunið“



Viðtal

Margar gerðir af FARANGURSBOXUM



Dráttarbeisli undir flestar tegundir bíla



Hyrjarhöfða 8 - vikurvagnar.is - Sími 577 1090

RECARO

Barnabílstólar í úrvali



BÍLASMIÐURINN HF

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is




Síðustu orðin

„Ég hef móðgað Guð og mannkynið vegna þess að verk mín hafa ekki náð þeim gæðum sem þau áttu að ná.“

– Leonardo da Vinci

Á þessum degi, 13. júlí



100 f. Kr. – Júlíus Sesar fæðist í Róm.

1249 – Alexander þriðji er krýndur Skotlandskonungur.



1923 – Hulunni er svipt af Hollywood-skiltinu frá borg Englanna. Fyrst stóð reyndar Hollywoodland en síðar voru fjórir síðustu stafirnir fjarlægðir.

1985 – Live Aid-tónleikar fara fram í London, Philadelphiu og öðrum borgum.

2016 – David Cameron segir af sér sem forsætisráðherra Bretlands og Theresa May tekur við völdum.



Vissir þú?

■ Vissir þú að árið 1991 var loftfíð í Mexíkóborg, höfuðborg Mexíkó, svo mengað af svifryki frá mannaskít að það var mögulegt að fá lifrabólgu eingöngu við að anda að sér loftinu þar.

■ Vissir þú að samkvæmt rannsókn-um verða karlmenn þreyttir eftir 26 mínútna verslunarleiðangur á meðan konur verða þreyttar eftir um tvær klukkustundir.

■ Vissir þú að fyrirtækið sem framleiðir Nutella Ferrero notar um 25% af öllum heslihetnum sem framleiddar eru í heiminum.

■ Vissir þú að þegar bandarísk flugherinn var að prófa F11 orustuþotuna tókst flugmanninum að skjóta sjálfan sig niður úr loftinu.

■ Vissir þú að öll fjöll á tunglinu Títan við plánetuna Satúrnus eru nefnd eftir fjöllum og persónum úr verkum höfundarins J.R.R. Tolkien.

Sunna Elvira fór fram fyrir röðina

■ Heimildir DV herma að biðlisti sé eftir íbúðum ■ Stjórnarmenn vísa því á bug

Björn Þorfinnsson
bjornth@dv.is



Sunna Elvira Þorkelsdóttir fékk á dögnum úthlutun að íbúð í húsnæði SEM-Samtök endurhæfðra mænuskaddaðra við Sléttuveg 3 í Reykjavík. Samkvæmt heimildum DV er biðlisti eftir íbúðum í húsinu og hefur einn einstaklingur meðal annars beið í rúmt ár. Forsvarsmenn félagsins vísa því alfarið á bug að Sunna Elvira hafi notið óeðlilegrar fyrirgreiðslu og halda því fram að enginn biðlisti sé til þess að fá íbúð í húsinu. Bróðir Sunnu Elvuru, Rúnar Björn Herrera Þorkelsson, situr í stjórn húsnæðisfélagsins. Hann segist ekki hafa haft neina aðkomu að umsókn systur sinnar.

Flutti inn fyrir mánuði

Eins og frægt er orðið slasaðist Sunna Elvira alvarlega þegar hún féll fram af svölum á þáverandi heimili sínu í Malaga-borg á Spáni í janúar á þessu ári. Hvað átti sér stað ytra liggur ekki fyrir en afleiðingarnar voru skelfilegar. Sunna Elvira þrífhyggbrotnaði við fallið og fékk að lokum þann úrskurð að hún væri lömuð til lífstíðar. Þjóðin fylgdist síðan agndofa með baráttu hennar og aðstandenda fyrir því að fá samsamlega heilbrigðisþjónustu ytra og ekki síður að hún fengi ferðafrelsi til Íslands.

Það tókst loks í byrjun apríl og þann níunda þess mánaðar lenti sjúkraftugvél með Sunnu Elvuru innanborðs á Keflavíkurflugvelli. Var hún þegar flutt á endurhæfingardeild Landspítalans á Grensás þar sem hún undirgekkst viðeigandi meðferð.

Í byrjun júní, fjórum og hálfum mánuði eftir fallið áfdrifaríka, tilkynnti Sunna Elvira á Facebook-síðu sinni að hún væri útskrifuð af Grensási og væri flutt í litla íbúð ásamt dóttur sinni og gæti séð um sig sjálf.

Eins og áður segir er umrædd íbúð í fjölbýlishúsi SEM við Sléttuveg 3. Um er að ræða 20 íbúða blokk sem byggð var árið 1990 og utan um félagið var stofnað sérstakt húsnæðisfélag. Mænuskaddaðir, sem eru félagar í SEM, geta sótt um íbúðir að Sléttuvegi og úthlutar stjórn húsnæðissamtakanna þeim þegar þess er kostur.

Skrifstofan sagði að bið væri eftir íbúðum

DV barst ábending um að Sunna Elvira hefði verið tekin fram fyrir tvo aðra einstaklinga á biðlista eftir íbúð að Sléttuvegi. Hefur blaðið undir höndum símtal þar sem einstaklingur hringir inn á skrifstofu samtakanna og óskar eftir upplýsingum um hvort að mænusködduð mágkona hans gæti gert sér vonir um íbúð að Sléttuvegi. Var honum þá tjáð að sjálfsagt væri að senda inn umsókn en að



Sunna Elvira Þorkelsdóttir og bróðir hennar, Rúnar Björn Herrera Þorkelsson, á góðri stundu.

tveir aðrir væru á biðlista og hefði annar þeirra beið í rúmt ár.

DV óskaði eftir útskýringum frá formanni SEM, Arnari Helga Lárussyni, sem einnig á sæti í stjórn húsnæðisfélagsins. Sagðist Arnar ekki hafa upplýsingar um hvort biðlisti væri eftir íbúðum að Sléttuvegi og að reglurnar fyrir úthlutun væru ekki meitlaðar í stein. Þannig væru nýslasaðir í forgangi og þeir sem ekki hefðu fengið íbúð áður. Þá væri einnig horft til ferils viðkomandi. „Þetta er sjálfstæð búseta og því viljum við ekki fá fólk með nein vandamál þarna inn,“ sagði Arnar Helgi og tiltók sérstaklega fíknivanda. Hann vísaði alfarið á tvo aðra stjórnarmeðlimi, þá Árna Geir Árnason og Rúnar Björn Herrera Þorkelsson, bróður Sunnu Elvuru. Rétt er að taka fram að Arnar

„Ég kannast ekki við neinn biðlista og ég neita því að ég hafi komið nálægt þessari úthlutun. Ég sagði mig alveg frá þessu tiltekna máli.“

Helgi vissi ekki að fyrirspurn DV snerist um úthlutun íbúðarinnar til Sunnu Elvuru.

Í samtali við DV sagðist Árni

Geir ekki kannast við biðlista eftir íbúð hjá félaginu. Hann sagði að allar fyrirspurnir væru teknar fyrir og þær annaðhvort samþykktir eða þeim hafnað. „Sem stendur þá eru allar íbúðir fullar. Það er enginn biðlisti,“ sagði Árni Geir. Þá sagðist hann ekki kannast við að neitt ósætti væri vegna úthlutunnar íbúðarinnar til Sunnu Elvuru.

Sömu sögu hafði Rúnar Björn að segja. „Ég kannast ekki við neinn biðlista og ég neita því að ég hafi komið nálægt þessari úthlutun. Ég sagði mig alveg frá þessu tiltekna máli,“ sagði Rúnar Björn. Hann benti á að samtökin væru að leigja út eina íbúð í fjölbýlishúsinu sem hægt væri að að losa með nokkuð skömmum fyrirvara ef einhver mænuskaddaður væri í brýnni þörf fyrir húsnæði. ■



VIÐ LÁTUM VEÐRIÐ EKKI STOPPA OKKUR!

HÚSAVIÐGERÐIR

ENDURBÆTUR OG NÝSMÍÐI

- Smíðavinna
- Múrvinna
- Málningarvinna

HELLULAGNIR

LÓÐAFRAMKVÆMDIR

- Jarðvinna
- Drenlagnir
- Hellulagnir
- Þökulagnir

Eind ehf

☎ 788 8870
eind@eind.is




Lítt þekkt ættartengsl:

Kylfingurinn og frægu foreldrarnir

Þann 19. júlí næstkomandi verður stórt skref stig- ið í íslenski golfsögu þegar kylfingurinn Haraldur Franklín Magnús tekur þátt í Opna breska meistaramótinu í golfi. Haraldur Franklín verður þar með fyrsti íslenski karl-

kylfingurinn sem spilar á einu af risamótun- um í golfi en þátt- tókurætt- inn tryggði hann sér með því að enda í öðru sæti á afar sterku úr- tókumóti fyrir stór- mótið.

For- eldrar Haraldar Franklín eru þjóðþekktir. Faðir kylfingsins er leikarinn Kristján Franklín, sem síðast skelfdi þjóðina, og í raun heimsbyggðina, sem illmennid í sjónvarpsþáttun- um Ófærð. Móðir Haraldar Franklín er fjölmiðlakonan góðkonna, Sigríður Arnardóttir, betur þekkt sem Sirrý, sem um árabíl hefur heillað þjóð- ina með alúðlegri framkomu og persónutöfrum.



Adolf varð fyrir harka- legri nautarárás á Spáni

■ Árlegt nautahlaup fer fram í spænska bænum Denia
■ Stunginn þrisvar og hent upp í loft

Audur Ösp Guðmundsdóttir
audur@dv.is

Hann er voða rólegur og ekki oft í þessum gr. Þarna voru bara svo margir að taka þátt og enginn hafði slasast nema bara eitthvað lítilega, þannig að honum fannst þetta líta sakleysilega út," segir Jónheiður Pálmey Ragnarsdóttir, unnusta Adolfs Arnar Adolfssonar en Adolf varð fyrir harkalegri árás nauts í spænska smábænum Denia í fyrrakvöld. Spænski fréttamiðil- inn Denia birtir meðfylgjandi ljós- myndir af átökunum en atvikið hefur vakið talsverða athygli meðal bæjarbúa. Undanfarna daga hefur árleg nautahlaupshátíð farið fram í Denia en þá er nautum slept laus- um niður aðalgötu bæjarins á með- an hugrakkir þátttakendur forða sér undan á hlaupum. Algengt er að þátttakendur nálgist hálfrylltar skepnurnar og ögri þeim.

Í frétt Denia kemur fram að 35 ára gamall erlendur karlmaður hafi slasast í nautahlaupinu sem átti sér stað síðastliðið miðviku- dagskvöld. Fram kemur að hann hafi hlotið áverka undir hönd- um og á baki og verið fluttur á sjúkrahús til aðhlynningar. Hann sé í stöðugu ástandi.

Í samtali við DV kveðst Jón- heiður ekki hafa verið viðstödd þegar atvikið átti sér stað, en parið hefur verið í sumarfrí á Spáni undanfarna daga.

„Við vorum búin að fara þarna áður sem áhorfendur og við vor- um fullviss um að ekki væri verið að pína dýrin og engin vopn not- uð, bara verið að hlaupa undan þeim. Annars hefði ég strax labb-

„Þá er ég búinn að þessu og geri þetta ekki aftur!“

að út og við aldrei farið aftur. Ég var búin að banna Adolf að taka þátt því ég var hrædd um að eitthvað myndi gerast. En hann fór svo án mín og stóðst ekki freistinguna!," segir Jón- heiður.

Hún segir Adolf að- eins hafa ætlað að snerta nautið, enda hafði hann séð marga viðstadda gera slíkt hið sama. „Hins vegar snéri það þínu upp á sig og hann missti undan sér fæturna og datt. Nautið notaði tækifærið og stakk hornunum undir hann og henti honum yfir sig. Það náði að gera þrjár ágætis holur í kallinn.“

Adolf áttaði sig ekki alveg á hvað hafði gerst, stóð upp og stökk út í vatnið og ætlaði bara að synda í land og fara heim. Hann var hins vegar sóttur á bát og beint í sjúkrahús," segir hún en svæðinu var í kjölfarið lokað tímabundið.

„Þetta leit verr út en það var af því að hann var dreginn í burtu og honum skýlt með hvítum tjöldum á meðan hann var færð- ur í sjúkrahúsið," segir Jónheiður jafnframt en þegar henni var tilkynnt um slysið leit út fyrir að



stunginn og ég gæti ekki hitt hann.“

Hún segir Adolf hafa sloppið afar vel miðað við aðstæður og eru þau bæði frekar brött þrátt fyrir þetta óvænta atvik. „Hann er við fína heilsu og má teljast heppinn af því að ef hornin hefðu farið annars staðar inn þá hefðu líffæri getað skaddast.“

Jónheiður segir mik- ið líf og fjör hafa verið í bænum undanfarna daga í tengslum við hátíðina en óhjákvæmilega fylgja slyss þessum hamangangi.

„Það er samt ekki mik- ið um stungusár held ég. Það allavega vita allir af þessu hér. Ég er að spá i að vera bara heima í húsi þar til við förum aftur heim!“

Þá kom hún eftirfarandi athugasemd á framfæri fyrir hönd Adolfs:

„Þá er ég búinn að þessu og geri þetta ekki aftur!“ ■

Hver er hún



■ Hún er fædd 25. júlí 1957. Ættuð frá Goðdal í Bjarnarfirði á Ströndum.

■ Hún vakti fyrst athygli á Alþýðublaðinu sem þá var undir ritstjórn Hrafns Jökulssonar.

■ Hún þótti óvæginn gagnrýnandi og gaf hauskúpur þegar skáldverk vöktu litla hrifningu hjá henni.

■ Hún var ráðin ritstjóri DV með Eggerti Skúlasyni en hætti seint á síðasta ári og færði sig yfir til Fréttablaðsins.

■ Hún þykir einn besti blaðamaður landsins og var til umfjöllunar í DV þar sem hún tætti í sig íslenskar fjölmiðlakonur.

ÚTSALAN ER Í FULLUM GANGI

RÚMFÖT
ALLT AÐ
60%
AFSLÁTTUR

LÖK
ALLT AÐ
50%
AFSLÁTTUR

KÓSÝFATNAÐUR
ALLT AÐ
80%
AFSLÁTTUR

DÚKAR OG PÚÐAR
ALLT AÐ
50%
AFSLÁTTUR

BLÓÐBERGSILMIR
25%
AFSLÁTTUR

GJAFAVARA
25%
AFSLÁTTUR

SVUNTUR
ALLT AÐ
50%
AFSLÁTTUR

★★★★★
RÚMFÖT
FRÁ 4.796
★★★★★

★★★★★
BARNA
RÚMFÖT
FRÁ 2.995
★★★★★

★★★★★
LÖK
270 PRÁÐA
FRÁ 2.544
★★★★★

Lin
DESIGN

Jakob Helgi Bjarnason í september 2017 var hann ráðinn framkvæmdastjóri Sambands ungra Sjálfstæðismanna. Hann er að auki einn af eigendum Modulus ehf. sem er byggingarfyrtæki sem sérhæfir sig í timburbyggingum. Hann starfaði þar samhliða starfinu hjá SUS og fjárfestingum í veitingageiranum.



Framkvæmdastjóri SUS Setti veitinga- stað á hausinn á nokkrum mánuðum

- Hvorki birgjar né starfsmenn fengu nokkuð greitt
- Glænýr Porsche-bíll Jakobs hleypti illu blóði í starfsfólk

Bjartmar Oddur Peyr Alexandersson
bjartmar@dv.is



Undir lok apríl síðastliðinn opnaði nýtt veitingahús í splunkunýju húsnæði við Mýrargötu 31 í Reykjavík. Veitingahúsið fékk heitið LOF og sérhæfði staðurinn sig í spænski matargerð. Tæplega þremur mánuðum síðar hefur staðnum verið lokað og samkvæmt heimildum DV blasir gjaldprot fyrirtækisins við. Þá sitja margir starfsmenn fyrirtækisins og birgjar eftir með sárt ennið. Hafa starfsmenn haft samband við stéttarfélag sitt, Eflingu, til þess að fá aðstoð.

Borguðu hvorki birgjum né starfsfólki laun

Í kringum rekstur veitingastaðarins var fyrirtækið Lof Restaurant ehf. stofnað. Eigendur þess voru Enzo Rinaldi, Birgir Örn Arnarson og tengdasonur hans, Jakob Helgi Bjarnason. Samkvæmt upp-

lýsingum frá fyrrum starfsmönnum félagsins kom hugmyndin að opnun staðarins frá Rinaldi og félagi hans Garcia og leituðu þeir til Birgis Arnar og Jakobs Helga til þess að leigja húsnæðið við Mýrargötu sem var í þeirra eigu og var nýreist. Tengdafélagarnir höfðu þá mikinn áhuga á að taka þátt í verkefninu og varð það niðurstaðan.

Samkvæmt heimildum DV var daglegur rekstur í höndum Rinaldi og Garcia en Jakob Helgi sá um fjármál félagsins. Matreiðslumennirnir tveir hafa verið farsælir í rekstri annarra veitingahúsa og þess vegna nutu þeir velvildar hjá hinum ýmsu birgjum fyrirtækisins varðandi hræfni og önnur tæki og tól. Það hafi síðan runnið á þá tvær grímur þegar birgjar fóru að

hafa samband við þá persónulega vegna vangoldinna reikninga félagsins og skömmu síðar blossaði upp reiði starfsmanna sem höfðu ekki fengið laun sín greidd. Það var ekki síst vegna þeirrar staðreyndar að Jakob Helgi brunaði um á glænýrri Porsche-bifreið, sem kostaði um 14 milljónir króna á sama tíma og starfsfólk fékk ekki greidd laun.

Fékk ekki aðgang að bókhaldi og reikningi félagsins

Rinaldi krafðist þess þá að fá aðgang að reikningum fyrirtækisins en við því

varð ekki orðið. Í byrjun júlímánaðar lokuðu Birgir og Jakob Helgi síðan veitingastaðnum og stefnir hann nú í prot. Starfsmenn félagsins hafa leitað til stéttarfélagins Eflingar vegna ógreiddra launa og launatengdra gjalda.

DV hafði samband við Rinaldi og Garcia við vinnslu fréttarinnar. Þeir vildu ekki tjá sig um málið en staðfestu þó að veitingastaðnum hefði verið lokað og að eigendur



Porsche Panamera Turbo S E-hybrid
Það hleypti illu blóði í starfsmenn að sjá einn eiganda fyrirtækisins bruna um á þessum lúxusbíl á sama tíma og laun fengust ekki greidd.

Veitingastaðurinn LOF
Opnaði í lok apríl en lokaði hurðum sínum í byrjun júlí.



staðarins hefðu deilt um fjárreiður hans. Þá sögðust þeir harma það að starfsfólk fyrirtækisins sæti eftir með sárt ennið og kváðust ætla að gera allt sem í þeirra valdi stendur til þess að réttindi þeirra yrðu ekki fyrir borð borin.

„Ég hef ekkert komið nálægt rekstrinum og þekki það ekki neitt. Ég er fyrst og fremst húseigandi,“ sagði Birgir Örn Arnarson þegar DV spurði hann hvort staðurinn væri kominn í þrot. Þá sagði hann að tengdasonurnn, Jakob Helgi, væri vissulega í stjórn veitingastaðarins en kæmi ekkert nálægt daglegum rekstri að því er hann best vissi. Aðspurður hver hefði séð um bókhald staðarins vísaði hann á Enzo og Jakob Helga.

Hunsaði beiðni um viðtal

Jakob Helgi hafði sömu sögu að segja og tengdafaðir hans. Eftir ítrekaðar tilraunir til þess að ná í hann svaraði hann loks blaðamanni DV í gegnum tölvupóst með þessum orðum: „Ég á húsnæðið undir veitingastaðinn og kem þannig inn sem minnihluta-eigandi í LOF. Ég kem ekki að rekstrinum.“ Hann brást ekki við óskum blaðamanns um símaviðtal og svaraði ekki frekari spurningum um málið, eins og hvernig það gengi upp að hann væri einn prókúruhafi fyrirtækisins en kæmi ekki nálægt rekstri veitingastaðarins.

Jakob Helgi er einn eigandi byggingafyrirtækisins Modulus ehf. þar sem hann starfar einnig samhliða fjárfestingum sínum. Samhliða þessum störfum var hann ráðinn framkvæmdastjóri SUS – Sambands ungra sjálfstæðismanna í september 2017. Á síðasta landsfundi Sjálfstæðisflokksins sóttist Jakob Helgi eftir sæti í Atvinnuveganefnd flokksins og þar sagði í stuttum kynningartexta um hann: „Ég hef þrútt fyrir ungan aldur reynslu af því að vera atvinnurekandi. Ég hef rekið eigið fyrirtæki í 3 ár og þekki hvað þarf til að koma nýju fyrirtæki á lagginnar. Ég vil að Sjálfstæðisflokkurinn sé leiðandi í því að minnka bil á milli launa og heildar launakostnaðar fyrirtækja.“ ■



LAGNAVIÐGERÐIR

SÍMI: 581 1888 / WWW.LAGNAVIÐGERDIR.IS

LANGVARANDI LAUSN & SKJÓT VINNUBRÖGÐ

Lagnaviðgerðir býður uppá langvarandi lausn og skjót vinnubrögð á sviði endurnýjunar á skólplögnum, frárennislögnum

FÓÐRUN SKÓPLAGNA

Fóðrun lagna felur í sér að búa til nýja lögn inní þá eldri skólplagnir, frárennislagnir sem eru skemmdar eða tærðar. Lagnir eru þá endurnýjaðar með því að blása inn sérstökum sokk



Brawoliner efnið sem við notumst við býður upp á óaðfinnanlegan textíl sokk. Þökk sé sérstakri aðferð við framleiðslu hans er gott að meðhöndla efnið frá Brawoliner sem gerir vinnuna

fljótlega. Þetta býður uppá hina fullkomnu lausn fyrir skemmdar skólplagnir efnið getur tekið beygjur allt að 90° og allt að tveimur breytingum í þvermál. Brawoliner er með endingartíma til allt að 50 ára þessi lausn er hrein, hagkvæm og umhverfisvænn valkostur sé borið saman við að brjóta eldri lagnir upp.

Lagnaviðgerðir notast eingöngu við sokkaaðferðina við lagfæringar og endurnýjun skólplagna.

NÝJASTA TÆKNI OG GÆÐA EFNI VIÐ FÓÐRUN LAGNA

Lagnaviðgerðir sérhæfir sig í fóðrun lagna með nýjustu tækni og endingargóðum efnum. Þau tæki og efni sem Lagnaviðgerðir notar við sokkaaðferðina eru frá þýskum framleiðanda. Sokkurinn sjálfur, hörðunar- og festiefnin eru gæðavottuð af Byggingaeftirlitsstofnun Þýskalands (DIBt)




FYRIR FÓÐRUN



EFTIR FÓÐRUN

Hafðu samband og við komum á staðinn til að meta aðstæður og gerum þér hagstætt tilboð.



Sumarið eftir frostaveturinn mikla var hlýrra en sumarið 2018

■ Meðalhitinn var 9,7 gráður í júní 1918 ■ 8,7 gráður 100 árum síðar



Kristjón Kormákur Guðjónsson
kristjon@dv.is



Sumarið 1918, fyrir sléttum hundrað árum, var ómurlegt á Íslandi og minnir um margt á hörmungarsumarið sem höfuðborgarbúar ganga í gegnum nú. Ekki hafa mælst færri sólarstundir í júní síðan árið 1914. Sú þróun sem hefur átt sér stað nú í sumar er svipuð og sumarið 1918. Tíðarfar í maí 1918 og svo 2018 er um margt líkt sé allt landið tekið með í reikninginn. Svált var þó í höfuðborginni og rigndi hvern einasta dag.

En aftur að árinu 1918. Það ár lauk fyrri heimstyrjöldinni en það var eitt mesta hörmungarár í Íslandssögunni allri. Það ár gekk frostaveturinn mikli yfir og var óvenju mikill hafis við landið. Frostið fór illa með tún. Í mars var veður strax orðið öllu betra og mjög hlýtt í marsmánuði á Suðurlandi með mikilli úrkomu. Bændur og búalið tóku því fagnandi eftir erfiðan vetur. Í apríl mátti enn sjá hafis í sumum fjörðum og er greint frá því í fjölmiðlum að Lagarfoss hafa ekki komist lengra inn í Eyjafjörð með vistir fyrir Akureyringa en að Hjalteyri. Þurfti því að ferja varning á sleðum 28 kílómetra leið.

Byrjaði að snjóa í júní

Í lok apríl fór aftur að hlýna og í Reykjavík var sumardagurinn

Mottur setja punktinn yfir i-ið á heimilinu.

Persía er sérdeild innan Parka með stök teppi og mottur. Við bjóðum upp á sérvalin handhnýtt austurlensk teppi og fjölbreytt úrval af vönduðum vélofnum gervi- og ullarteppum.

Bjóðum aðeins það besta fyrir þig.

Persía





Reykjavíkurhöfn í byrjun árs 1918.

Dimma tekur nóttina smám saman, enda liðnar 5 vikur frá sólstöðum.

allstaðar á landinu. í Borgarfirði t.d. lætur nærri að helmingur sumra túna sé skemmdur. Er fyrirsjáanlegur töðubrestur um land allt.“

Rétt eins og nú árið 2018 viðræði illa til heyskapar. Bændur á Suður- og Vesturlandi muna vart eftir öðru eins tíðarfari og illa hefur gengið að heyja vegna vætu. Sumarið 1918 var gróður lítill og mátti kenna vetrarkulda að mestu um. Í einu blaðanna sagði:

„Illa gengur slátturinn. Fyrir svo sem viku var byrjað að slá Landakotstúnið. En svo lélegt var það, að ekki voru teknir nema blettir hér og hvar. Annars liggja flest tún enn óslegin og má slíkt eins dæmi heita hér, er komið er fram í miðjan júlímánuð. Oftast er búið að slá hér tún fyrir júnílok.“ Var viðvarandi grasbrestur allt sumarið.

Sást ekki milli bæja í Reykjavík

Í júlí komu nokkrir sólardagar en oft var svalt í veðri. Reykvíkingar reyndu að halda í jákvæðni og sögðu að þrátt fyrir kulda væri nú fallett að horfa á sólina setjast í höfuðborginni. Fundu Reykvíkingar til með dönsku nefndarmönnum sem hér voru þar sem fullveldissamningar stóðu yfir. Og áfram hélt ömurlegt veður að láta til sín taka. Stormur var í júlí og moldryk með mesta móti í Reykjavík og vart sást á milli bæja. Á Rangárvöllum skemmdust jarðir vegna sandfoks. Þá gerðust þau tíðindi að klukkunni var flýtt og sumartími tekinn upp líkt og í Evrópu. Um þessa ákvörðun var skrifað í einu blaðanna:

„Dimma tekur nóttina smám saman, enda liðnar 5 vikur frá sólstöðum. Þó verða menn þess síður varir nú en endranær, þar sem klukkan er einlægt einni stund á undan tímanum. – Óviðkunn-



Sumarið 2018 Sumrinu í ár verður minnst sem ein samfelld rigning.

anlegt þykir mörgum og óþægilegt að hafa þessa fljótu klukku bjartasta árstímamann. En seinni part sumars og seinni part vetrar er hún góð. Hví ekki að skipta árinu í fjóra jafna parta eins og stungið hefur verið upp á og hafa það fyrir fasta reglu að flýta klukkunni um eina stund að kvöldi 5. febrúar og 5. ágúst, en seinka henni aftur að kvöldi 5. maí og 5. nóv. hvert ár?“

Þessi frétt birtist í Morgunblaðinu 18. ágúst:

„Síminn til Seyðisfjarðar var bilaður í gærmorgun og olli það, að ísing hafði sezt svo mikil á símana yfir Haug (austan Grímstaða á Fjöllum) að talið er að þeir hafi orðið eins gildir og mannshandleggur og víða slitnar af þunganum. Þetta er sumarhitinn á Íslandi.“

Kötlugos og spænska veikin

En það var ekki aðeins ömurlegt tíðarfar sem gerði Íslendingum lífið leitt. Katla gaus í október og dreifðist gríðarlegt magn af ösku yfir helming landsins. Þá barst spænska veikin hingað til lands með veikum skipverjum á skipun-

um Botníu frá Kaupmannahöfn og Willemoes frá Bandaríkjunum. Allt athafnalíf í Reykjavík lamadist þegar hver höfuðborgarbúinn á fætur öðrum lagðist í rúmið. Alls létust 484 Íslendingar úr veikinni. Með ströngum sóttvörnum og einangrun tókst að koma í veg fyrir að veikin bærist norður eða austur á land.

Í þessari umfjöllun var ætlunin að beina sjónum helst að tíðarfari og bera versta sumar í manna minnum saman við tíðarfar á einu ömurlegasta ári Íslandssögunnar. Það sem er merkilegt við þennan samanburð er að þrátt fyrir að hér hafi geisað frostavetur, snjóað að sumri og grasbrestur orðið, þá var meðalhitinn í júní 9,2 gráður í Reykjavík. Það var því hlýrra sumarið eftir frostaveturinn mikla í júní heldur en í ár. Meðalhitinn í Reykjaví í júní var aðeins 8,7 gráður og fengu Reykvíkingar aðeins 70 sólarstundir sem er langt undir meðaltali á meðan íbúar Akureyrar fengu sól í 191,9 sólarstundir, 15 fleiri en í meðalári. En eftir stendur að hlýrra var sumarið eftir frostaveturinn mikla í júní en nú hundrað árum síðar. ■

Tíðin hefir verið köld upp á síðkastið og úrkoma mikil. Útjörð mun víðast vel spröttin. En tún eru stórkostlega skemmd af kali allstaðar á landinu.

fyrsti einn hinn fegursti í manna minnum. Í frétt frá 2. maí segir:

„Öndvegistið er á Austfjörðum og í Fljótshéraði. — Farið að vinna á túnunum. Árgæzka er nú um land allt. Borgfirðingar eystra hafa sleppt fé sínu, og er það sjaldgæft í þeirri snjóasveit, að það sé gert svo snemma.“

Morgunblaðið sagði þann 8. maí:

Tún hér í bæ og í grenndinni eru nú orðin græn og tré í görðum sumstaðar tekin að lafgast. Er það óvenju snemma, enda hefir ekki verið eins gott vor í manna minni sem nú.

Þann 14. maí sagði í Vestra:

„Tíðarfar hefir verið óminnilega gott síðan um sumarmál, logn og sólfar daglega; dálítið frost sumar næturnar. Sauðfé mun allstaðar sleppt hér í nærsveitunum og vallarávinnsla víðast að byrja. Er slíkt óvenju snemmt.“

Í Tímanum sagði:

„Tíðin er ávalt hin ákjósanlegasta hér syðra. Kartöflur farnar að koma upp í görðum. Á Norður- og Vesturlandi er kvartað um hita og þurka.“

En þetta var lognið á undan storminum. Júní var kaldur og byrjaði síðan að snjóa. Framan á Siglufirði sagði um miðjan mánuð: „Tíðin hefir verið óviðfelldin þessa viku. Framan af gengu miklar rigningar og hálfgerðir kuldar, hríðaði mikið í fjöll, en á föstudagsnótt [14.] alsnjóaði, og hélt því áfram mest allan daginn.“

Nokkrum dögum áður, þann 10., birtist þessi frétt í Morgunblaðinu:

„Kappleikurinn í gær fór þannig að Víkingur sigraði Val með 5:0. Veður var illt, stormur af suðaustri og úrkoma með köflum. Var knötturinn illhemjandi innan svæðisins.“

Fimm dögum síðar var skrifað í Morgunblaðið:

„Sjö vikur voru af sumri í gær, en eigi var þó sumarlegt. Frost var á Grímsstöðum (0,5 stig) og kuldastormur hér og mátti sjá eljagang á Esjunni og Skarðsheiði og hvítuðu kollar þeirra af snjó.“

Tíminn skrifar:

„Tíðin hefir verið köld upp á síðkastið og úrkoma mikil. Útjörð mun víðast vel spröttin. En tún eru stórkostlega skemmd af kali

Ný og enn betri vefverslun

gaeludyr.is

www.gaeludyr.is

ALRÆMDASTI BARNANÍÐ- INGUR ÍSLANDS LAUS OG MEÐ ÚTSÝNI YFIR LEIKVÖLL

„VEIT EKKI HVORT EG ER BETRI MAÐUR“

■ Íbúar óttaslegnir ■ Misnotaði tugi barna ■ Fluttur í miðbæinn

Óðinn Svan Óðinsson
Hjálmar Friðriksson
odinn@dv.is / hjalmar@dv.is



Karl Vignir Þorsteinsson, sem dæmdur var haustið 2013 í sjö ára fangelsi í Hæstarétti fyrir gróf kynferðisbrot gegn drengjum, er nú laus úr haldi. Karl Vignir losnaði fyrir skemmstu og leigir litla íbúð nálægt Hlemmi. Í samtali við DV kveðst Karl Vignir sjá eftir því sem hann gerði en segir tímenn verða að leiða í ljós hvort vistin hafi gert hann að betri manni. Nágrannar Karls eru slegnir óhug eftir að hafa fengið hann í hverfið.

DV ræddi við Karl Vigni sem staðfesti að hann hefði losnað úr haldi fyrir skemmstu. Hann vildi lítið tjá sig um vistin í fangelsinu að öðru leyti. Aðspurður um hvort vistin hefði gert hann að betri manni sagði hann það verða að koma í ljós. „Ég veit ekki hvort ég er betri, það kemur bara í ljós,“ sagði Karl Vignir.

Karl hefur áður viðurkennt að hafa misnotað allt að 50 börn, bæði drengi og stúlkur. Talið er að þolendur séu miklu fleiri. Þegar blaðamaður spyr Karl Vigni út í fórnarlömbin segist hann sjá eftir gjörðum sínum. „Já, já, auðvitað geri ég það,“ segir Karl. Þegar Karl Vignir var spurður út í fangelsisvistina sjálfa sleit hann símtalinu.

DV hefur rætt við nágrannar Karls Vignis sem á barn á leikskólaaldri. Hann er sleginn óhug og botnar ekki í því að hann megi



MYNDHANNA

vera þarna. „Er maðurinn ekki í fangelsi? Það er leikvöllur og garður þarna beint fyrir aftan. Það ætti að henda þessum manni í sjóinn.“

Áratuga brotaferill

Brotasaga Karls Vignis nær áratugi aftur í tímann en hann hefur viðurkennt opinberlega að hafa misnotað allt að 50 börn og brot-

in sem hann var dæmdur fyrir voru framin á árunum 1995 til 2012. Síðustu brotin framdi Karl Vignir í desember 2012. Lögregla hóf að rannsaka sögu hans í kjölfar umfjöllunar Kastljóss um áramótin 2012 og 2013. Í þættinum sem vakti töluverða athygli gekkst Karl við brotum gegn tugum barna og ungmenna.

Árið 2007 fjallaði DV ítarlega um sögu Karls Vignis Þorsteinssonar. Karl Vignir vandi komur sínar um árabíl á Kumbaravog, upptökuheimili í eigu ríkisins. Þar gaf hann drengjum sælgæti áður en hann misnotaði þá bakvið luktar dyr.

Þá var Karl Vignir lengi vel starfsmaður á Sólheimum í Grímsnesi, en þaðan var honum vikið úr

„Ég veit ekki hvort ég er betri, það kemur bara í ljós.“

starfi vegna gruns um kynferðisbrot. Karl Vignir var einnig safnaaðarmeðlimur í Kirkju sjöunda dags adventista. Starf hans þar fór á sama veg og í Grímsnesi en árið 1997 var honum vikið úr söfnuðinum eftir að stúlka innan kirkjunnar sagði frá því að Karl Vignir hafi ítrekað misnotað hana kynferðislega. Það mál komst aldrei til kasta lögreglu.

Karl Vignir aðstoðaði um árabíl við umsjón opinna húsa í Áskirkju. Þegar mál hans kom til kasta lögreglu var honum gert að hætta starfi í söfnuðinum. Málið mun hafa komið öllum í söfnuðinum í opna skjöldu. Séra Sigurður Jónsson, sóknarprestur í Áskirkju, sagði meðal annars: „Það kom okkur algjörlega í opna skjöldu þegar við heyrdum af máli hans. Karl Vignir virkaði á okkur sem hlýlegur og góður maður.“

DV hafði eins og áður segir fyrst fjallað um hrottaleg niðingsverk Karls Vignis árið 2007 og var hann þá nafngreindur. Þrátt fyrir það ákvað kirkjan að verðlauna Karl Vigni fyrir störf í þágu safnaðarins. Brotasaga Karls er afar löng ▶

MYNDHANNA

Opnaðu á lægra eldsneytisverð!



af hverjum lítra
í fyrsta sinn sem þú dælir



af hverjum lítra
á afmælisdaginn þinn



Allt að 11 kr. af hverjum lítra
með afsláttarþrepum Orkunnar

Með því að nota Orkulykilinn tryggirðu þér lægra eldsneytisverð í hvert skipti sem þú dælir. Það er einfalt og fljótlegt að sækja um og virkja lykilinn. Nældu þér í Orkulykilinn og byrjaðu að spara.

Sæktu um Orkulykil á orkan.is



ORKAN

Afbrotaferill Karls Vignis

1944 Karl Vignir Þorsteinsson fæddist í Vestmannaeyjum.

1960–1970 Stúlka sagði frá kynferðisofbeldi í Vestmannaeyjum. Málið var fyrnt þegar það kom upp.

1963 Bjartmar Guðlaugsson segir að á þessum árum hafi verið margt um manninn á vertíð í Vestmannaeyjum og að hann hafi orðið fyrir bardinu á Karli Vigni. Karl Vignir játar að hafa brotið á um 7–8 drengjum í Vestmannaeyjum og einni stúlku.

1969–1973 Karl Vignir vandi komur sínar á Kumbaravog þar sem hann játar að hafa misnotað fjóra unga drengi. Honum var vísað þaðan vegna kynferðisáreit- is. Fórnlömb hans frá þeim tíma hafa stigið fram.

1980–1990 Karl Vignir var yfirmaður töskubera á Hótel Sögu. Þar virtust margir vita af kynferðisbrotunum en honum var að lokum sagt upp vegna gruns um kynferðisbrot. Hann játar að hafa brotið gegn ungum drengjum þar en auk þess hafa fórnlömb hans frá þeim tíma stigið fram.

1985 Einar Þór Agnarsson, einn þeirra sem Karl Vignir misnotaði á Kumbaravogi, fannst látinn í bíl við Daníels- slipp, aðeins 24 ára gamall. Einar var þá að vinna að blaðagrein um vistina á Kumbaravogi.

1988 Karl Vignir starfaði á Sólheimum þar sem hann hefur játar að hafa framið kynferðisbrot gegn tveimur vistmönnum. Annað brotið var kært og var hann látinn fara frá staðnum.

1994 Karl Vignir fékk þriggja mánaða skilorðsbundinn dóm fyrir kynferðisbrot sem hann framið gegn ungum dreng 1994.

2007 Elvar Jakobsson kærði Karl Vigni fyrir kynferðisbrot. Karl Vignir játar brot gegn Elvari og tveimur öðrum drengjum. Brotin voru fyrnd.

2007 DV greindi frá kynferðisbrotum Karls Vignis. Hann leitaði sér aðstoðar í kjölfarið.

2007 Lögum um kynferðisbrot var breytt þannig að brot gegn börnum undir 18 ára aldri fýrnast ekki nú. Fram að því fyrndust brot á tíu árum.

2009 Vistheimilanefnd tók út starfsemi Kumbaravogs þar sem taldar voru meiri líkur en minni á að hluti barnanna hefði orðið fyrir kynferðisofbeldi á meðan dvöl þeirra stóð. Áður hafði Karl Vignir játar brot sín gegn börnum á heimilinu.

2009 Erna Agnarssdóttir og María Haraldsdóttir fóru heim til Karls Vignis og tóku upp játningar hans.

2009 DV greindi frá því að blaðamaður sem vann að umfjöllun um Kumbaravog fékk líflátshótanir vegna þess.

2011 Karl Vignir fékk viðurkenningu fyrir sjálfboðaliðastörf fyrir Áskirkju. Áður hafði hann verið leystur frá sjálfboðaliðastörfum fyrir kirkjuna eftir umfjöllun DV árið 2007.

2011 DV birti umfjöllun um vistina á Kumbaravogi og kynferðisbrot Karl Vignis.

2012 Erna og María fara aftur heim til Karls Vignis, í þetta sinn með falda myndavél og fyrir Kastljós. Sagðist hann hafa brotið síðast gegn barni fyrir þremur eða fjórum árum.


2013 Kastljós birti upptöku af Karli Vigni þar sem hann játar að hafa brotið gegn 40–50 börnum. Í kjölfarið var hann sóttur af lögreglunni og færður til yfirheyrslu.

Það er leikvöllur og garður þarna beint fyrir aftan. Það ætti að henda þessum manni í sjóinn.

og ógeðfellt en á níunda áratugnum starfaði hann sem yfirmaður töskubera á Hótel Sögu, þar sem flestir undirmanna hans voru á þeim tíma drengir á unglingsaldri. Eftir nokkur ár var Karli vik- ið úr starfi á hótelinu þegar upp komst um kynferðisbrot hans gegn drengjunum.

Sagðist vera hættur árið 2012

Aðeins nokkrum dögum eftir sýningu Kastljósþáttarinnis í byrjun árs 2012 ræddi Karl Vignir við blaðamann DV um málið. Þar sagðist hann hættur að fremja kynferðisbrot gegn börnum en sagðist þó alltaf hafa vitað upp á sig sökina. „Ég á stuðningsmenn í ýmsum hópum. Vegna þess að ég kem hreint fram og segi að ég hafi gert rangt. Ég er búinn að biðja og biðja og biðja. Annars veit ég varla hvað ég segi, nema það að ég veit að þetta var rangt,“ sagði Karl í samtali við DV árið 2012. Upp komst um Karl þegar þolandi fór með falda myndavél á heimili hans fyrir Kastljós og



Erna og María komu upp um Karl Vigni árið 2012.

ræddi þar við hann. Var þetta upplifun hennar: „Ég held að honum hafi verið skítsama.“

Í kjölfarið bárust kærur á hendur honum vegna nýlegrí brota, sem leiddu til dómsins á haustmánuð-

um 2013. Þar var hann sakfelldur fyrir að nauðga þremur mönnum og fyrir vændiskaup með því að greiða tveimur þeirra fyrir samræðið. Karl Vignir greiddi mönnumum ýmist með áfengi, sigarettum, mat, strætisvagnamiðum eða peningum á bilinu 500 til 3000 fyrir hvert skipti. Brot gegn fjórða manningnum sem kærði á sama tíma var fyrnt.

Samkvæmt vottorðum sálfræðings á sínum tíma höfðu brotin haft alvarlegar afleiðingar fyrir þolendur þeirra.

Þá var þess getið að þolendurnir gætu átt sérstaklega erfitt með að komast yfir afleiðingar brotanna vegna fötlunar sinnar.

Í nóvember 2016 greindi Rúv frá því að Karl væri farinn að fá reglubundið dagsleyfi frá Litla-Hrauni. Málið vakti töluverða reiði í samfélaginu en leyfið gerði það að verkum að Karl var frjáls ferða sinna í einn dag í mánuði frá 7 að morgni til klukkan 22 að kvöldi sama dags.

Karl Vignir er nú laus allra mála og býr eins og áður segir í lítilli íbúð í nágrenni við Hlemm og veit ekki hvort hann sé betri maður. Það eigi eftir að koma í ljós. ■

ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA

SÍÐUSTU DAGAR ÚTSÖLUNNAR

180x200 cm

ÚTSÖLUVÉÐ
157.509 kr.

13.990 kr. *á mánuði með kreditkortaláni.
FULLT VÉÐ 225.013 kr.

160x200 cm

ÚTSÖLUVÉÐ
130.415 kr.

11.653 kr. *á mánuði með kreditkortaláni.
FULLT VÉÐ 186.306 kr.

140x200 cm

ÚTSÖLUVÉÐ
108.664 kr.

9.777 kr. *á mánuði með kreditkortaláni.
FULLT VÉÐ 155.233 kr.

KOMDU NÚNA!

30-60% AFSLÁTTUR 30-60%

rekkjan

HEILSURÚM

*12 mánaða vaxtalaus kreditkortalán**. Einnig hægt að greiða með Netgiró.

Rekkjan Heilsurúm | Ármúla 44 108 Reykjavík
588-1955 | rekkjan@rekkjan.is | rekkjan.is

HÖFUM OPNAÐ Á NÝJUM STAÐ AÐ HRAUNBÆ 102A



Á STAÐNUM



FYRIRTÆKI



VEISLUR



TAKE AWAY



HLAÐBORD



PERSÓNULEG ÞJÓNUSTA


RAKANG
THAI RESTAURANT

RAKANG THAI RESTAURANT - HRAUNBÆ 102A - SÍMI 571 3100
RAKANG.IS - RAKANG@RAKANG.IS

HMÍBEINNI

Happy
Hour

FRÁ
16-19



Blásteinn
MATBAR

KALDUR
Á KRANA

BLÁSTEINN 110 MATBAR - HRAUNBÆ 102A - SÍMI 571 3100
BLASTEINN.IS - BLASTEINN@BLASTEINN.IS

Ragna Gestsdóttir
ragna@dv.is



Pann 4. júní 2015 lagðist Hulda Hreiðarsdóttir til svefns, hún vaknaði aldrei aftur. Hulda var aðeins 32 ára, fædd 16. júlí 1982 og skildi hún eftir sig þrjú börn á aldrinum 9-15 ára og eiginmann. Útför Huldu fór fram á Kvenndaginn, 19. júní 2015. Hulda var eldhugi og frumkvöðull, sem hafði ríka þörf fyrir að skapa og heimur barna flétt aðist inn í allt hennar líf og starf. Vinir og ættingjar Huldu ákváðu að halda minningu hennar á lofti í þeim anda og núna þremur árum eftir andlát hennar hafa þeir stofnað frumleikafélagið Huldu og fyrsti viðburður félagsins er barnahátíð sem haldin verður í næstu viku í Grundargerðisgarði.

„Hulda var lífið, hlátur, sköpunarkraftur, frásagnagleði og framkvæmdahugur,“ segir Bryndís, systir Huldu, sú yngsta af fjórum systkinum.

„Með Frumleikafélaginu viljum við minnst hennar fyrir allt það góða og uppbyggilega sem hún var og gefa okkur leyfi til að rækta þessa eiginleika í okkur sjálfum, börnum okkar og okkar nánustu. Okkur langar að skapa tækifæri til þess með stórum sem smáum hittingum og viðburðum sem skora á okkur að fara út fyrir kassann, leika okkur í lífinu og njóta þess saman,“ segir Helga systir Huldu.

Verkefnið hlaut styrk frá hverfisjóði Háleitis og Bústaða og Frístundamiðstöð Kringlumýri hefur einnig stutt Frumleikana. Í umsókn um styrk til hverfisjóðsins segir: „Frumleikafélagið Hulda er óformlegt félag vina og ættingja Huldu, eldhuga og frumkvöðuls, fyrir bættum aðstæðum barna til leiks og þroska. Fráfall hennar var mikið áfall fyrir stóran hóp fólks sem teygði sig víða um heim. Fólk sem allmargt vinnur að bættum aðstæðum barna. Hulda setti mark sitt hvar sem hún kom við og má þar nefna frumkvöðlasamfélagið hér heima og skólaumhverfi barna sinna. Hún áorkaði miklu

Hulda varð bráðkvödd aðeins 32 ára gömul

Ástvinir blása til barnahátíðar í minningu hennar

- „Hulda var lífið, hlátur og sköpunarkraftur“
- Lét eftir sig eiginmann og þrjú börn



og er missir af þessari kröftugu ungu konu fyrir samfélagið allt.“

Fyrsti viðburður félagsins er barnahátíð

Þann 16. júlí 2018 hefði Hulda orðið 36 ára. Í tilefni dagsins stefnum við á að halda fyrstu Frumleika félagsins í þessu fallega hverfi, þar sem börnin hennar búa. Hægt er að finna upplýsingar um viðburðinn á sér-

stakri Facebook-síðu. Frumleikarnir verða barnamiðaður viðburður fyrir fjölskylduna alla sem miðar að því að taka þátt í leikjum og leysa óvenjulegar og furðulegar þrautir af ýmsum gerðum. Áhersla verður á að styrkja jákvæða sjálfmynd, æfa hugrekkið og æfa sig í að það er allt í góðu lagi að gera mistök. En umfram allt er áherslan á að hafa gaman.

Í hverju horni garðsins verður eitthvað skrítið og skemmtilegt til þess að skapa, prófa eða bara njóta. Til að mynda mun Gunnar Aðalsteinn, átta ára snillingur, kenna hátíðargestum að gera blöðrudýr og sirkusungmennni bjóða upp á æf-



ingarsvæði. Veitingar verða í anda slow food og allt vegan. Það verður boðið upp á drykki, grænmeti og ávexti og kveiktur varðeldur til þess að baka sér snúrubrauð á grein. Þeir sem vilja getað laumað sér inn á milli trjáanna og dillað sér í takt við tónlist. Jafnvel hitað þar upp fyrir boðhlaup eða reipitog.

„Von okkar í Frumleikafélaginu er að sem flestir komi, slaki á og skemmti sér vel. Allir eru hjartanlega velkomnir,“ segja þær systur.

Hulda hafði ríka þörf fyrir sköpun bæði í leik og starfi

Hulda ólst upp ásamt systkinum sínum í Reykjabyggð í Mosfellssveit og í næsta húsi bjó fjölskylda föðurbróður þeirra og var mikill samgangur á milli heimilanna. Mæður þeirra voru með saumastofu í bílskúrnum um tíma og feður þeirra voru iðnaðarmenn. „Öll eru þau með ríkt „do it yourself“-viðhorf til allra verka. Þetta hafði mótandi áhrif á Huldu og okkur öll. Hulda var ekki aðeins listræn, hún var einnig framkvæmdakona. Á meðan við strákarnir í götunni spiluðum fótbolta við strákana í næstu götu, skipulagði hún heila Ólympíuleika fyrir alla krakkana í hverfinu með verðlaunapeningum og alles,“ segir Arnar Ingi, bróðir Huldu.

Hulda hafði ríka þörf fyrir að standa á eigin fótum og henni lá á að komast út í lífið. 18 ára gömul var hún búin að stofna fjölskyldu og 26 ára var hún búin að klára háskólanám, eignast þrjú börn og leggja drögin að fyrirtækinu sínu,

„Hún gerði alltaf allt sjálf og lét ekkert aftra sér. Þannig var Hulda.“

FAFU. Fyrirtækið, sem var stofnað árið 2009, var hennar hugmynd og draumur sem varð að veruleika, vegna vinnusemi hennar, metnað og hæfileika. Árið 2012 var FAFU keypt af Tom Shea sem hafði vit á að fá Huldu til áframhaldandi starfa og starfaði hún innan nýja fyrirtækisins, FAFUNIA, sem „iminator“ til síðasta dags. Þeirra samstarf var mjög farsælt og hefur FAFU stækkað, þróast og dafnað með árunum. Hulda var því með annan fótinn í Bretlandi og breiddi út hugmyndafræði sína.

Hulda varðveitti alla tíð barnið í sér, leikgleðina, sköpunarkraftinn og lífsgleðina. Í minningargrein um systur sína, segir Arnar Ingi svo frá: „Eitt sinn er hana langaði í sólpall í garðinn, þá smíðaði hún hann sjálf án þess að hika. Hún hafði með dyggri aðstoð föður okkar gert upp bílskúrinn og breytt honum í vinnustofu og var nýbúin að kaupa sér fullt af verkfærum. Þar smíðaði hún prótótýpur af hönnun sinni. Hún gerði alltaf allt sjálf og lét ekkert aftra sér. Þannig var Hulda.“ ■

prima



Gefur þetta
EXTRA

Frábært á kjötið, í sósuna og ídýfunna



PARKETSLÍPUN MEISTARANS:

Ástriða, þekking og reynsla

Bestu fagmennirnir eru þeir sem hafa ástriðu fyrir sínu fagi. Parketslípun Meistarans er fyrirtæki sem rekið er af ástriðu fyrir því að skila framúrskarandi vinnu á sínu sviði og standa undir tilkomumiklu nafni fyrirtækisins. Parketslípun Meistarans sérhæfir sig í parketslípun, parketlögn-um, sólpallasmíði og ýmsum öðrum skyldum verkefnum, fyrir einstaklinga jafnt sem fyrirtæki.

Fáir, ef nokkrir, hafa lagt og slípað parket jafn víða og Parketslípun Meistarans en parketlögn og parketslípun er handverk sem krefst mikillar og stöðugar þjálfunar. Leggur fyrirtækið sig fram um að þjálfa og mennta sitt starfsfólk vel til þessara vandaðsömu verka.

Fyrirtækið tekur einnig að sér alla almenna smíðavinnu, þar á meðal smíði sólpalla, uppsetningu hurða, uppsetningu á eldhúsinnréttingum, sem og alla sérsníði. Gott lakk er afar mikilvægt og Parketslípun Meistarans notast aðeins við það besta á markaðnum, einnig hvað varðar parketefnið sjálft en fyrirtækið er með framúrskarandi parketvörur frá Bona og Junckers. Einnig býður fyrirtækið þetta góða parketefni til sölu á hagstæðu verði.

Parketslípun Meistarans hefur yfir að ráða fyrsta flokks tækjabúnaði, meðal annars beltavél, kantslípivél, hornavél, juðara, bónvél og öfluga sérhæfða ryksugu. Þessi tæki eru einnig boðin til útleigu á hagstæðu verði.

Parketslípun Meistarans ábyrgist vandaða vinnu við öll sín verkefni en veitir viðskiptavinum jafnframt gjaldfrjálsa ráðgjöf um val á parketi og frágang.

Nánari upplýsingar eru á vefsíðunni <https://parketslipunmeistarans.is/> og á Facebook-síðunni Parketslípun Meistarans. Einnig er gott að hafa samband við Adam í síma 7625668 eða senda fyrirspurn á netfangið parketslipun@parketslipunmeistarans.is hvort sem þú óskar eftir þjónustu, ráðgjöf, tækjaleigu eða kaupum á parketvörum.





Lög og reglur brotin í 10 ár

„EFTIRLIT HEFUR EKKI VERIÐ FULLNÆGJANDI“

■ Videómarkaðurinn veltir allt að milljarði á ári fyrir HHÍ ■ Tæplega 90 spilaskassar í rými fyrir 49 gesti

Bjartmar Oddur Þeyr Alexandersson
bjartmar@dv.is



Undanfarið hefur DV fjallað um málefni Videómarkaðsins í Hamraborg. Í umfjöllun blaðsins hef-

ur komið fram að sjoppan er með vínveitingaleyfi í flokki þrjú sem aðeins er ætlað umfangsmiklum áfengisveitingastöðum. Eigendur Videómarkaðarins hafa myljandi tekjur af spilakössum sem staðsettir eru í hliðarherbergi

sjoppunnar og er áður nefnt vínveitingaleyfi forsenda fyrir því að fyrirtækið fékk að reka tekjuhæstu spilakassana. Þá er ákveðinn ómöguleiki fólgin í því að Videómarkaðurinn hefur aðeins leyfi fyrir 49 „veitingahúsgesti“ en

rekur engu að síður tæplega 90 spilakassa.

Gögn málsins sýna með óbyggjandi hætti að eftirlitsaðilar hafa hreinlega brotið lög og reglur undanfarin tíu ár. Blaðamaður hefur freistað þess undanfarna

daga að fá skýr svör frá hinum ýmsu opinberu stofnunum varðandi leyfisveitinguna og hvernig eftirliti er háttað. Það hefur gengið erfiðlega svo ekki sé dýpra í árinni tekið.

Er um flutt í Faxafen 12

LOWE ALPINE BAKPOKI 18L
14.995 kr.



SALOMON PEYSA
15.995 kr.

SALOMON HLAUPAVESTI
19.995 kr.



SALOMON DERHÚFA
3.995 kr.



SALOMON MITTISTASKA
5.995 kr.



SALOMON SPEEDCROSS
18.995 kr.



Íslensku
ALPARNIR

Faxafen 12
108 Reykjavík

Sími 534 2727
alparnir.is

HREYFING • KRAFTUR • ÁNÆGJA

ERTU AÐ FLYTJA? VANTAR ÞIG SENDIBÍL?



Þú leigir hjá okkur sendibíl
í stærð sem hentar fyrir þig, með
eða án lyftu, og keyrir sjálfur.

**Hafðu samband í síma
566 5030 – Cargobilar.is**

CARGO
sendibíla-leiga

566 5030
www.cargobilar.is

Högnuðust um 207 milljónir vegna fjárhættuspila

Á dögunum óskaði Sigurbjörg Erla Egilsdóttir, bæjarfulltrúi Pírata í Kópavogsbæ, eftir upplýsingum frá bænum varðandi málið. Spurði Sigurbjörg hvernig það hafi getað viðgengið að stofnanir bæjarins, eins og heilbrigðiseftirlit og byggingarfulltrúi, hafi ekki gefið réttar upplýsingar til bæjarráðs þegar um-sagnarbeiðni Vídeómarkaðsins um vinnveitingaleyfi hefur verið lögð aftur og aftur fyrir bæjarráð. Síðustu tíu ár hefur bæjarráð Kópavogs alltaf gefið jákvæða umsögn vegna umsóknar Vídeómarkaðsins án athugasemda.

DV hafði samband við Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóra Kópavogs, vegna málsins. Upplýsti Ármann blaðamann um að bæði byggingarfulltrúi Kópavogsbæjar og forstjóri heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar og Kópavogsbæjar hafi komið á fund bæjarráðs til að útskýra mál sitt. Ekki væri þó hægt að gefa upp hvað kom fram á fundinum þar sem trúnaður gildir um bæjarráðsfundi. Aðspurður hvort honum þætti eðlilegt að reknir séu staðir eins og Vídeómarkaðurinn í Kópavogi, sem selja áfengi og börn geta heimsótt án takmarkana, sagði hann: „Mér finnst það ekki fara saman.“ Samkvæmt bestu vitund blaðamanns er Kópavogur eina sveitarfélagið í landinu þar sem sjoppa sem selur eingöngu pylsur er með vinnveitingaleyfi í flokki þrjú.

Eins og hefur áður komið fram í umfjöllun DV um málið hefur komið í ljós að bæði Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar og Kópavogs, ásamt byggingarfulltrúa Kópavogs hafi brotið lög og reglur þegar kom að umsagnarferli Vídeómarkaðsins um umsókn þeirra fyrir vinnveitingaleyfi. Ástæðan

fyrir því að þessi gamla vídeóleiga þarf vinnveitingaleyfi er sú að með því leyfi geta þeir séð um rekstur spilakassa. Virðist sá rekstur ganga ágætlega og höfðu eigendur



Sigurbjörg Erla Egilsdóttir, bæjarfulltrúi.

Vídeómarkaðsins vel upp úr kraftinu. Högnuðust þeir um 207 milljónir króna á árunum 2015 og 2016 vegna fjárhættuspila. Í því samhengi er rétt að geta þess að Hanna Sigurðardóttir, sem á 50% hlut í Vídeómarkaðnum ehf., er einnig starfsmaður á bæjarskrifstofu Kópavogsbæjar.

Engar athugasemdir til sýslumanns

Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu sér um útgáfu vinnveitingaleyfa í Kópavogi og safnar saman gögnum frá umsagnaraðilum eins og Heilbrigðiseftirlitinu, byggingarfulltrúa, bæjarráði, lögreglu, vinnueftirlitinu og slökkviliðinu. DV hafði samband við Sigurð G. Hafstað fagstjóra hjá þinglýsinga- og leyfissviði hjá Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu sem sér um að gefa út leyfin og spurði hann út í málið.

„Eftirlitsaðilar skulu tilkynna leyfisveitanda um alvarlegar athugasemdir sem þeir kunna að gera við rekstur leyfishafa og annað sem er tilefni athugasemda af þeirra hálfu við starfsemi og áhrif

kann að hafa á rekstrarleyfið.“ Hann staðfestir að sýslumannsembættið hafi ekki fengið neinar athugasemdir varðandi vinnveitingaleyfi Vídeómarkaðsins og segir: „Síðan umrætt leyfi var endurnýjað hefur leyfisveitanda ekki borist nein gögn frá eftirlits- eða umsagnaraðilum sem tengjast athugasemdum um rekstur staðarins eða hnekk geta efni fyririrgigjandi umsagna.“

„Já, það eru einhverjar pylsur og eitthvað svoleiðis“

Lögreglan á Höfuðborgarsvæðinu fer með eftirlit á starfsemi Vídeómarkaðsins samkvæmt lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. Í umsögn sinni vegna leyfis Vídeómarkaðsins á sínum tíma gerði lögreglan engar athugasemdir og hefur ekki gert athugasemdir við rekstur eins stærsta spilakassasalar á landinu undanfarin tíu ár. Það er þrátt fyrir að gögn sýni fram á að staðurinn hefur aldrei uppfyllt kröfu laganna öll þau tíu ár sem Vídeómarkaðurinn hefur verið með vinnveitingaleyfið.

DV hafði samband við Lögregluna á höfuðborgarsvæðinu til að fá svör við því hvers vegna lögreglan hafi ekki tekið eftir þeim augljósu brotum sem eiga sér þar stað í hvert skipti sem þeir gerðu út staðinn og skiluðu jákvæðri umsögn til sýslumannsins. Í samtali við DV staðfesti



Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri Kópavogs.

Gunnar Hilmarsson aðalvarðstjóri að hann hafi farið í eftirlitsferð eftir að DV birti frétt um að unglingar gátu keypt áfengi í Vídeómarkaðnum og tekið með sér. Blaðamaður spurði hann þá hvort hann teldi að staðurinn uppfyllti skilyrði laganna um að flokkast sem vinnveitingastaður svaraði hann: „Já, þeir gera það að mínu viti“. Samkvæmt lögnum er gerð sú krafa að til þess að staður sé skilgreindur sem veitingastaður þarf hann að vera með fjölbreyttar veitingar í mat og drykk og fulla þjónustu og auk þess þarf að vera starfandi maður með fullnægjandi þekkingu í framleiðslu. Þegar blaðamaður spurði aðalvarðstjóran hvort staðurinn uppfyllti þá skilgreiningu svaraði hann: „Nei ég hef svo sem... já, það eru einhverjar pylsur og eitthvað svoleiðis sem þeir eru að búa til þarna, það er víða þannig. Það er ekki matreiðslumaður starfandi þarna.“

Velta hálfum milljarði fyrir HHÍ

Happdrætti Háskóla Íslands á 52 spilakassa af þeim rúmlega 90 kössum sem eru á Vídeómarkaðnum. Sú tala er nokkuð undarleg í ljósi þess að samkvæmt leyfi frá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins mega eingöngu 49 manns vera í húsnæðinu á hverjum tíma. Um mikilvægt viðskiptasamband er að ræða þar sem Vídeómarkaðurinn veltir gríðarlegum fjárhæðum fyrir HHÍ. Alls velta spilakassar um 9 milljörðum á ári hjá HHÍ en Vídeómarkaðurinn er með um

10% allra spilakassa sem starfræktir eru. Veltan gæti því verið allt að einn milljarður á ári og hagnatbáðir aðilar vel. Bryndís Hrafnkelsdóttir, forstjóri HHÍ, viðurkendi í samtali við blaðamenn að það „hljómaði illa“ að mun fleiri spilakassar væru í rekstri hjá Vídeómarkaðinum en rúmast þar innandyra samkvæmt leyfum.

Þegar Bryndís var spurð hvernig það gæti verið að Happdrætti Háskóla Íslands og starfsmenn fyrirtækisins hafi aldrei tekið eftir því undanfarin áratug að einn stærsti umboðsaðili þeirra uppfyllti ekki kröfur sem gerðar eru til staða sem geta verið með spilakassa frá þeim sagði hún: „Ekki þarna í Vídeómarkaðnum, nei. Ég bara viðurkenni það að ég hef ekki haft hugmynd um að það gæti mögulega verið.“

Staðfesti hún við blaðamann að hún sem forstjóri Happdrættis Háskóla Íslands hafi margsinnis farið að skoða Vídeómarkaðinn sjálf. Aðspurð hvort að hún hefði ekki átt að sjá að ólíklegt væri að staðurinn uppfyllti skilyrði laganna sagði hún: „Ég þarf bara að skoða þetta mál, það er ekki flóknara en það.“

Passa fyrst og fremst aldurstakmarkanir

Þegar Bryndís var spurð út í hver eftirlitsskylda Happdrættis Háskóla Íslands væri gagnvart sínum umboðsmönnum sagði hún í tölvupósti að Sýslumaðurinn á

Ekki þarna í Vídeómarkaðnum, nei. Ég bara viðurkenni það að ég hef ekki haft hugmynd um að það gæti mögulega verið.“

Suðurlandi sæi alfarið um eftirlit með öllum spilakössum á landinu. Þegar blaðamaður benti henni á að það væri nú ákveðin eftirlitsskylda sem fyrirtæki hennar hefði gagnvart sínum umboðsmönnum svaraði hún: „Til dæmis með aldurstakmörkin það er það sem við pössum.“ Þegar blaðamaður benti henni á að ekkert aldurstakmark gildi til að fara inn í sölu-turninn Vídeómarkaðinn svaraði hún um hæl: „Víst er aldurstakmark inn á Vídeómarkaðinn. Það eru fleiri staðir til þar sem þú þarft að labba í gegnum einhverja sjoppu, ég man ekki hvort það voru Íslandsspil sem voru með þannig stað og það hefur verið horft fram hjá því. Þetta hefur allavega verið viðurkennt. Hver er að stoppa þetta? Þetta hefur verið með þessum hætti síðan 1994.“

Bryndís var svo spurð í lokin hvort Happdrætti Háskóla Íslands ætli að bregðast við þessum ábendingum sem hafa komið fram í fjölmiðlum og í hverju þau viðbrögð felast, sagði hún: „Ég ætla að láta skoða þetta.“

„Eftirlit hefur ekki verið fullnægjandi“

DV hafði enn fremur samband við Sýslumanninn á Suðurlandi, sem samkvæmt lögum á að sjá um eftirlit með öllum spilakössum á landinu, og spurði hvernig eftirlitinu væri háttað. Í samtali við Kristínu Þórðardóttur, settan sýslumann á Suðurlandi, sagði hún: „Hins vegar skal ekki dregin fjöður



Bryndís Hrafnkelsdóttir

yfir það að eftirlit hefur ekki verið fullnægjandi. Til þess skortir embættið fjárheimildir. Til þess að halda uppi virku eftirliti þarf fjármagn. Eins er orðið tímaþætt að heildarendurskoðun fari fram á löggjöfinni í málaflöknum.“

Svo virðist sem eftirlit með spilakössum á Íslandi, sem velta um 9 milljörðum á ári, sé lítið sem ekkert og keppast aðilar við að benda á hvorn annan þegar kemur að því að fá svör varðandi leyfisveitingar og eftirlit. ■

HAGBLIKK

Brotna ekki

Ryðga ekki

Álpakrennur & niðurföll

Litir á lager:

Svart, hvítt, ólitað, rautt, silvurgrátt og dökkrautt

Smiðjuvegur 4C - 202 Kópavogur - S 587 2202

– Frábær heimilismatur í hádeginu –



HÁDEGISMATUR ALLA VIRKA DAGA

milli kl. 11.30 og 13.30

Komið til okkar eða við sendum til ykkar

SENDUM Í FYRIRTÆKI STÓR OG SMÁ

Opið virka daga 07.30- 15.00. Laugardag 09.00-14.00




KÆNAN
VEITINGASTOFA

Kænan Óseyrarbraut 2 220 Hafnarfjörður. Sími 5651550. www.kaenan.is info@kaenan.is

#éggstyð

ljósmæður



Súðurlandsbraut 14
2. hæð
108 Reykjavík

FRÉTTASKOT
512 7070
ABENDING@DV.IS

Útgáfufélag: Frjáls fjölmiðun ehf. Stjórnarformaður: Sigurður G. Guðjónsson
Frákvæmdastjóri: Karl Garðarsson Adalritstjóri og ábyrgðarmaður: Kristjón Kormákur Guðjónsson
Aðstoðarritstjóri: Einar Þór Sigurðsson Prentun: Landsprent Dreifing: Árvakur

DV áskilur sér rétt til að birta adsent efni blaðsins á stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. Öll viðtöl blaðsins eru hljóðrituð. Notkun á efni blaðsins er óheimil án samþykkis.

Aðalnúmer: 512 7000
Auglýsingar: 512 7050
Ritstjórn: 512 7010

Sandkorn

Brynjar friðþægir RÚV-andstæðinga

Brynjar Niésson hefur tekið sér það hlutverk að friðþægja þær raddir af hægri vængnum sem harðast berast gegn Ríkisútvarpinu. Öllum er ljóst að RÚV verður ekki lagt niður, til þess er enginn vilji meðal samstarfsflokka í ríkisstjórn og sennilega flestra annarra þingmanna flokksins. Samkvæmt nýlegri könnun eru 74 prósent landsmanna jákvæð í garð RÚV og hefur jákvæðnin ekki verið meiri í tólf ár. Á landsfundi Sjálfstæðismanna í mars var samþykkt að endurskoða og þrengja hlutverk RÚV, taka það af auglýsingamarkaði en ekki leggja niður. Þeir sem vilja leggja RÚV niður eru þó háværir og Sjálfstæðismenn vilja því ekki fæla þá alla í burtu. Þess vegna er nauðsynlegt fyrir flokkinn að hafa mann innanborðs sem talar fyrir þessum sjónarmiðum án þess að gera neitt í því eins og komið hefur fram í útvarpsviðtali.



VG fær vigt

Innan ríkisstjórnarinnar er nú reynt að lægja öldur og gefa sjónarmiðum Vinstri Grænna meiri vigt. Í júní var ákveðið að fresta ákvörðun um lækkun veiðigjalda sem var flokknum mjög erfið og nú gæti farið svo að deilan um Hvalárvirkun yrði leyst með friðlýsingu. Þetta yrðu tveir góðir sigrar fyrir Vinstri Græn og þó að fylgi þeirra myndi hugsanlega minnka á landsbyggðinni þá myndi það eflast á höfuðborgarsvæðinu þar sem flokkurinn fékk slæma útreið í nýliðnum sveitarstjórnarkosningum. Sótt hefur verið að ríkisstjórninni og sérstaklega Vinstri Grænum sem hafa þurft að gefa eftir í mörgum málum. Breið stjórn var draumur margra en strax kvarnaðist úr stjórnarlíðinu við myndun hennar þegar Rósa Björk og Andrés Ingi sögðust ekki styðja hana. Að minnsta kosti einn annar þingmaður Vinstri Grænna er hugsý yfir stöðunni og tvisýnt er um stöðu Páls Magnússonar hjá Sjálfstæðisflokknum. Ef þeir færu út væri stjórnin fallin.



ÉG GEFST UPP

Leiðari

Björn Þorfinnsson
bjornth@dv.is



Ég hef alltaf staðið í þeirri meiningu að veðurfar hérlandis hafi engin sérstök áhrif á mig. Vissulega er mér stundum kalt, af og til verð ég hundblautur og ég fyrirlít reyndar slabb. Slabb er holdgervingur alls þess versta sem fyrirfinnst í veröldinni. En ég læt mig alltaf hafa þetta. Berst áfram og er við þessu öllu búinn. Veit að ég get klætt veðrið af mér þó að ég geri það sjaldnast.

Núna verð ég þó að viðurkenna að mér öllum lokið. Það er kalt úti, grátt, blautt og ömurlegt. Það hefur áhrif á mig og ég get ekki meira. Veðurguðirnir eru formlega búnir að láta lýsa mig andlega gjaldþrota. Engin gleði finnst í þrotabúinu.

Á mánudaginn næsta koma spænskir vinir okkar hjóna í tveggja vikna heimsókn. Þau búa nærri Alicante, þangað sem örvingingafullir Íslendingar flýja



daglega á náðir sólargeislanna. Þau eru ekki mjög skipulögð heldur hvatvísir lífskúntnerar sem taka því sem að höndum ber. Þau hafa því ekkert spurt út í veðrið á Íslandi, gera bara ráð fyrir því að það verði bjart og nokkuð notalegt. Þau ætla að valhoppa um höfuðborgina og njóta lífsins. Við

höfum ekki afborið að segja þeim sannleikann og láta þau vita hvað sé í vændum.

Alltaf vonaðist maður til þess að ástandið myndi batna en nú virðist útséð með það. Veðrið verður ömurlegt næstu vikur. Við urðum því loks að færa vinum okkar hin válegu tíðindi og hvetja þau til að taka með

hlý föt fyrir sig og barnunga syni sína tvo. Þá var nóturleg veðurfarsleg tilvist okkar Íslands opinberuð enn frekar fyrir mér. Spænsku vinir okkar eiga einfaldlega ekki hlý föt. Ekki úlpur, ekki húfur og það er ekki sjéns að þau hafi nokkru sinni þurft að kaupa sér vettlinga. Af hverju búum við hérna? ■

MEÐ OG Á MÓTI LAUNAKRÖFUR LJÓSMÆÐRA

Sara Oskarsson, varapingmaður Pírata

Verða ljósmæður fórnarkostnaður fyrir ímyndaðan stöðugleika á vinnuarkaði? Stöðugleika sem var gjörsprengdur af kjararáði þegar ráðamenn þjóðarinnar þáðu glóruleisa launahækkun fyrir skemmstu.

Kröfur ljósmæðra eru hverfandi miðað við þær hækkningar sem sést hafa hjá ört stækkandi hópi fólks í fjármálageiranum og stjórnunarstöðum. (Undir formerkjum þess að mæta þurfi launum stjórnenda erlendis. Það er þvæla; það er engin eftirspurn eftir íslenskum stjórnendum í útlöndum).

Kerfisbundið virðist ekki hægt að leiðrétta kjör kvennastétta á Íslandi.

Hræsni ráðamanna er algjör í ljósi þess að þeir vísa reglulega í ræðu og riti um hið meinta góðæri nútímans. Góðæri undir forystu VG en þrátt fyrir það er hurðinni skellt framan í kvennastétt!



MEÐ

Er það í nafni löngu sprengds stöðugleika eða áframhaldandi stefnu í átt að einkarekstri innan heilbrigðiskerfisins?

Hvað er það í raun og sann sem veldur því að ráðamenn þjóðarinnar hvæsa nú framan í ljósmæður, á meðan að þeir leppa sjálfir rjómann?"

Páll Vilhjálmsson, kennari og bloggari

Ljósmæður eru ekki öreigar.

Á mánuði eru ljósmæður með 850 þúsund krónur í heildarlaun. Meðalheildarlaun ASÍ-félaga eru um 700 þúsund krónur á mánuði. Ástæðan fyrir því að ljósmæður eru á hærri launum er sérmenntun.

Sérmenntun sína fá ljósmæður á kostnað ríkisins. Á meðan þær eru í námi standa þeim til boða niðurgreidd lán til framfærslu – líka á kostnað ríkisins.

Í ólögum kjarabaráttu, samþanber hópuppsagnir, skreyta ljósmæður sig fatnaði með áletruninni „eign ríkisins“.

Við erum öll eign ríkisins. Til ríkisins greiðum við skatt og fáum margvíslegt á móti, til dæmis ókeypis menntun, heilbrigðisþjónustu og vernd laga og lögreglu fyrir lífi okkar og eignum. Ljósmæður telja sig óbundnar af þessum samningi ríkis og þegna og hafa hann í flimtingum.




Á MÓTI

Allur þorri ríkisstarfsmanna skrifaði undir kjaravæðingunni á 10 prósent launahækkun. Ljósmæður setja sig ofar öðrum ríkisstarfsmönnum. Þær eru sérfræðistétt að springa úr frekju."

Spurning vikunnar

Á að leyfa erlendum auðmönnum að kaupa íslenskar jarðir?



„Nei. Mér finnst að þær eigi að vera í höndum Íslendinga.“

Gerður Hafsteinsdóttir



„Nei. Þetta er Ísland. Íslendingar eiga að hafa réttinn.“

Guðmundur Jónsson




„Ef ég á að vera heiðarleg þá hef ég ekki næga þekkingu til að svara þessari spurningu nógu vel.“

Sunneva Tómasdóttir



„Nei, helst ekki. Mér finnst að þær eigi að vera í höndum Íslendinga.“

Bjarni Runólfsson



Normx ehf. hefur sett framleiðslu sína á smáhýsum í sérstakt fyrirtæki sem hlotið hefur nafnið Húseining ehf. Húseining mun framleiða smáhýsi, sumarhús og einbýlishús í nýrri verksmiðju að Hraunholti 1. Vogum. Kynnið ykkur framleiðsluvörur okkar á vef fyrirtækisins: www.huseining.is

Við framleiðum:

Smáhýsi frá 14,99 - 39,9 m²

Sumarhús frá 67 - 111 m²

Einbýlishús frá 161 - 400 m²

Smart Einbýli 73 m²

Parhús frá 200 - 333 m²

Raðhús frá 55 - 120 m²

Forsteypta sökkl

Verð og gæði í fyrirrúmi, íslensk framleiðsla.



Húseining ehf. Hraunholti 1, 190 Vogum. Símar 770-5144 og 787-5144.
www.huseining.is kjartan@huseining.is soffia@huseining.is





„Hefði viljað takast á við hrúnið“

Haldór Blöndal var lengi vel einn af mest áberandi stjórnámönnum landsins. Hann var landbúnaðar- og samgönguráðherra í fjögur ár, síðan samgönguráðherra í önnur fjögur ár og þingforseti í sex. Hann var þekktur fyrir sitt alþýðlega fas og hagnælsku en gat einnig verið beittur þegar á þurfti að halda. Kristinn ræddi við Haldór um uppvaxtarárin, árin í hvalstöðinni, stjórnálin og hvað hann hefur verið að bralla síðan þingmennskunni lauk.

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is



Haldór er af hinni þekktu Engeyingaætt í móðurlegg. Móðir hans var Kristjana Benediktsdóttir, systir Bjarna Benediktssonar, forsætisráðherra úr Viðreisnarstjórninni. Faðir hans var Lárus Blöndal, bókavörður Landsbókasafnsins. Hann er alinn upp í Reykjavík, á

Laugavegi 66, sem var eitt af óðulum Engeyinga eftir að þeir fluttu í land. Haldór segir:

„Þann 6. apríl árið 1906 strandaði þilskipið Ingvar á grynningunum milli Viðeyjar og Laugarness í ofsavæðri og 20 manns létust. Tyrtingur sem stýrði bátinum var bróðir Bjarna Magnússonar sem ég kallaði afa minn afa. Hann var seinni maður langömmu minnar Ragnhildar Ólafsdóttur. Slysið hafði svo

mikil áhrif á Engeyinga svo að þeir undu ekki í eyggi en fluttu í land og keyptu bæði Laugaveg 18 og 66. Þar var ég alinn upp í þeim fjölskyldugarði sem þar var.“

Þetta var mikið menningarheimili og íslenskuheimili og ekki að furða að Haldór sé hagrörðingur. Lárus var magister í íslensku og hlaut meðal annars fálkaorðuna fyrir störf sín og móðurafi Haldórs, Benedikt Sveins-

son, gaf út Íslendingasögurnar. Haldór segist sjálf sagt hafa verið ágætisdrengur en ekki var hann hneigður til skólagöngu.

„Þegar ég fór í menntaskólann þá féll ég í þriðja bekk hér syðra. Móðir mín hafði dáið þá um veturinn, en amma mín, Guðrún Pétursdóttir, taldi að Þórarinn Björnsson skólameistari á Akureyri gæti komið mér til manns. Þess vegna var ég sendur norður.“

Það hefur verið mikið áfall fyrir ungan dreng?

„Já, þú getur rétt ímyndað þér,“ segir Haldór. „Það er auðvitað mikið áfall að missa móður sína, það þarf ekkert að ræða það. Hún átti fimm börn og það yngsta barnungt sem var mjög sárt. Móðir mín var lengi veik af krabbameini. Það var tekið af henni brjóstið og okkur var gefin von um að það hefði komist fyrir krabbann en síðan

tók hann sig upp aftur og þá réðist ekki neitt við neitt.“

Hafði þetta áhrif á þína skólagöngu?

„Ég ætla nú ekkert að kenna því um, ég bara stóð mig ekki nógu vel. Ég var ungur en fékk mér í staupinu, lærði ekki og var að spekulera í öðrum hlutum. En ég var ekkert að hugsa um hvað ég vildi verða í framtíðinni.“

Námsárangurinn batnaði ekki fyrir norðan en hann minnst þeirra ára hins vegar með hlýju. Þar kynntist hann góðum vinum og Renötu Kristjánsdóttur, fyrrverandi eiginkonu sinni, sem hann eignaðist tvær dætur með en þau skildu árið 1967.

Haldór hafði ungur áhuga á stjórnálinum og í sinni skólagöngu tók hann virkan þátt í málfundum. Hann fylgdi Sjálfstæðisflokknum að málum og gekk í Heimdall en



MYNDRHANNA

Það er auðvitað mikið áfall að missa móður sína.

Ég varð reynslunni ríkari og myndi segja að ég hafi orðið að manni í hvalstöðinni.

sat eigi að síður stofnfund Þjóðvarnarflokksins. Hvernig stóð á því?

„Eldri bræður okkar Ragnars Arnalds voru þá að stofna bandalag ungra Þjóðvarnarmanna og slagur var um formanninn. Þeir báðu okkur Ragnar að skrá okkur til að veita þeirra manni stuðning. Þetta endaði á því að við sátum stofnfund Þjóðvarnarflokksins en lengra náði sú saga ekki því að ég var ekki á mótí varnarliðinu, ég gerði þetta fyrir stóra bróður.“

Halldór og Ragnar voru skóla-

bræður í Laugarnesskólanum og þar stofnuðu þeir stjórnmalaklúbb með Styrmí Gunnarssyni, Magnúsi Jónssyni og Jóni Baldvini Hannibalssyni. Þeir héldu fundi heima hjá Ragnari á Sundlaugarvegi 26 og deildu um pólitík og bókmenntir.

„Það eru enn þá til gamlar fundargerðir frá þessum árum. Þessi hópur hefur haldið saman allar götur síðan en Magnús er látinn, en við hinir höfum haldið hópinn allar götur síðan ásamt Sveini R. Eyjólfssyni sem ekki var eins pólitískur og við hinir“. Þetta er samrýmdur hópur.“

Prengist um þá sem veiða hval
Saga hvalveiða við Íslandsstrendur nær langt aftur í aldir en lengst af voru það útlendingar sem sáu um stórhvalveiðar. Þessar veiðar voru bannaðar árið 1913 en leyfð-

ar á ný á fjórða áratugnum en voru þá í höndum Íslendinga sjálfra. Í upphafi gengu veiðarnar illa en á sjötta áratugnum hófst gullöld íslenskra hvalveiða. Það var einmitt á þeim tíma sem Halldór hóf að starfa í Hvalfjarðarstöðinni.

Fyrsta vertíðin sem Halldór fór á var árið 1954 en þá var hann aðeins fimmtán ára gamall vinsugutti. Alls fór hann á fjórtán vertíðir næstu tuttugu árin og síðustu árin starfaði hann sem hvalskurðarmaður og flensari.

„Ég varð reynslunni ríkari og myndi segja að ég hafi orðið að manni í hvalstöðinni. Þetta var erfiðisvinna unnin á vöktum og auðvitað mismikið eftir því sem veiddist. En við vildum vinna mikið. - við vorum komnir þangað til að þéna peninga. Það var mikið upp úr þessu að hafa.“

Halldór segir að passað hafi ver-

ðið upp á að afurðirnar nýttust sem best. Þess vegna máttu bátarnir ekki koma inn nema með tvær langreyðar í einu og ef ég man rétt urðu bátarnir að koma í land innna 20 tíma frá því þær voru skotnar. Fyrstu árin var megnið af kjötinu selt sem hundafóður til Bretlands nema af minnstu hvölnum. Af þeim voru bestu bitarnir teknir og seldir hér heima. Þetta kjöt þótti herramannsmatur og seldist jafnharðan. Síðan bönnuðu Englendingar innflutning á hvalafurðum en þá fundust markaðir í Japan.

Japanir sendu menn upp hingad til að kenna okkur verkun og meðhöndlun á hvalkjötinu. Þeir nýttu hvalinn miklu betur en við. Það er til marks um það að aftasti bitinn á hvalnum aftur við sporðinn er kallaður „tail-meat“ og Japönnum þykir hann því betri sem

hann er feitari svo að lýsið rennur úr honum. Við Íslendingarnir vildum ekki sjá hann og fleygðum honum í pottana. Sagt var að kíló-ið af „tail-meati“ kosti jafnmikið og lítri af wisky, - það skildum við. Og merkilegt nokk! „Tail-meat“ er mjög gott hrátt og borðað með HP-sósu.

Svo borða Japanir hvalgarnir. Ekki treysti ég mér til að velja þær, en einhvern tíma gátum við flensarnir ekki stillt okkur um að smakka á þeim, - stungum þeim ofan í fötu og suðum á planinu. Og þær smökkuðust vel, líkastar kjúkling.“

Á áttunda áratugnum fóru gagnrýnisraddir gegn hvalveiðum að verða háværar og lauk því með banni árið 1986. Halldór hefur lengi verið einn af dyggustu stuðningsmönnum þess að hvalveiðar séu leyfðar og segir að það verði alltaf til þeir sem séu á mótí.

„Við veltum vöngum yfir því hversu lengi hvalveiðar yrðu leyfðar hér. Það var mjög skrýtið hvernig staðið var að banninu á sínum tíma og rökin ekki fyrir því. En ég er mjög fylgjandi því að fylgst sé með hvalastofnunum, rétt eins og fiskistofnunum, út frá langtímasjónarmiðum. Ég geri mér hins vegar grein fyrir því að það þrengist um þá sem veiða hval hér við land, hvort sem það er hrefna eða stórhveli.“

Getur orðið sátt um veiðarnar og geta þær verið arðbærar?

„Þær eru arðbærar, annars væru menn ekki að standa í þessu. Það er hins vegar hópur sem gerir allt í sínu valdi til að ófrægja hvalveiðar. Svo er tvískinnungur í þessu. Erum við ekki frumbyggjar og veiðarnar þá frumbyggjaveiðar? Eða eru þeir bara til í Ameríku?“

Hefur setið þingsflokksfundir síðan 1961

Á þessum árum starfaði Halldór við ýmislegt. Hann var kennari, vann við endurskoðun og var blaðamaður hjá Morgunblaðinu. Hjá Morgunblaðinu sat hann sinn fyrsta þingsflokksfund Sjálfstæðisflokksins árið 1961 hjá Ólafi Thors og hefur hann setið á öllum þingum síðan ef undanskilið er árið 1978.

Núverandi eiginkonu sinni, Krístrúnu Eymundsdóttur sem þá var kennari í Verzlunarskólanum, giftist hann árið 1969 en hann hafði þekkt hana frá barnæsku þar sem hún bjó einnig á Laugaveginum. Tveimur árum síðar eignuðust þau saman son.

Árið 1971 var hann beðinn um að gefa kost á sér til Alþingiskosninga og varð hann við því. Allan áttunda áratuginn var hann varapringmaður og kom inn flest þing. Hann var mjög nálægt því að vera kjörinn árið 1974 og loks landskjörinn árið 1979. Halldór sat fyrir Norðurlandskjördæmi eystra og sætinu sleppti hann ekki fyrir en árið 2007.

Halldór gegndi ýmsum stöðum á þingi og sat í Evrópuráði. Þegar Davíð Oddsson myndaði Viðeyjarstjórnina með Jóni Baldvini varð Halldór landbúnaðar- og samgönguráðherra. Í stjórn Davíðs og Halldórs Ásgrímssonar missti Halldór landbúnaðarráðuneytið en hélt samgöngumálunum og þar varð hann mjög áberandi enda voru stór mál í deigluinni. Landið var að netvæðast, Póstur og sími aðskildir og göngin undir Hvalfjörðu opnuð.

Hverju ertu stoltastur af?

„Af mörgum málum sem ég kom að er ég stoltastur af Háskólanum á Akureyri en það var mjög erfiður róður. Ég var ▶



yfir háskólanefndinni og Sverrir Hermannsson var þá menntamálaráðherra. Sverrir vildi að sjávarútvegsfræði yrði kennd fyrir norðan, við gerðum okkur grein fyrir að viðskiptafræði yrði að vera kennd og svo vildi Gauti Arnþórsson lækni að hjúkrunarfræðideild yrði stofnuð. Við börðumst fyrir þessu en andstaðan var mikil. Sem dæmi líkti einn þingmaður Alþýðuflokksins skólanum við minkabú. Það var á síðasta snúningi við gerð fjárlaga sem ég náði að koma þessu í gegn eftir samtal við þáverandi fjármálaráðherra, Þorstein Pálsson, í anddyri þing-

flokksherbergisins.“

Af öðrum málum sem Halldór er ánægðastur með eru Ólafsfjarðargöngin. „Þetta stóð mjög tæpt. Árið 1988 féllu miklar aurskiður niður að byggðinni á Ólafsfirði. Þorsteinn Pálsson, sem þá var forsætisráðherra, kom norður og sannfærðist um, að tafarlaust yrði að byrja á göngunum og það var síðan samþykkt á síðasta eða næstsíðasta fundi þeirrar ríkisstjórnar, áður en hún féll. Meðal vinstri flokkanna var lítill áhugi fyrir þessari fram-

Félagsmálaráðherra harðlega gagnrýndur



kvæmd, sem von var. Þeir litu á Ólafsfjörð sem sterkasta vígi Sjálfstæðisflokksins“

Önnur og þekktari göng voru opnuð í tíð Halldórs sem samgönguráðherra, Hvalfjarðargöngin. En síðastliðin miðvikudag voru nákvæmlega tuttugu ár síðan þau voru opnuð fyrir bílaumferð. Halldór gangsetti síðustu sprenginguna og keyrði fyrstur í gegn.

„Steingrímur J. Sigfússon, þáverandi samgönguráðherra, hafði náð í gegn lögum um einkaframkvæmd á gerð Hvalfjarðarganga og ég tók við því kefli. Það var samt erfitt að ná því máli í gegn. Ýmsir voru á móti því og ég vil ekki gera þeim til háðungar að rifja það upp.“

Árin 1980 til 1983 klofnaði Sjálfstæðisflokkurinn og stuðningsmenn Gunnars Thoroddsónar fóru í ríkisstjórn en stuðningsmenn formannsins, Geirs Hallgrímssonar, voru í andstöðu. Halldór segist vitaskuld hafa staðið meir Geir en að þetta hafi verið erfiðir tímar í flokknum og reynt á vin-

skap. „Við Pálmi Jónsson höfðum verið mjög nánir en hann varð ráðherra í þessari stjórn með Gunnari. Skýringin á þessari stjórn var taumlaus metnaður Gunnars til að verða forsætisráðherra og hann hafði mjög þéttan hóp með sér. Ugglaust slitnaði vinskapur milli einhverra en ekki allra.“

Var erfitt að setta menn eftir þetta?

„Við urðum nú vildarvinir aftur ég og Pálmi Jónsson, og vináttan rofnaði aldrei allveg. En auðvitað var

þetta erfitt. Þessi klofningur sem er í gangi núna, með Viðreisn, er af allt öðrum meiði. Milli okkar var ekki djúp gjá í skoðunum. Friðjón Þórðarson var sá eini úr stjórninni sem kom á þingflokksfundi til okkar en hann varð að víkja af fundum þegar mál tengd Alþingi voru rædd.“

Þú varst talinn ansi beittur þingmaður?

„Ég veit ekkert um það“, segir Halldór kíminn. „Auðvitað reyndi maður í stjórnarandstöðu að beita hörku og ég efast ekki um að ég hafi stundum gengið of langt. En grunnhugsun mín í pólitík hefur alltaf verið sú sama og alltaf legði skýrt fyrir.“

Halldór háði rimmur í stjórnmalunum og nefnir sérstaklega Jón Baldvin Hannibalsson, sinn gamla skólafélag, en þeir deildu mikið um landbúnaðarmál þegar Halldór var yfir málaflokknum en Jón utanríkisráðherra.

„Hann var ósáttur við mína stefnu og við rifumst á ríkisstjórnarfundum. Hann vildi opna landamærin og hafði ekki skilning á því að við þurfum að reka hér sjálfstæðan landbúnað og verjast búfjársjúkdómum. Þetta gera aðrar þjóðir líka.“

Annar rammur andstæðingur var Steingrímur J. Sigfússon. „Við tókumst oft harkalega á, stundum svo að það fauk í okkur báða. Og hvorugur okkar hikaði við að beita klækjum ef þess þurfti. En við vorum fljótir að jafna okkur og gátum treyst orðum hvor annars í einkasamtölum. Það er mikils



Var í holti hrútur vænn, en hann er dauður, Steingrímur er stundum grænn, og stundum rauður.

virði fyrir stjórnmalamenn í ólíkum flokkum, þegar þeir eru í sama kjördæmi, að geta ræktað vináttuna sína á milli.“

„Ég man eftir einu atviki með hann, haustið 2000 þegar ég var þingforseti. Þá var ég á leiðinni heim úr þinginu en frétti að forsvarsmenn Öryrkjarbandalagsins væru á leið niður í þing en þá voru húsnæðismál öryrkja í deiglu. Ég áttaði mig á að það yrði gerður uppsláttur og fór aftur niður í þing og tók við stjórn fundarins. Ríkissjónvarpið var þá mætt á svæðið og Steingrímur fór í pontu. Ég spurði Steingrímur hvort hann ætti mikið eftir af ræðunni og hann sagði: „Já, mjög mikið.“ Þá stöðvaði ég fundinn fyrir matarhlé.“

Halldór segir að þrátt fyrir rimmurnar hafi hann og Steingrímur verið ágætis kunningjar enda báðir hagrýðingar.

„Besta þingvísan sem ég orti var um Steingrím. Forsagan er sú að í Þistilfirði, heimasveit Steingríms, hafði verið hrútakyn mjög gott og frægasti hrúturinn hét Þjakkur. Vísan er eftirfarandi:

Var í holti hrútur vænn,
en hann er dauður,
Steingrímur er stundum grænn,
og stundum rauður.“

Var ljýjandi að standa í þessu alla þessa áratugi?

„Nei, ég hafði gaman af því að vera í pólitík. Það er samt erfitt að lenda milli tannanna á fólki og ef maður veit að ekki er vel um mann talað allt um kring eins og stundum kom fyrir. Það gat verið ljýjandi og haft áhrif á heilsuna.“

Varstu einhvern tímann ósáttur við stefnu Sjálfstæðisflokksins?

„Auðvitað var ég missáttur við stefnu flokksins, annars væri ég eitthvað bilaður. Í ákveðnum málaflokkum er alltaf mikill slagur, eins og til dæmis í samgöngumálunum. Þegar ég hætti á þingi 2007 vissi ég ekki betur en að búið væri að ganga frá því að leggja veginn niður með Jökulsá á Fjöllum niður í Kelduhverfi frá Godáfossi. En það er ekki búið enn og klárast kannski ekki á næstu árum. Það er einfaldlega vegna þess að Norður Þingeyjarsýsla er svo langt frá ▶

Gerð gæða- og verðsamanburð Til hamingju með árangurinn

UM FJÓRÐUNGUR
LANDSMANNA SOFA Á HEILSUDÝNU
FRÁ SVEFN & HEILSU Skv. Gallup

FYLDS
The Belgian Bed

Svefn & heilsa
★★★★★

Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00

Mikið úrval af stillanlegum rúmum

Umboðsaðilar: Húsgagnaval - Höfn / Bara snilld ehf. - Egilsstöðum

ERTU AÐ FLOKKA EÐA PLOKKA ?

Farðu inn á www.igf.is og komdu
endurvinnslumálunum í lag.

Á nýrri netverslun Íslenska gámafélagsins www.igf.is færðu allt sem þú þarft fyrir endurvinnsluna.



Þriggja flokka stálílát
60 L



Stálílát með rauf og
pedal 90 LTR



Matussi minimax
35-50 L



Ruslatína



Flokkunartunna með
pedal til í mörgum litum



Stálílát með 2 hólfum
og pedal 30 L



Moltugerðartunna
310 L



Umhverfisvænir
ruslapokar



Troðslugrind á
hjólum



Græna tunnan





Halldór Blöndal
Hluti af 17 kílómetra
trefli Fríðu Bjarkar
Gylfadóttur í tilefni
Héðinsfjardargangna.
1400 manns í 11 lönd-
um þrónuðu.



© Sennar Halldór Blöndal frá Akureyri.

Fékk krabbamein

Halldór er ennþá virkur í stjórnmálum þó að ekki fari lengur jafn mikið fyrir honum. Hann er formaður eldri Sjálfstæðismanna, í miðstjórn flokksins og skrifar reglulega í Morgunblaðið um mál-efni líðandi stundar. Hann hefur heimild til að sitja þingflokksfundir en er nú að mestu hættur að nenna því.

Ertu að leiðbeina þingmönnum?

„Já en ég hef ekki fylgst með því hvort þeir fari mikið eftir því. En ég reyni að verða þeim að liði.“

Hvernig lýst þér á þessa stjórn sem nú situr?

„Mér lýst ekkert illa á hana en það eru ýmis vandamál sem steðja að í þjóðfélaginu, til dæmis launamálin. Frá því að ég man eftir mér hafa alltaf komið upp erfiðleikar í launamálum og boginn spennur of hátt. Við búum nú við að kaupmáttur hefur vaxið meira en nokkru sinni fyrr og verðbólga svosum engin. Ef við höldum rétt á spilunum getum við búið í haginn.“

Er þetta ekki kjararáði að kenna?

„Þegar ég byrjaði réði þingið þessu sjálf og ég vildi halda því. Sum mál eru þess eðlis að þau verða ávallt pólitísk. Alþingismenn geta ekkert skorast undan því. Það var rangt af Jóhönnu Sigurðardóttur að lækka laun þingmanna og ædstu embættismanna því að það er erfitt að leiðrétta það á nýjan leik. Svo er kjararáð tugga sem hver tekur upp eftir öðrum. Eitt sinn gátu þingmenn ekki lifað af sínum launum. Bjarni Benediktsson fékk greitt fyrir að skrifa Reykjavíkurbref, Jóhann Hafstein fékk greitt fyrir leiðara í Vísi, síðan sátu launaðir verkalyðsforingjar, forstjórar, blaðamenn, sýslumenn, kennarar og fleiri á þingi.“

Halldór verður áttæður í ágúst og hann hefur nú meiri tíma fyrir áhugamálin, sér í lagi menninguna. Nýlega var hann kjörinn forseti Hins íslenska fornritafélags. Þessa dagana les hann mest fornritin og kveðskap. Þá er hann í hagyrðingafélaginu Braga.

Árið 2000 greindist Halldór með krabbamein í ristli og gekkst undir hnífinn í þriggung.

„Ég varð aldrei veikur, eða kenndi mér aldrei meins. Það gekk blóð niður með hæðum og ég sagði læknum mínum það. Honum fannst það ótrúlegt því að ég væri nýbúinn í skoðun. Í annarri skoðun fann hann meinið og var það skorið í burtu. Seinni aðgerðirnar voru til að laga og síðan hefur ekkert þurft að hugsa um þetta.“

Síðan hefur hann verið með stóma en krabbameinið hefur ekki tekið sig upp að nýju. Eftir aðgerðina fór minnið aðeins að förlast en að öðru leyti er heilsan fin. ■

Reykjavík, þá má ekkert gera fyrir hana. Ég var ekki ánægður með hvernig Sturla Böðvarsson tók á þeim málum og sagði að hann hefði misskilið orðið hringvegur. Hans skilningur á því hugtaki væri hringvegur í kringum Snæfellsjökul en ekki landið allt.“

Margir halda að Halldór sé Norðlendingur, bæði af alþýðlegu fasi hans og hagamælsku og þeirri staðreynd að hann sat sem þingmaður fyrir Norðurlandskjördæmi eystra og sem landbúnaðarráðgjafi. Vissulega er Halldór Reykjavíkingur en hjarta hans slær fyrir norðan.

„Ég beitti mér mikið fyrir málefnum Norðurlands og það á sálina í mér. Börnin mín eru alin þar upp að hluta til. Þegar sól fer að hækka á lofti þá fer mig að langa norður því að dagurinn lengist hraðar og vorin eru fallelgrí og hlýrri en hér.“

Hlupum á okkur í bankahruninu
Stærsta samöngumálið sem Hall-

„Við hefðum aldrei átt að heimila opnun Icesave-reikninga í Hollandi og Bretlandi þannig að þeir yrðu á ábyrgð okkar Íslendinga.“

dór fékkst við voru hvorki Hvalfjardargöngin né einstaka vegframkvæmdir því að á níunda áratugnum var netvæðingin að hefjast. Í hans ráðherratíð var ríkisfyrirtækinu Pósti og síma skipt upp í tvö hlutafélög og Síminn síðar einkavæddur.

„Við sáum þá þróun í löndunum í kringum okkur að ríkisrekinn landsími væri úreltur. Þetta olli því að okkur fyrirtæki átti í erfiðleikum með að halda sama samstarfi við útlönd og áður. Þannig að það gerðist eiginlega að sjálfu sér

að við urðum að einkavæða landsímann. Síðan átti að byggja nýjan landspítala fyrir peningana en það hefur gengið allt of hægt. Ég vildi reyndar að hann yrði byggður á öðrum stað en ekki verður hægt að hverfa frá því héðan af.“

Halldór segir að uppskipting Pósts og síma hafi gengið tiltölulega snuðrulaust fyrir sig en annað hafi gilt um netvæðinguna sjálfa og margir hafi verið skammsýnir í þeim efnum.

„Það höfðu ekki allir skilning á því að Póstur og sími yrði að standa fyrir og bera ábyrgð á netvæðingunni af því að þar var sú faglega þekking sem þurfti og nægilegt fjármagn til þess að hin nýja tækni næði til landsins alls. Mjög var vitnað til Péturs Þorsteinssonar á Kópaskeri og hef ég ekkert nema gott um hann og hans frumkvæði að segja. Ég varð svo fyrsti ráðherrann til að lenda í netrás eftir að ég ákvað að gjaldskrá fyrir landið allt yrði sú sama.“

Sástu það fyrir að netið yrði jafn stór þáttur í lífi fólks og síðar varð raunin?

„Við vissum að það yrði og aðeins spurning hversu hratt. Þetta minnir mig á þegar góðvinur minn Páll Pétursson ráðgjafi sagði að Íslendingar hefðu ekkert við litastjórnvarp að gera. Auðvitað sagði hann þetta í hálfkæringi og hann vissi rétt eins og allir aðrir að Íslendingar myndu fá litastjórnvarp á endanum. Fjarskiptin voru að springa út.“

Eftir ráðherratíðina tók Halldór að sér sæti forseta Alþingis og gegndi þeirri stöðu í sex ár. Halldór kláraði sinn þingferil vorið 2007, þetta fræga ár fyrir bankahrunið. Síðan þá hefur ekki farið mikið fyrir honum á opinberum vettvangi en hann hefur þó starfað í félagsstarfi eldri Sjálfstæðismanna og heldur þar reglulega ræður.

Varstu feginn að sleppa við hrunið í þinginu?

„Nei ég var ekkert feginn því og hefði alveg verið til í að fást við það. Það koma alltaf erfiðir tímar eins og á áttunda áratugnum þegar verðbólgan fór upp úr öllu valdi, spariféð gekk til þurrðar og verkamannabústaðarkerfið leið undir lok.“

Hvernig hefði verið hægt að afstýra hruninu?

„Ég vildi ekki ganga í Schengen og var andvígur því í ríkisstjórn. Ég var ekki í ríkisstjórn þegar bankarnir voru seldir og hef aldrei skilið hvernig að þeim málum var staðið. Reynslan sýndi að þar hlupum við á okkur. Við hefðum aldrei átt að heimila opnun Icesave-reikninga í Hollandi og Bretlandi þannig að þeir yrðu á ábyrgð okkar Íslendinga. Mín vegna hefði Landsbankinn mátt stofna sjálfstæðan banka erlendis, en ekki sem útibú. En ábyrgðin er auðvitað mest þeirra sem leyfðu þetta.“

Þær stjórnir sem sátu fyrir hrun og sérstaklega Davíð Oddsson hafa fengið mikla gagnrýni fyrir bankasöluna og fleira. Finnst þér Davíð hafa fengið sanngjarnan dóm samfélagsins?

„Við stjórnmálamenn fáum alltaf sanngjarnan dóm frá vinum okkar en rangan frá pólitískum andstæðingum nema að um persónulega vináttu sé að ræða. Ég tala til dæmis vel um þingferil Ragnars Arnalds í Alþýðubandalaginu. Ég get kannski sagt ýmislegt um feril Steingríms J. ef mér sýnist, þó við séum nú ágætis vinir,“ segir Halldór og skellir upp úr.

Mamma Veit Best
HREIN HEILSA

NATURAL VITALITY
Lifandi Hindberja og Sítrónberja
Náttúruleg
SLÖKUN
Styrkur gegn streitu
Kemur ífevagi á kalk upptöku og jafnar
hálfrigt mægn magnesíum í líkamann
226 gr

BETRI SVEFNI

Borgarfjörður

13. júlí 2018

Ábyrgðarmaður: Steinn Kári Ragnarsson / steinn@dv.is Umsjón: Ágúst Borgbór Sværissón / agustb@dv.is

LANDNÁMSSETRIÐ:

Frábær áningarstaður fyrir fjölskyldur í sumar



Landnámssetrið í Borgarnesi er fjölbreytt menningarsetur og afþreyingarmiðstöð sem hentar ekki síst fjölskyldum sem vilja eiga saman skemmtilega stund enda státar Landnámssetrið af frábærum veitingastað þar sem boðið er upp á hollan mat úr úrvals hráefni. Hjóðleiðsagnirnar um sögusýningarnar í setrinu, Landnámssýninguna og Egilssögusýninguna, eru fáanlegar á 15 tungumálum en auk þess er sérstök barnaleiðsögn á íslensku. Enginn aðgangseyrir er að sýningunum fyrir börn undir 14 ára sem eru í fylgd með fullorðnum.

„Krakkar hafa afskaplega gaman af sýningunum og barnaleiðsögnin höfðar til krakka allt niður í 5 ára ef þau hafa gaman af sögum. Það hefur verið gaman að fylgjast með öllum fjölskyldunum sem hafa komið hingað þar sem foreldrar og afar og ömmur njóta þess að fara með börnin á sýningarnar,” segir Sigríður Margrét Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Landnámssetursins.

Að sögn Sigríðar eru erlendir ferðamenn í meirihluta á meðal gesta Landnámssetursins en staðurinn höfðar þó ekkert síður til Íslendinga. Veitingastaðurinn er fjölskylduvænn og notalegur og er opin allra daga frá kl. 10 til

21. „Við erum með hollustu-hlaðborðið okkar alla daga frá 11:30-15:00. Vinsældir þess eru alltaf að aukast enda er það á hagstæðu verði,” segir Sigríður. Á hlaðborðinu eru fjölbreyttir grænetisréttir, salöt, heit súpa og ilmandi nýbakað brauð.


Draugaleg sýning sem krakkar eru spenntir fyrir

Sögusýningarnar tvær veita einstaka innsýn í fortíð þjóðarinnar á afar lifandi hátt með áhrifamiklum myndverkum. Á Egilssögusýningunni eru gestir leiddir í gegnum nokkurs konar völundarhús inn í ævintýraheim sögunnar. Andrúmsloftið er lævi blandið og sýningarrýmið er myrkt, dulúðugt og draugalegt, sem er sennilega ein af ástæðunum fyrir því hvað krakkar hafa gaman af sýningunni.

Landnámssýningin byggir á þeim einstöku heimildum um upphaf Íslandsbyggðar sem er að finna í Íslendingabók og Landnámu. Bækurnar voru skrifaðar á 12. öld, sennilega báðar af Ara fróða. Það eru ekki margar þjóðir sem eiga svo nákvæmar skrifaðar heimildir um uppruna sinn aðeins um 200 árum eftir að atburðirnir áttu sér stað. Efni sýningarinnar byggir á þessum heimildum en engin ábyrgð er tekin á sannleiksgildi þeirra. Með

lýsingu og lifandi myndum er leitast við að skapa spennandi andrúmsloft, auk þess sem þar er að finna fágætt líkan af Íslandsfari eftir Gunnar Marel Eggertsson.

Leiksýningar og uppákomur með rithöfundum sem sent hafa frá sér vinsælar sögulegar skáld-



sögur eiga sér stað á Söguloftinu í Landnámssetrinu en sú dagskrá lifnar við á haustin og er þá auglýst sérstaklega.

Fallegar gjafavörur

Í Landnámssetrinu er rekin verslun með fallegri og vandadri gjafavöru. „Þessar vörur eru ekkert endilega fyrir útlendinga heldur henta þær prýðilega sem gjafir handa Íslendingum líka. Við leggjum áherslu á íslenska hönnun og



erum líka með afurðir handverksfólks úr héraðinu,” segir Sigríður Margrét.

Góður vettvangur fyrir hópa

Í Landnámssetrinu er hægt að bjóða uppá allskyns afþreyingu fyrir fyrirtæki og hópa og staðurinn hentar prýðilega fyrir ráðstefnur, árs hátíðir og hópefli. Fundaraðstaða á fallegu pakkhúslófti er fyrir allt að 80 manns en fyrir allt að 30 manns ef þátttakendur sitja við borð. Vinsælt er að fara í ratleiki

úti við í nágrenni Landnámssetursins. Ratleikurinn er í snjallsímum og hægt að aðlaga þrautir og spurningar hópnum.

Ítarlegar og fróðlegar upplýsingar um þjónustu og dagskrá Landnámssetursins er að finna á vefsíðunni landnam.is. Einnig eru veittar upplýsingar í síma 437 1600 og fyrirspurnir má einnig senda á netfangið landnam@landnam.is.



ENGLENDINGAVÍK:

Ferskur gæðamatur og sögufræg hús

Á fallegum stað í gamla bænum í Borgarnesi liggur Englendingavík, stundum kölluð Kaupfélagsvíkin. Þar ríkir ró og friður, sem einungis er rofinn af fuglasöng og sjávarnið.

Í gömlu kaupfélagshúsunum þar sem stunduð var verzlun til fjölda ára er nú rekinn veitingastaðurinn Englendingavík og heimagistingin Sjávarborg sem er í húsi við hlið veitingastaðarins. Elsta húsið í vikinni er frá árinu 1885 en húsin voru gerð upp um miðjan síðasta áratug af miklum myndarskap og er mikil prýði af þeim.

Nafnið er dregið af þeirri staðreynd að annað húsið sem reis í Borgarnesi byggðu tveir Englendingar frá Hull, en það hús stendur ekki lengur.

Einar Sigurjón Valdimarsson er staðarhaldari í Englendingavík og rekur veitingastaðinn og gistinguna. „Í dag erum við með heimagistingu en við erum að fara að bæta við stórum rúmgóðum herbergjum með sér baðherbergjum, og íbúð, í tvílyfta húsinu. Frábært útsýni verður úr herbergjunum og íbúðinni,“ segir Einar.

„Við leggjum upp með afslappað og notalegt andurúmsloft í anda gömlu húsanna í vikinni. Matseðillinn er fremur einfaldur. Við erum mikið með ferskan fisk en gúllasúpan okkar er líka mjög vinsæl, sem og fiskisúpan, að ógleymdu íslenska lambinu.“ Englendingavík er um margt fjölskylduvænn staður en þó er þar ekki sérstakur barnamatseðill heldur býðst foreldrum að kaupa fullorðinsrétti handa börnunum í smærri skömmtum og á lægra verði. Mælist þetta mjög vel fyrir.

Annað sem gerir Englendingavík að fjölskylduvænum stað er hinn sögufrægi Bjössaróló sem er nágrenni Englendingavíkur. „Björn Guðmundsson hugsaði um endurnýtingu og

smíðað þennan leikvöll einungis úr efni sem hafði verið hent og nýttist ekki lengur,“ segir Einar.

Englendingavík er niðri við sjó og þarna er fallegt útsýni út á sjóinn og nærliggjandi eyjar og sker sem iða af fuglalífi og gaman er að fylgjast með flóði og fjöru úr veitingasalnum. Ekki spillir fyrir að staðurinn er veðursæll. „Í norðan- og norðaustanátt, sem eru sólaráttirnar, er alltaf logn í Englendingavík, því vindurinn fer yfir okkur. Þá er frábært að sitja hérna á pallinum fyrir utan,“ segir Einar.

Veitingastaðinn Englendingavík sækja allt í senn innlendir sem erlendir ferðamenn og heimafólk. Að sögn Einars er fólk sem heldur til í sumar-bústöðum í Borgarfirði tíðir gestir á staðnum.

Veitingastaðurinn er opinn fram á haust og er opið alla daga vikunnar frá kl. 11:30 og þar til síðasti gestur fer á kvöldin en miðað er við að eldhúsið loki um 22:00.

Sjá nánar á Facebook-síðunni Englendingavík.



HÓTEL BIFRÖST:

Gæðastundir við þjóðveginn




Hótel Bifröst er kjörinn áningarstaður fyrir þá sem vilja njóta fegurðar landsins enda staðsett við þjóðveginn rétt hjá Borgarnesi og héðan getur leiðin legið upp Borgarfjörðinn, á Snæfellsnes eða í Dalina. Á Hótel Bifröst er gistirými fyrir á annað hundrad manns og stór og mjög góður veitingastaður, Kaffi Bifröst, þar sem tilvalið er að eiga gæðastundir í hádegismat, síðdegiskaffi eða yfir kvöldverði.

Að sögn Soffíu Dagmarar Þorleifsdóttur, aðstoðarhótelstjóra, er meirihluti þeirra sem gista á Hótel Bifröst erlendir ferðamenn en staðurinn er þó líka vinsæll meðal Íslendinga. „Við höfum verið dugleg að setja tilboð inn á vefinn aha.is og þau eru mjög vinsæl. Núna vorum við að setja inn tilboð fyrir júlí og ágúst sem inniheldur gistingu og 3ja rétta óvissumatseðil,“ segir Soffía.

Sem fyrr segir er nokkuð mikið gistipláss á Hótel Bifröst: „Við erum með 51 herbergi en þar af eru 6 herbergi 3ja manna. Þetta eru rosalega stór og fin herbergi. Á svona stórum gististað er alltaf möguleiki á lausu plássi en það koma þó dagar þar sem er fullbókað. Svo koma aðrir dagar þegar rólegt er en þetta helst nokkuð mikið í hendur við flugferðir til og frá landinu.“

Sjávarréttirnir slá í gegn

Veitingastaðurinn Kaffi Bifröst er opinn alla daga vikunnar frá 11:30 til 22 en eldhúsinu er lokað kl. 21. Mjög fjölbreyttur matseðill er á staðnum og var honum nýlega breytt: „Núna bjóðum við upp á kræklinga sem mælast mjög vel fyrir. Laxinn okkar er líklega vinsælasti rétturinn og svo hefur sjávarréttahlaðborðið á kvöldin slegið í gegn. Við erum fjölbreyttur staður og margt fleira en sjávarréttastaður en kokkarnir okkar eru þó einstakir snillingar í sjávarréttum og fólk sækir í þá rétti aftur og aftur,“ segir Soffía.



Pitsur og hamburgarar eru vinsælir réttir á matseðlinum á Kaffi Bifröst en í eftirmiðdaginn er líka vinsælt að fá sér kaffi og eplaköku.

Árshátíðir og ráðstefnur sívinsælar á Bifröst

Hótel Bifröst er mjög vinsæll vettvangur fyrir árshátíðir og ráðstefnur fyrirtækja sem gjarnan eiga sér stað á haustmánuðum. Soffía segir mikilvægt að panta slíkt sem fyrst. „Þetta lendir á fáum helgum og það eru svo mörg fyrirtæki með slíka viðburði á sama tíma.“

Nánari upplýsingar eru á vefsíðunni hotelbifrost.is og Facebook-síðunni Hótel Bifröst. Símanúmer er 433 3030.



Ilmandi kaffi og vöffflur í elsta húsi Hvanneyrar

Á Hvanneyri stendur kaffihúsið Skemman í friðsælu og fallegu umhverfi. Þangað laðast margir sem eiga leið hjá á sumrin og standast ekki lokkandi ilminn af vöfflum, súpum og kaffinu með því.

Þessi notalega skemma, með sal á efri hæð, sem er í senn safnaheimili og elsta húsið á Hvanneyri, hefur trekk upp hverja jákvæðu umsögnina á eftir annarri á ferðamannasíðum á borð við Trip Advisor. Lof hafa sérstaklega fallið vegna andrúmsloftsins, viðkunnaðlegrar þjónustu og bragðmikilla kræsinga.

Rósa Björk umsjónarmaður og rekstaradili Skemunnar, stendur vaktina fjórða sumarið í röð. Hún segir staðinn vinna mjög mikið úr litlu enda gafst lítið pláss fyrir eldhús þegar kom að standsetningu staðarins.

„Hugmyndin var að hafa vöffflur og kaffi en svoltið öðruvísi,“ segir Rósa, „þannig að við erum með stórar belgískar vöffflur og fengum flotta Espresso-vél af eldri gerð, þannig að útkoman verður sveitaandrúmsloft og smá gamaldags stemningu líka.“

Falin perla með öðruvísi vöfflum


Að sögn Rósu eru það mestmegnis Íslendingar sem sækja í Skemmunna, enda margir í bústöðum í nágrenninu og fjöldi fólks sem keyrir þarna framhjá. Rósa segir að ferðamenn láti einnig sjá sig öðru hverju og hafa viðtökurnar frá þeim verið þannig að þeim finnist oft eins og

þeir hafi uppgötvað falda perlu.

„Eldhúsið býður ekki uppá mikla möguleika á matreiðslu vegna smæðar, en okkur langaði líka til að bjóða uppá eitthvað meira matarkyns og erum með vöffflur sem eru í raun eins og opin samloka, eða „matarvöffflur“ eins og við köllum þær,“ segir Rósa. „Þá eru þær sem sagt með áleggi, því vöffflurnar sjálfar eru ekki sætar. Þær hafa verið rosalega vinsælar hjá okkur.“

Þá rekur Rósa söguna hússins sjálfs. Skemman var reist árið 1896 fyrir Búnaðarskólann. Haustið 1903 brann skólinn og flutti flest heimilisfólkið í Skemmuna og bjó þar um eins árs skeið á meðan nýtt skólahús var í smíðum. Bjargaði því Skemman starfi Búnaðarskólans.

„Að mér skilst þá voru staðarmenn að geyma hveiti og mjöl í kirkjunni á sínum tíma. Þá var biskup sem ætlaðist til þess að reist yrði skemma. Í gegnum tíðina hefur skemman verið notuð sem geymsla, en þegar ég var að alast upp á Hvanneyri þá var þetta yfirleitt bara kallað draugahúsið, en það var orðið heldur hrörlegt áður en skólin og safnaðarnefndin létu gera það upp með hjálp húsafriðunarnefndar. Húsið er gert upp í upprunalegri mynd og það þarf því að bæta litlu við til að fá góða stemningu í húsið. Bara góða kaffivél og vöffflujárn,“ segir hún á léttum nótum.





Miklu meira en bara brauð og bakkelsi

Geirabakarí í Borgarnesi hefur um árabil verið nauðsynlegur viðkomustaður alls ferðafólks á leið um landið, en bakaríið er það fyrsta sem blasir við þegar ekið er yfir Borgarfjarðarbrúna inn í Borgarnes.

Þegar gengið er inn í Geirabakarí má finna ilm af nýbökðu brauði, angan af nýmöluðum kaffibaunum sem stelpurnar í afgreiðslunni framreiða af stökustu snilld og angan af kökum sem framleiddar eru með ekta gamaldags handverki. Bakaríið dregur nafn sitt af stofnanda og núverandi eiganda þess, Sigurgeiri Óskari Er-lendssyni.

Á góðviðrisdögum er hægt að setjast með kaffi og meðlæti við bekki og borð úti á stétt og virða fyrir sér taumlausa náttúrufergurðina norður yfir endilangan Borgarfjörðinn og eins í vestur út á hafið. Á staðnum má einnig finna mjölkurvörur, álegg, viðbit, súpu dagsins, brauðasalöt, smurbrauðs-samlökur og ýmslegt fleira.

Hröð afgreiðsla og starfsmenn með fagmennskuna að vopni

„Á venjulegum degi erum við að smyrja allt frá 18 upp í 24 tegundir af smur-brauði í borðið, þannig að úrvalið er griðarlegt, annað eins er bakað af sætabrauði, sem nær vel á annan tuginn,“ segir Jóhanna Erla Jónsdóttir mannauðsstjóri Geirabakarís.

Starfsmenn Geirabakarís eru 25 talsins og getur veitingasalurinn tekið á móti um 70 manns.

Erla segir staðinn afar heppinn með starfsfólk þar sem starfsmanna-velta er ekki mikil, starfsfólkið skilar starfi sínu vel og gott betur þegar mikið er að gera. Góður starfsandi er það sem öllu máli skiptir fyrir bæði þjón-ustu og anda.

Segir Erla að eina lykilstefna staðarinn sé hröð afgreiðsla með fagmennskuna til fyrirmyndar, en bætir hún kát við að það geti oft reynst erfitt að afgreiða viðskiptavini hratt og vel þegar úrvalið er svo mikið að valkvíðinn sækir að fólk

Unnið frá grunni

„Fólkið er okkar besta auglýsing,“ segir Erla og fullyrðir að góðar viðtökur fólks

sé staðnum mikils virði og hvernig þjónustan spyrst út.

„Ég er ekki búin að ákveða daginn áður hvernig súpa verður í pottinum á morgun, það fer allt eftir hvorum megin ég fer framúr,“ segir Erla kímín. „Nei, það fereftir veðrinu og stemningunni í bakaríinu. Þetta eru allt súpur sem gerðar eru frá grunni, en ekki pakkasúpur.“

Plastpokalaust bakarí

Í bakaríinu er einnig veglegt úrval af veislutertum fyrir ýmis tilefni, til að mynda marsípantertur, brauðtertur og gamaldags rjómatertur svo eitt-hvað sé nefnt. „Einnig erum við með brauðtertur og snittur.“ Það nýjasta hjá okkur eru svokallaðir brauð-bakkar sem við útbúum oft fyrir hópa í nesti, þá erum við kannski með þrjár tegundir af litlum brauð-bitum með allskonar áleggi, ostum og sósum. Þetta er afar vinsælt hjá okkur fyrir hin ýmsu tilefni. Svo við tölum ekki um brauðasalötin sem við gerum að sjálfsögðu hérna í bakaríinu sem og hráfæðikökurnar, pestóið og booztin,“ segir hún. „Svo eru strákarnir af og til að prófa og þróa nýja hluti sem fá svo einn daginn að líta dagsins ljós í borðinu frammi, en allt tekur sinn tíma í vöruþróun svo spennandi tímar eru framundan.“

Að sögn Erlu stendur til á næstunni að verða eins plastpokalaust bakarí og kostur er en sú vinna er hafin og þegar höfum við tekið út burðarpokana úr plasti og kom-in með bréfpoka í staðinn, stefnan er svo á að öll dagvara sem seld er yfir borðið verði afgreidd í bréfpokum eða öðrum umhverfisvænni umbúðum. „Það er í vinnslu hjá okkur að koma með aðrar umbúðir en plast. Fólk hefur tekið mjög vel í það,“ segir hún.

„Borgarbyggð fór í herferð um plastpokalaust samfélag og var með saumaða poka sem Fjöliðan gerði. Út frá því tókum við þátt í þessu og stefnum að því áfram að plastpokaafvæða Borgarnes.“ Verið velkomin í Geirabakarí segir Erla að lokum



LAXÁRBAKKI:

Heillandi hvíldarstaður við hringveginn



Laxárbaeki er veitingahús og hótél sem staðsett er í Hvalfirði, á vvið Þjóðveg 1, skammt frá bæði Akranesi og Borgarnesi. Laxárbaeki er í afar fallegu umhverfi og í alfaraleið á Vesturlandi og Snæfellsnesi. Stutt er til allra helstu ferðamannastaða á Vestur- og Suðvesturlandi, eins og Húsafells, Langjökuls, Þingvalla, Hvalfjarðar og Snæfellsness.

„Þetta er stutt frá Reykjavík en samt þannig staðsett að fólk þaðan er komið vel út úr sínu umhverfi og nýtur vel kyrrðarinnar og fegurðarinnar hér,“ segir Brynjar Sigurðarson, eigandi Hótel Laxárbakka.

Hótél Laxárbaeki er lítið fjölskyldurekið fyrirtæki sem leggur áherslu á góða og persónulega þjónustu og tryggir að bæði matargestum og þeim sem gista á staðnum líði vel. Mikil áhersla er lögð á þjónustu við hópa og er vinsælt að halda alls konar mannamót á Laxárbakka, brúðkaup, stórafmæli, alls konar hvataferðir, árshátíðir og vinnuferðir.

Fullkominn staður fyrir hópa

Þegar hópar gera sér gláðan dag eða koma í vinnuferð á Laxárbakka er algengt að hluti af hópnum gisti á meðan aðrir láta sér nægja að vera í mat. Núna er rétti tíminn til að bóka veitingar og gistingu fyrir haustferðirnar en æskilegt er að bóka með tveggja til þriggja mánaða fyrirvara.

„Það er miklu betra að bóka tímanlega því þá getur hópurinn fengið allt svæðið út af fyrir sig,“ segir Brynjar Sigurðarson. Á staðnum er 70 manna fundarsalur með skjávarpa og inn af er fundarherbergi fyrir um 20 manns. „Fólk hefur verið að skipta sér upp í vinnuhópa, þar sem einhverjir sitja bara hér í leðursófanum inn við barinn, einhverjir eru í stóra salnum, aðrir í innri salnum – og síðan er kannski einhver utanaðkomandi sem hristir hópinn saman og þá fara allir út á dansgólfið. Það er heppilegt að geta haft alla aðstöðuna út af fyrir sig og fullnýtt hana,“ segir Brynjar.

Margir eru núna að panta vegna vinnuferða og annarra tilefni í september og október en það er líka sjálfsagt að panta fyrir viðburði nær jólum, en aðventuhlaðborðið fer í gang seinni hluta nóvember og stendur fram í miðjan desember. Þá hentar vel fyrir hópana að snæða saman á aðventuhlaðborði eftir fundi og vinnu dagsins.

Brynjar segist kappkosta að hafa veitingar að fullu í samræmi við óskir hvers og eins hóps. „Við höfum sett saman hópa-seðla en það er langbest að fólk leggi bara fram sínar óskir og við uppfyllum þær,“ segir Brynjar.

„Fólk pantar síðan gjarnan brúðkaupsveislur með árs fyrirvara og það er nokkuð síðan hingað kom þar sem er að skipuleggja brúðkaupið sitt næsta sumar,“ segir Brynjar.

Best er að panta veitingar, fundaraðstöðu og gistingu fyrir hópa í síma 551 2783.

Góður áningarstaður við Þjóðveginn

Laxárbaeki er líka prýðilegur áningarstaður fyrir þá sem eru á ferð um landið í sumar og gott að stoppa þar og njóta góðs matar.

„Við erum með fremur heimilislegan mat sem mælist vel fyrir og þjóðum til dæmis upp á mjög góðan fisk. Útlendingarnir sækjast mjög eftir hefðbundnum íslenskum réttum, plockfiski, kjötsúpu og ferskum fiski,“ segir Brynjar.

Sjá nánar á vefsíðunni laxarbakki.is.





Elstu munirnir eru þeir sem hafa verið nýttir í landbúnaði í gegnum aldirnar.

LANDBÚNAÐARSAFN ÍSLANDS OG ULLARSELÍÐ:

Einstök innsýn í landbúnaðar- söguna og hágæða handverk úr héraði

Fyrir fjórum árum var Landbúnaðarsafn Íslands flutt í núverandi húsnæði að Hvanneyri í Borgarfirði. Við það urðu nokkur tímamót í sögu safnsins en það á sér langa sögu: „Sýningin okkar er hönnuð inn í það rými sem hún er í núna en grunnurinn að því sem við erum að gera var lagður fyrir um 40 árum. Síðan var farið að hafa safnið opið fyrir 30 árum og á þeim tíma hefur það stækkað og munum fjölgað,” segir Ragnhildur Helga Jónsdóttir safnstjóri.

Á safninu gefur að líta gripi sem ná langt aftur í aldir og allt fram til áttunda áratugar síðustu aldar: „Landbúnaður og landbúnaðartæki breyttust hér lítið öld eftir öld, allt þar til við lok 19. aldar. Ljair, hrifur og fleiri slík áhöld í einhverri mynd voru notuð allt aftur til landnáms en þá þegar þurftu menn hey til að þreya þorrann og góuna,” segir Ragnhildur.

„Tæknivæðingin kom síðan í lok 19. aldar og þá fóru Íslendingar loks að nota hestaverkfæri að erlendri fyrirmynd. Með tilkomu búnaðarskólanna var kennd smíði á slíkum verkfærum, sem voru aðlöguð íslenskum aðstæðum, þar sem íslensku hestarnir eru minni en erlendir hestar auk þess sem íslenskur jarðvegur er frekar erfiður til vinnslu.“ Síðan rekur safnið þau áhrif sem tæknin hafði á þróun landbúnaðar á 20. öldinni, breytingar á tækjum og vinnuaðferðum sem henni fylgdi. Safnið hefur staðið að ýmsum rannsóknum á búnaðarsögunni og eru í safninu

seldar bækur sem eru afrakstur þeirra rannsókna, ritaðar af Bjarna Guðmundssyni.

Sérstök athygli er vakin á því að Landbúnaðarsafn Íslands hefur nú opnað sýninguna Konur í landbúnaði í 100 ár í samvinnu við Kvenfélagið 19. júní og verður sýningin opin út sumarið.

Ullarselið – hágæða handverk úr héraði

Ullarselið er stórmerkileg verslun sem staðsett er í húsnæði Landbúnaðarsafnsins. „Að Ullarselinu stendur hópur handverksfólks úr héraðinu og vinnur þetta fólk alla muni sem þar eru seldir. Megináhersla er á íslensku ullina en líka önnur náttúruleg efni eins og horn og bein. Þetta er hágæða handverk enda þess gætt að viðhalda ströngu gæða-eftirliti,” segir Ragnhildur. Í Ullarselinu er meðal annars hægt að kaupa handspunnið og jurtalitað band, auk verksmíðjuframléids lopa. Síðan eru til sölu allra handa vörur úr ull svo sem peysur, sokkar, húfur og þæfdir inniskór, svo fátt eitt sé nefnt. Vörurnar eru ekki bara handunnar heldur meira og minna hannaðar af þessu fólki eða sérhannaðar fyrir Ullarselið.

Landbúnaðarsafnið og Ullarselið eru opin alla daga frá kl. 11 til 17. Sjá nánar á Facebook-síðu og vefsíðu Landbúnaðarsafnsins, landbunadarsafn.is, og vefsíðu Ullarselsins, ull.is.



Safnið sýnir þróun í tækni landbúnaðar



Ullarselið



Sýningin „Konur í landbúnaði í 100 ár“



LJÓMALIND:

Sveitamarkaður með hágæða afurðir af Vesturlandi

Sveitamarkaðurinn Ljómalind hefur verið starfandi í rúm fimm ár eða allt frá því 17. maí árið 2013. Hefur starfsemin dafnað og vaxið jafnt og þétt síðan þá. Markaðurinn er til húsa að Brúartorgi 4 í Borgarnesi og er opin alla daga vikunnar allt árið um kring.

„Þessar afurðir eiga það allar sameiginlegt að vera frá Vesturlandi. Mest úr Borgarnesi og nærsveitum en líka úr Dölunum, Akranesi og Snæfellsnesi,“ segir Sigurbjörg Kristmundsdóttir en hún stendur vaktina alla virka daga í Ljómalind ásamt annarri konu en auk þeirra tveggja er helgarstarfsfólk á vöktum. Markaðurinn er opin í sumar frá 10 til 18 alla daga vikunnar. Hann nýtur vinsælda meðal heimafólks, erlendra ferðamanna og innlendra ferðamanna.

„Þetta er alltaf að vaxa og fólk er að uppgötva okkur í meira mæli. Sífellt fleiri sækjast eftir því að selja varning sinn hjá okkur og þeim fjölgar líka mikið sem vilja koma hingað og kaupa afurðir úr héraðinu,“ segir Sigurbjörg.

Afar fjölbreyttur varningur er í boði í Ljómalind frá um 70 aðilum: „Hér er matur beint frá býli, kjöt, sultur, tómatar, gúrkur og melónur, svo fátt eitt sé nefnt. Þá eru hér peysur og aðrar flikur, alls konar listaverk, skartgripir og handverk. Hins vegar seljum við ekki hvað sem er, leggjum mikið upp úr gæðum og að varningurinn sé gerður úr náttúrulegum efnum. Og við erum umhverfisvæn eftir fremsta megni,“ segir Sigurbjörg.

Vörupróun á staðnum

Nýtt og spennandi verkefni, matarsmiðja undir heitinu Matarlind, hefur verið komið á fót af Ljómalind í samstarfi við SSV. Frumkvöðlar í matargerð geta nú fengið aðstöðu á staðnum til að þróa vöru sína áfram í vel útbúnu, vottuðu eldhúsi. Þegar varan er fullgerð og fengist hefur

söluleyfi kemst hún í sölu í Ljómalind. „Það sem helst hefur staðið frumkvöðlum fyrir þrifum er að koma vörinni á markað en hér biður markaður hennar svo framarlega sem öll leyfi eru fyrir hendi,“ segir Sigurbjörg.

Það er full ástæða til að hvetja þá sem leggja land undir fót á næstunni til að koma við í Ljómalind í Borgarnesi og eiga góða stund á þessum líflega og áhugaverða markaði þar sem hægt er að kaupa hágæðavörur úr héraði.

Sjá nánar á vefsíðunni ljomalind.is.





PARKETSLÍPUN MEISTARANS:

Ástriða, þekking og reynsla

Bestu fagmennirnir eru þeir sem hafa ástriðu fyrir sínu fagi. Parketslípun Meistarans er fyrirtæki sem rekið er af ástriðu fyrir því að skila framúrskarandi vinnu á sínu sviði og standa undir tilkomumiklu nafni fyrirtækisins. Parketslípun Meistarans sérhæfir sig í parketslípun, parketlögn-um, sólpallasmíði og ýmsum öðrum skyldum verkefnum, fyrir einstaklinga jafnt sem fyrirtæki.

Fáir, ef nokkrir, hafa lagt og slípað parket jafn víða og Parketslípun Meistarans en parketlögn og parketslípun er handverk sem krefst mikillar og stöðugar þjálfunar. Leggur fyrirtækið sig fram um að þjálfa og mennta sitt starfsfólk vel til þessara vandaðsömu verka.

Fyrirtækið tekur einnig að sér alla almenna smíðavinnu, þar á meðal smíði sólpalla, uppsetningu hurða, uppsetningu á eldhúsinnréttingum, sem og alla sérsníði. Gott lakk er afar mikilvægt og Parketslípun Meistarans notast aðeins við það besta á markaðnum, einnig hvað varðar parketefnið sjálft en fyrirtækið er með framúrskarandi parketvörur frá Bona og Junckers. Einnig býður fyrirtækið þetta góða parketefni til sölu á hagstæðu verði.

Parketslípun Meistarans hefur yfir að ráða fyrsta flokks tækjabúnaði, meðal annars beltavél, kantslípivél, hornavél, juðara, bónvél og öfluga sérhæfða ryksugu. Þessi tæki eru einnig boðin til útleigu á hagstæðu verði.

Parketslípun Meistarans ábyrgist vandaða vinnu við öll sín verkefni en veitir viðskiptavinum jafnframt gjaldfrjálsa ráðgjöf um val á parketi og frágang.

Nánari upplýsingar eru á vefsíðunni <https://parketslipunmeistarans.is/> og á Facebook-síðunni Parketslípun Meistarans. Einnig er gott að hafa samband við Adam í síma 7625668 eða senda fyrirspurn á netfangið parketslipun@parketslipunmeistarans.is hvort sem þú óskar eftir þjónustu, ráðgjöf, tækjaleigu eða kaupum á parketvörum.



ÓDÝRRASTAÁ

■ „Ekki allar hetjur klæðast skikkjum“ ■ Bjór er sá áfengi vökvi sem inniheldur

Björn Þorfinnsson
bjornth@dv.is



Víð Íslendingar búum við allt að því glæpsamlegt verð á áfengi þökk sé háum tollum og einokunarsölu ríkisins. Afleiðing af þessu er sú að neysluvenjur Íslendinga á áfengi eru aðrar en hjá flestum öðrum þjóðum. Íslendingar kaupa flestir áfengi sitt í áfengisbúðum ríkisins og drekka í heimahúsum áður en þeir halda út á lífið seint um nótt. Þá hafa margir freistast til þess að drekka ýmis-

legt ódýrt glundur sem er bruggað í heimahúsum.

Reddit-notandinn íslenski u/abitofg sá að þetta gæti ekki gengið svona lengur. Hann tók sig því til og reiknaði út verðið á millilítra af alkóhóli af öllum tegundum sem til er í ríkisversluninni. Þannig geta skattbarðir en þyrstir Íslendingar séð hvernig ódýrast er að drekka sig fulla. Kjararáðselskandi ríkisforstjórar geta svo farið á hinn enda listans og splæst í dýrasta droppann til þess ganga í augun á öðrum forstjórum.

Notendur samfélagsmiðilsins

voru afar ánægðir með framtíkið og hafði einn á orði: „Ekki allar hetjur klæðast skikkjum.“ Aðrir voru ekki sannfærðir og vildu meina að verði væri að sleppa mikilvægu staki í menginu, nefnilega bragðlaukunum. „Ég hef verið áhugamaður um að kaupa ódýra bjóra í gegnum tíðina til að verða drukkin, en stundum getur maður ekki boðið bragðlaukunum eða líkamanum upp á þetta sull,“ segir einn reynslubolti. En hvað um það, þetta eru mikilvægar upplýsingar sem þjóðin þarf á að halda. ■



5. sæti

Euroshopper
11,26 krónur/ml



6. sæti

Faxe Witbier
11,50 krónur/ml



7. sæti

Saku Originalaal
11,91 krónur/ml



Ódýrasta rauðvínið:
Castano Monastrell
Vinas Viejas
13,28 krónur/ml



1.-2. sæti

Harboe Pilsner 11 krónur/ml



1.-2. sæti

Harboe Classic 11 krónur/ml



3.-4. sæti

Albani Odense Pilsner 11,13 krónur/ml



3.-4. sæti

Thor Pilsner 11,13 krónur/ml

FENGID Í ÁTVR

flestra millilíttra af áfengi fyrir hverja krónu ■ Danskur bjór er ódýrastur



8.-10 sæti

Harboe Bear Beer Premium 11,92 krónur/ml



8.-10 sæti

Oranjeboom 11,92 krónur/ml



Ódýrasta hvítvínið: Antano Rioja Viura 12,21 krónur/ml



8.-10 sæti

Saint Omer 11,92 krónur/ml



Nett fjölnotatæki

MANITOU MLT 625-75 H

Manitou eru magnaðir skotbómulyftarar

- Lyftigetia: 2.500
- Lyftihæð: 5.900 mm
- Fjór hjóladrifinn
- Fjór hjólastýrður
- 75 hestöfl, Kubota
- Hlaðinn aukabúnaði t.d. skólfa, gaflar og útvarp.

Staðgreiðsluverð: 6.800.000 kr. + VSK

Viðurkennd varahluta- og viðgerðarþjónusta

PON

Pétur O. Nikulásson ehf. • Melabraut 23, Hafnarfjörður • Símar: 552 2650 / 552 0110 • pon@pon.is



Er þitt fyrirtæki tilbúið fyrir GDPR?

Skoðu málið á [Dattacalabs.com](https://dattacalabs.com)

SAKAMÁL

Vill vera tekinn af lífi

Í vikunni var aftöku morðingjans Scott Raymond Dozier frestað á síðustu stundu. Eins og fjölmiðlar greindu frá var ástæðan lögsókn lyfjafyrirtækisins Alvogen sem hugnaðist ekki þær fyrirætlanir yfirvalda að nota lyf fyrirtækisins, Midazolam, í banvænan lyfjakokteil morðingjans. „Hann var viðbúinn því að vera tekinn af lífi í kvöld,“ sagði lögmaður

Sakamálið sem Þjóðverjar skilja ekki

AF HVERJU ÞURFTU 10 MANNNA AÐ DEY

■ Nýnasistahópurinn Nationalsozialistischer Untergrund (NSU) gekk berserskgang í kring

Næsti kafli
hefst

HJÁ OKKUR

hafðu samband

GIMLI
FASTEIGNASALA

Grensásvegi 13 / 108 Reykjavík
s. 570 4800 / gimli@gimli.is

Þann 9. september 2000 var Enver Simsek staddur í blómaúð í Nuremberg. Hann var vanur að koma með blómasendingar til blómasalans en hann var í frí og Simsek hafði tekið að sér að sjá um verslunina á meðan. Á tímabilinu frá 12.45 til 14.15 var hann skotinn átta skotum úr tveimur skammbyssum. Kúlurnar hæfðu hann víða um líkamann.

„Ég sá lítil blóðug göt í andliti hans. Lítil, lítil göt. Ég byrjaði að telja – og sá sífellt fleiri, þeim mun nær sem ég kom. Um allan líkamann. Þá vissi ég að þessu var lokið.“

Þetta sagði sonur Simsek síðar. Enver Simsek komst ekki aftur til meðvitundar og lést tveimur dögum síðar. Þetta morð var upphafið að morðum, ofbeldi og ránum víða um Þýskaland. Á bak við þetta stóð nýnasistahópurinn Nationalsozialistischer Untergrund (NSU) en einnig leikur grunur á að hann hafi staðið fyrir sprengjutilræðum. Sem betur fer voru meðlimir hópsins ekki margir heldur einungis þrír. Það liðu tíu ár og nú mannlífum lauk áður en lögreglunni tókst nánast fyrir tilviljun að komast á slóð hópsins.

Flest fórnarlömb hópsins voru eigendur lítilla fyrirtækja.

Þeir voru skotnir til bana um hábjartan dag af stuttu færi með CZ83 skammbyssu með hljóðdeyfi. Hópurinn beindi sjónum sínum aðallega að innflytjendum frá Tyrklandi en einnig voru Kúrdar meðal fórnarlambanna sem og einn Grikki og einn Þjóðverji.

Næsta fórnarlamb hópsins var Adburrahim Özdogru en hann var skotinn tveimur skotum í höfuðið þann 13. júní 2001. Morðvopnið var það sama og var






Dozier þegar fallist var á kröfur Altvogen og aftökunni frestað. Dozier hefur látið hafa það eftir sér að hann vilji deyja sem fyrst í stað þess að hrist á bak við lás og slá. Óvíst er hvenær aftakan fer fram en það verður þó varla á þessu ári. Dozier fæddist árið 1970 í Nevada-fylki og leiddist snemma af rétttri braut. Strax á unglingsaldri byrjaði hann að selja

eiturlyf og varð hann stórtækur á því sviði. Hann montaði sig af því að kunna vel við glæpalíf. Í apríl 2002 hitti Dozier ungan mann, Jeremiah Miller, á móteli í Las Vegas til að selja honum hráefni til eiturlyfjaframleiðslu. Fundurinn endaði með því að Dozier skaut Miller til bana, bútaði lík hans niður og kom því fyrir í ferðatöskum sem hann losaði sig

síðan við. Hann var handtekinn nokkrum mánuðum síðar og þá kom í ljós að hann hafði einnig gerst sekur um að myrða Jason „Griffen“ Green og losa sig við líkið með sama hætti. Fyrir morðið á Green var Dozier dæmdur í 22 ára fangelsi árið 2005 en tveimur árum síðar var hann dæmdur til dauða fyrir morðið á Miller.



gum aldamótin

„Ég sá lítil blóðug göt í andliti hans. Lítil, lítil göt. Ég byrjaði að telja – og sá sífellt fleiri, þeim mun nær sem ég kom. Um allan líkamann. Þá vissi ég að þessu var lokið.“

hálf ári, svo vitað sé. En í febrúar 2004 var Mehmet Turgut skotinn til bana í Rostock. Hann var þar í heimsókn en hann bjó í Hamborg. Lögreglan tengdi því morðið á honum við morðið á Tasköprü. Þann 9. júní 2005 framdi hópurinn þriðja morðið í Nuremberg. Nú var það Ismail Yasar sem var skotinn til bana á kebabstað sínum. Þann 15. júní var Theodoros Boulgarides síðan myrtur í verslun sinni í München. Hann var grískur.

4. og 6. apríl 2006 myrti hópurinn Mehmet Kubasik og Halit Yozgat í Dortmund og Kassel. Báðir voru skotnir í höfuðið eins og flest fórnarlamba hópsins.

Þann 25. október 2007 var lögreglukonan Michèle Kiesewetter skotin til bana þar sem hún sat í lögreglubíl ásamt starfsfélaga sínum. Hann var skotinn í höfuðið en lifði af. Ekki er ljóst af hverju hópurinn réðst á lögreglumennina en getgátur hafa verið uppi um að það hafi verið vopn þeirra sem freistuðu ódæðismannanna. Skammbýssur lögreglumannanna voru að minnsta kosti teknar af þeim og fundust ekki aftur fyrr en í nóvember 2011.

Loksins komst lögreglan á sporið

Á öllum þessum árum stundaði hópurinn einnig rán til að verða sér úti um fé. Eins ótrúlega sem það hljómar þá tókst þýsku lögreglunni ekki að tengja morðin eða ránin saman. Gengið var út frá því að glæpagengi innflytjenda væru að verki. Ein aðalástæðan



fyrir þessu er að ríki Þýskalands eru hvert og eitt með sína eigin leyniþjónustu og þær eiga ekki í miklum samskiptum sín á milli og skiptast þar af leiðandi ekki mikið á upplýsingum.

Það var þann 4. nóvember 2011 að tveir menn, Uwe Mundlos og Uwe Böhnhardt, rændu banka í Eisenach. Lögreglan hafði uppi á þeim í húsbíl en þegar lögreglumenn nálgudust hann heyrðust tveir skothvellir og skömmu síðar braust eldur út í húsbílnum. Lögreglan telur að Mundlos hafi skotið Böhnhardt, því næst hafi hann kveikt í bílnum og síðan skotið sjálfan sig.

Samverkakona þeirra, Beate Zschäpe ók um austan- og norðanvert Þýskaland næstu daga en gaf sig fram við lögregluna þann 8. nóvember.

Réttarhöldin

Réttarhöldin í málinu hafa staðið yfir undanfarin fimm ár, með hléum þó. Zschäpe vildi nær ekkert segja við réttarhöldin en hún hefur aðeins tekið til máls tvisvar sinnum til þessa. Í síðara skiptið, í síðustu viku, sagði hún að hún styðji ekki lengur málstað þjóðernissinna og fordæmdu illvirki þeirra Mundlos og Böhnhardt. Hún sagði að hún hefði verið of veikburða til að geta yfirgefið þá.

Fá svör hafa fengist við réttarhöldin og almenningur er engu nær um af hverju einmitt þetta fólk var skotið til bana. Fólk hefur spurt sig hvernig þetta gæti gerst í landi sem hefur reynt að gera upp fortíðina og glæpi nasista. Einnig hefur það vakið miklar umræður hvernig hópi nýnasista tókst að aka um Þýskaland, myrða fólk og ræna pósthús og banka án þess

að lögreglan eða leyniþjónustur uppgötvaðu það.

Vitað er að þremmenningarnir hölluðust að nasisma strax á yngri árum. Þau áttu til að ganga í einkennisbúningum SS og láta til sín taka í orði. Við leit í bílskúr, sem Zschäpe hafði á leigu árið 1998, fannst 1,4 kg af TNT sprengiefni, rörasprengjur, vegabréf og áróðursrit hægriöfgamanna. En þremmenningarnir létu sig hverfa af yfirborði jarðar og lögreglan fann þá ekki aftur fyrr en 2011 eins og fyrr sagði.

Beate Zschäpe var á miðvikudaginn dæmd í ævilangt fangelsi fyrir sinn hlut í voðaverkunum. En þrátt fyrir að dómur sé fallinn eru þjóðverjar litlu nær um hvað rak þremmenningana áfram og hvernig svona illska getur grafið um sig í hjörtum ungs fólks. ■



Morgunmatur
Hádegismatur
Kvöldmatur

Matstöðin

Nýr Matsedill á hverjum degi!

Kópavogsbraut 115 / 200 Kópavogur / s. 844 1145

Sturla
Sighvatsson
Í hlutverki
Benjamíns Dúfu.



Heilluðu hjörtu og hurfu úr sviðsljósinu:

Hvað varð um þessar íslensku barnastjörnur?

Dropi af náttúrunni

Kaldunnin þorsklifrarolía
Íslensk framleiðsla

60 120/180 220 ml

„Fyrir mér er Dropi heilindi og lífsorka“

Tómas Valgeirsson
tomas@dv.is



Eflaust er það hægara sagt en gert að upplifa skyndilega frægð á bernskuárum. Sérstaklega hér á landi en eins og annars staðar hafa fjölmargar barnastjörnur skotið upp kollinum og stolið hjörtum landsmanna, til lengri eða skemmri tíma. Sumar þessar barnastjarna nýttu frægðina sem stökkpall inn á feril í listum á meðan aðrar létu skammtímafrægðina duga og sneru sér að öðru. DV tók saman í lista yfir barnastjörnur sem hurfu af sjónarsviðinu.

Viðskiptin sigruðu leiklistarbóluna

Örvar Jens Arnarsson fór eftirminnilega með hlutverk Tómasar í kvikmyndinni Bíódagar sem kom út árið 1994. Þá var hann rétt um tíu ára gamall en leiklistaráhuginn vék síðar fyrir öðru. Örvar er menntaður viðskiptafræðingur í dag og hefur starfað hjá Zo-On Iceland, Latabæ og Budget-bíla-leigu. Í dag starfar hann hjá samtökunum International Atomic Energy Agency og er búsettur erlendis.

Úr ábreiðum í ferðamálafræði
Katrín Sigurðardóttir var aðeins tíu ára gömul þegar hún gaf út

geisladisk með ábreiðum af vinsælum lögum árið 2002. Hún sagði skilið við söngferilinn á eldri árum og hóf nám við Háskóla Íslands í Ferðamálafræði með markaðsfræði og alþjóðavískafræði sem aukagrein. Í dag starfar hún í söludeildinni hjá Nordic Visitor.

Slógu í gegn í Noregi og snéru aftur heim

Þeir Rúnar og Arnar Halldórsynir nutu mikilla vinsælda sem drengjadúettinn The Boys á fyrri hluta tíunda áratugarins. Strákarnir voru sérlega vinsælir í Noregi þar sem þeir bjuggu og ferðuðust víða um heim á hátindi vinsældanna. Heimþráin fór hins vegar að segja til sín og fluttu þeir heim til Íslands um miðjan tíunda áratug. Með árunum voru þeir klárir á því að dúettbransinn væri betur geymdur í minningunni og snéru þeir sér að öðrum verkefnum og geirum, bæði innan tónlistar og utan.

Tók upp nafnið Holloway

Sigurbjörg Alma Ingólfssdóttir heillaði marga íslenska kvikmyndagesti upp úr skónum þegar hún lék hina bráðsnjöllu Reginu í samnefndri barna- og fjölskyldumynd. Þegar fór að líða á unglingsárin flutti hún til London og hóf leiklistarnám við Rose Bruford College og hefur tekið upp ▶

Banani greip æpli



Gómsætir veislubakkar,
sem lífga upp á öll tilefni.
Er kannski heilsuátak
framundan?

Ávextir í áskrift kosta um
550 kr. á mann á viku
og fyrirhöfn fyrirtækisins
er engin.




www.avaxtabillinn.is • avaxtabillinn@avaxtabillinn.is • 517 0110



EIGUM MARGA
LITI Á LAGER

ÁLKLÆÐNINGAR & UNDIRKERFI

HANNAÐ FYRIR
ÍSLENSKT VEÐURFAR



Nánari upplýsingar á
mt.is og í s: 580 4500



Örvar Jens í hlutverki Tómasar
í kvikmyndinni Blóðdagar.



erlenda sviðsnafnið Siddý Holl-
oway. Ferill hennar sem leikkona
hefur enn ekki tekið almennilega
við sér og fór hún seinna meir að
gera góða hluti sem leiðsögumað-
ur fyrir London Transport Muse-
um, þar sem leiklistaráhuginn og
námið hefur líklegast komið að
góðum notum.

Dýnamískt dúó

Þegar Stikkfrí kom út árið 1997 var
varla mannsbarn sem þekkti ekki
til þeirra Freydísar Kristófers-
dóttur og Bergþóru Aradóttur.
Þær stóðu sig eins og hetjur í
stórvinsælli fjölskyldumynd og
rændu hjörtum margra. Seinna
fuðraði upp leiklistaráhugi beggja
og fór Freydís að leggja hönd á
keramiklist ásamt öðrum ver-
kefnum. Aftur á móti starfar
Bergþóra sem markaðsfulltrúi
hjá Marel en hún er dóttir Ara
Kristinssonar, leikstjóra myndar-
innar. Það sama gildir um Bryn-
dís Sæunni Gunnlaugsdóttur, en
hún lék litla barnið í myndinni,

sem þær Bergþóra og Freydís
„rændu“. Það þykir oft vera snúíð
að ná sannfærandi frammistöðu
úr ungabörnum á hvíta tjaldinu,
en Bryndís stóð sig með mikilli
prýði. Í dag stendur hún vaktina á
veitingastaðnum VOX.

Tveir í Bamm

Íslensku tvíburarnir Hlynur og
Marínó Sigurðssynir vöktu held-
ur betur mikla athygli árið 1994
í stórmyndinni um Steinaldar-
mennina, eða The Flintstones,
í framleiðslu Stevens Spielberg.
Í sameiningu léku bræðurnir
hinn nautsterka Bamm-Bamm
og deildu hvíta tjaldinu með
leikurum á borð við John Good-
man, Halle Berry og Rick Moran-
is. Fígúran Bamm-Bamm prýddi
einnig þrælskemmtilegt plakat
sem fylgdi myndinni en má þess
geta að hún var látin hverfa þegar
kom að umslaginu fyrir stafrænu
útgáfu myndarinnar. Drengirnir
ákváðu að sækja ekkert frekar í
leiklistina eftir þessa stórmynd en

þeir urðu þrítugir í sumar. Mar-
ínó starfar í dag sem smiður hjá
leikmyndastúdíóinu Irma en DV
hefur ekki upplýsingar um hvaða
starfsferil Hlynur hefur valið.
Hann er þó ekki leikari.

Benjamín dafnar vel

Hlutverk Benjamíns dúfu fylgdi
Sturlu Sighvatssyni langt fram að
fullorðinsárum. Í kjölfar frum-
sýningu myndarinnar árið 1995
herma sögur að krökkum hafi
þótt vinsælt að kalla Sturlu nafni
persónu hans í myndinni. Sturla
kom einnig fram í kvikmyndun-
um Skýjahöllin og 101 Reykjavík
og fór með hlutverk Emils í Katt-
holti í langlífri sýningu Þjóðleik-
hússins árið 1992. Auk þess sinnti
hann talsetningum á barnaefni
en í seinna lauk hann námi í við-
skiptalögfræði við Háskólann á
Bifröst og starfar í dag við fast-
eignaþróun og fjárfestingar. Var
hann einn af arkitektunum á bak
við fasteignarisann Heimavelli
svo eitthvað sé nefnt. ■

Útsala

— allar vörur —

10%
20%
40%
50%
75%


BY APPOINTMENT TO
HER MAJESTY THE QUEEN OF DENMARK
GEORG JENSEN
ESTABLISHED 1845


GEORG JENSEN
DAMASK


ROYAL COPENHAGEN
THE ART OF COPENHAGEN SINCE 1775


ROSENDAHL
COPENHAGEN


Villeroy & Boch
1748


CATHRINEHOLM
OF NORWAY

FREDERIK
BAGGER *dk*

KOSTA
BODA
SWEDEN 1742

Pipha/Inblad

LINDDNA

WMF

eb
erik bagger


 **LE CREUSET®**

KÚNÍGÚND

SÉRVERSLUN MEÐ VANDAÐAR GJAFAVÖRUR

Laugavegur - Kringlan - Glerártorg - kunigund.is

Tímarvélín



TAPAZT hefir kvenvettlingur, tvíbandaður, móraudur og hvítur, sennilega á Framnesvegnum. Vinsamlega skilist á Hringbr. 211. I. hæð. (505)

Gamla auglýsingin

Vísir 17. apríl 1946



Helgi lengdur um 31 sentimeter í Síberíu

Árin 1982 og 1984 fór íslenskur drengur, Helgi Óskarsson, í lengingaradgerðir til Síberíu. Lengdist hann þá alls um 31 sentimetrar, og var orðinn 148 sentimetrar að hæð að þeim loknum.

„Ég var yfir mig ánægð að sjá Helga. Þetta gengur allt svo vel,“ sagði Ingvaldur Höskuldsdóttir, móðir Helga í viðtali við DV 10. ágúst árið 1984.

Það var prófessor Ilizarov sem hafði umsjón með adgerðum Helga í borginni Kurgan í Síberíu í þáverandi Sovétríkjunum. Í fyrra skiptið var hann lengdur um 18 sentimetra og 13 í seinna.

Adgerðirnar voru mjög sársaukafullar og var Helgi til dæmis hengdur upp á nóttunni, of sársaukafullt var að liggja alla nóttina. Spítalinn í Kurgan sérhæfði sig í þessum adgerðum og voru fjöldi barna frá ýmsum Evrópuríkjum þar, þar á meðal 19 ára íslensk stúlka, Valgerður Hansdóttir. ■



Kraftaverkið á Þorkeli Mána

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is



Í febrúarmánuði árið 1959 bjargaðist áhöfnin á togaranum Þorkeli Mána eftir að hafa lent í ofsavæðri á miðunum við Nýfundnaland. Í þrjá sólarhringa börðu skipverjar ísingu af skipinu án þess að una sér hvíldar og minnstu munaði að skipið hvolfdist í hafið. Á undraverðan hátt lifðu þeir allir af en annar togari, Júlí, fórst með allri áhöfn.

Heyrðu neyðarkall frá dönsku skipi

Togarin Þorkell Máni RE-205 var keyptur af Bæjarútgerð Reykjavíkur árið 1952 frá bænum Gool í Englandi. Þetta var dýrasti togarinn af átta sem keyptir voru, kostaði rúmar tólf milljónir króna og var nefndur í höfuðið á Þorkeli Mána lögsögumanni, sonarsyni Ingólfs Arnarssonar landnámsmanns. Flestir togarar voru knúnir með gufu á þessum tíma en Þorkell Máni var díseltogari og því öflugri.

Á Þorkeli Mána var 32 manna áhöfn og frá árinu 1956 var Mart-

einn Jónasson skipstjóri. Þetta var fengsælt skip sem veitt hafði vel þau ár sem Marteinn stýrði því. Í lok janúar árið 1959 hélt skipið á miðin við Nýfundnaland í Kanada til veiða og 4. febrúar var skipið komið á veiðisvæðið en þar voru einstaklega gjöful karfamið.

Ferðin hófst á nóturlegan hátt því á leiðinni út heyrðu skipverjar neyðarkall frá dönsku Grænlandsskipi, MS Hans Hedtoft. Það hafði rekist á borgarísjaka í jómfrúarferð sinni og var á leiðinni niður. Of langt var fyrir Þorkel Mána og önnur skip að koma til aðstoðar og því sökk Hans Hedtoft með 95 manns, þar af fimm börnum, á milli Grænlands og Danmerkur. Eitt versta sjóslys í sögu Danmerkur og Grænlands.

Ofsavæður skellur á

Þorkell Máni var í þrjá daga við Nýfundnaland, veðrið var sæmilegt og veiðar voru góðar. Skipverjar voru kátir og glaðir þó að vinnan væri mikil. Föstudaginn 7. febrúar var skipið orðið drekkhlaðið, ofhlaðið í raun. Tonnin voru orðin 350 tals-

Skipverjar börðu ísinn. Norðurslóð 18. desember 2002.



ins og því mikill fengur fyrir bæði útgerðina og sjómennina sjálfa en þetta skapaði hættu sem þeir sáu ekki fyrir. Fleiri togarar voru á veiðum á svæðinu, þar með taldir íslensku togararnir Pétur Halldórs-

son, Bjarni riddari, Marz og Júlí. Íslensku skipin veiddu öll í hnapp á litlu svæði.

Um leið og Þorkell Máni var fullur skall á óveður. Skipið var gert sjóklárt á laugardegnum og siglt upp

next

ÚTSALA

40-60%

AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM ÚTSÖLUVÖRUM



Ríó tríó spiluðu í kjólum

Sumarið 1977 kom þjóðlagahljómsveitin Ríó tríó fram í kjólum á tónleikum í Austurbæjarbíói og vakti það heilmikla kátínu.

Ríó tríó skipuðu þeir Ólafur Þórðarson, Helgi Pétursson og Ágúst Atlason. Þeir voru um tíma ein vinsælasta hljómsveit landsins og ásamt Þremur á palli og Savanna tríóinu með stærstu þjóðlagahljómsveitum Íslands-sögunnar.

Ríó-menn klæddust oft bún-ingum, sér í lagi þegar þeir komu fram í sjónvarpi. Í eitt skiptið klæddust þeir kjólum og voru með farða en það var á tónleikum í Austurbæjarbíói og þá kölluðu þeir sig Mánasystur.

Þeir sungu aðeins eitt lag, Ástin mín eina Steini, og þá í mikilli falsettu. Meirihlutinn af sýningunni fór í að segja skrítlur og sögur. ■



Marteinn Jónasson á blaðamannafundi. Tíminn 17. febrúar 1959

Marteinn sagði við blaðamenn Morgunblaðsins eftir slysið: „Skipshöfnin sýndi mikla hörku og dugnað við þetta starf, enda var hún samvalin, allt vanir sjómenn og þrekmiklir. Þrátt fyrir klakabarninginn fékk skipið hvað eftir annað hættulegan halla ýmist á bak eða stjórn og var þá horfið að því ráði að logskera bátuglurnar (eða daviðurnar) í sundur.“

Kraftaverk að enginn skyldi falla útbyrðis

Oft var erfitt að sjá hvar ís var að myndast og stundum mynduðust heilu klakabeltin á göngunum, spilinu og víðar. Í svo mikilli ísingu munaði um hvert kíló því að það þurfti að halda þyngdarpunktinum á réttum stað. Til tals kom að fella möstur skipsins því að ekki tókst að halda þeim íslausum.

Skipverjar fengu sjóinn yfir sig þar sem þeir reyndu að berjast við ísinguna í myrkri og hríðarbyl. Klakakrap fór innan á stakka þeirra og ofan í stígvélin. Mennt reyndu að skiptast á að fara inn og þurrka sig en það var erfitt því að rafmagnsofnanir biluðu sem og flest annað. Inni var líka frost og lítið sást út um gluggana. Skipskokkurinn Sigurgísli sá þó til þess að menn fengu orkumikið kjöt að borða allan tímann.

Skipverjar ríghéldu sér en hentust engu að síður til og frá í ölduganginum og oft mátti litlu muna að þeir færu útbyrðis. Í raun var það kraftaverk að enginn skyldi fara í sjóinn.

Gefið var út neyðarkall til nálæggra báta. Skipverjar á Júní svöruðu fyrst, síðan á Bjarna riddara og Marz en það reyndist erfitt að finna Þorkel Mána og komast nálægt honum. Ekkert var hægt að gera annað en að berja linnulaust, án hvíldar og án svefns. Önnur skip áttu einnig í baráttu við veðrið og ísinguna. Af og til höfðu skipin samband sín á milli til þess að sjá hvernig gengi og hvort hægt væri að komast nær.

Einn slasaðist og annar bugaðist

Á sunnudagsmorgninum kom stór gusa á skipið og annar stýrimaður, Sigurður Kolbeinsson, sem stóð



Þorkell máni eftir að búið var að skera bátana og sjóða uglurnar hurt. Sjómannadagsblaðið 1. júní 1996

frammi á hvalbak að berja, fékk hana yfir sig. Féll hann og lenti á bakinu þannig að hann slasaðist illa. Var hann borinn inn í hásetaklefa og búið að honum.

Oft varð ísingin slík á sunnudeginum að Þorkell Máni seig á aðra hvora hliðina og einu sinni sýndi hallamælirinn 60 gráðu halla. Olíu var dælt milli síðutanka til að reyna að rétta skipið af og skipstjórinn sýndi ótrúlega lagni og útsjónarsemi við að stýra skipinu. Stundum virtist skipið vera að rifna í sundur við átökin.

Ástandið reyndi líka mikið á skipverjana andlega og vonleysið heltók þá. Þórður yfirvélstjóri sagði: „Ég hugsaði alltaf af og til að nú væri þetta bara að verða búið. Næsta alda sem kæmi yrði sú síðasta, hún myndi færa okkur á kaf... Mér fannst þetta vonlaus staða.“

Sumir misstu kjarkinn tímabundið og aðrir alveg. Einn var sendur inn í herbergi vegna þess að hann var algerlega gagnslaus og brotinn. Þetta var neyðin í sinni tærustu mynd. Ofan á hræðsluna við dauðann og óttann um fjölskyldurnar heima bættist svefnleysið, þreytan og kulddinn.

Bryggjan troðfull

Um klukkan átta á sunnudagskvöldið heyrðist í síðasta skiptið í Júlí og gekk þá ágætlega hjá þeim. Svo sást loks ljós frá Marz. Ræddi Marteinn þá við Sigurgeir Pétursson, skiptstjóra Marz, um björgun á mönnum ef til þess kæmi. Myndu þeir þá setja gúmmífleka yfir af öðru hvoru skipinu.

Á mánudeginum hafði veðr-

id batnað örlítið og á þriðjudagsmorgun var hægt að sigla í áttina að Íslandi. Sigldu Þorkell Máni og Marz þá í samfloti en þá var áhöfnin á Þorkeli Mána úrvinda eftir tvo og hálfan sólarhring af barmingi. Þar að auki var botnfredið í öllum vatnstönkum nema einum.

Aðfaranótt sunnudagsins 15. febrúar, klukkan hálf þrjú, kom Þorkell Máni til hafnar í Reykjavík. Þá var enn ís á þilfarinu. Bryggjan var troðin af fólki en þar ríkti dauðabögn því ekki höfðu öll skipin á Nýfundnalandsmiðum skilað sér í höfn. Sjúkrabíll var á bryggjunni til að sækja hinn slasaða mann og þegar skipverjarnir stigu í land föðmuðu þeir ástvinu sína þéttingsfast með tár á hvarmi.

Þjóðarsorg

Ekkert meira heyrðist frá togaranum Júlí eftir klukkan átta á sunnudagskvöldið viku áður. Júlí var í eigu Bæjarútgerðar Hafnarfjarðar og á honum þrjátíu manna áhöfn. Í viku eftir óveðrið var leitað að togaranum á skipum og flugvélum en ekkert fannst. Kanadamenn, Bandaríkjamenn og Sovétmenn tóku þátt í leitinni. Þriðjudaginn 17. febrúar tilkynnti útgerðin að Júlí væri talinn af með allri áhöfn.

Um 300 Íslendingar voru á veiðum við Nýfundnaland þessa febrúardaga og mikil lukka að flestir skyldu snúa til baka. En þjóðarsorg ríkti vegna mananna 30 sem fórust með Júlí og vegna annars slys sem varð daginn eftir að tilkynnt var að Júlí var talinn af. Þá fórst vitaskipið Hermóður með tólf manna áhöfn við Reykjanes. ■



Laddi móðgaði feitar konur og Kínverja

Þórhallur Sigurðsson, betur þekktur sem Laddi, var risinn í íslensku gríni í um tuttugu ár og bjó til persónur sem lifa enn góðu lífi. Sumt af því sem kom út eftir hann myndi þó teljast ansi óviðeigandi í dag.

Árið 1990 gaf hann út plötuna Of feit fyrir mig sem vakti mikla athygli. Þar voru þekkt lög eins og Ég er afi minn og Hlusan. En titillagði vakti þó upp nokkra reiði, sér í lagi hjá konum í yfirvigt.

„Ég var að árita plötur og þá kom ein kona og var alveg brjáluð. Hún sagði að ef við værum í Bandaríkjunum væri búið að kæra mig,“ sagði Laddi í viðtali við DV en lagið er einmitt amerískt að uppruna.

Grínverjinn var annað lag og persóna sem vakti reiði, en hann var til dæmis notaður í auglýsingum fyrir flugelda. Kínverskir innflytjendur móðguðust svo mikið að Laddi hætti að koma fram sem Grínverjinn. ■

Draugur hreldi unga stúlku í Árnessýslu: „Einhver var að sleikja eina rúðuna“

Í desember árið 1937 sendi ung stúlka, Krístrún Guðmundsdóttir frá bænum Laugar- dal í Árnessýslu, lesendabréf til barna- og unglingablaðsins Hörpunnar. Þar lýsti hún skelfilegri reynslu sinni af draugagangi sem átti sér þó eðlilegar skýringar.



„Það var eina vetrarnótt, að ég vaknaði við, að einhver var að hamast í kringum bæinn, með því líkum berserksgangi, að ég hef nú aldrei heyrt annað eins, og varð ég dauðhrædd. Ég byrgði mig niður í koddann minn. Og ekki leið á löngu, þar til ég heyrði einhvern banka í gluggann, og ég sá glóra í þrjár eldrauðar glyrnur.“

Var þetta mikið áfall fyrir Krístrúnu og á þessari stundu var stúlkan unga við það að missa vitið af hræðslu. Hún hélt áfram:

„Skömmu seinna var komið við hurðina, eins og hala væri dinglað við hana, og nú sýndist mér snjóhvít vofa standa hjá dyrunum. Ég byrgði mig enn fastar ofan í koddann minn, og ég heyrði hjartað í mér slá sem sleggju.“

Á þessum tímamarki byrjar sagan hins vegar að verða undarleg.

„Nú sá ég, að einhver var að sleikja eina rúðuna, og svo var hlaupið um allt tún, og mér heyrðist það vera afar þungt fóttak. Ég vakti lengi eftir þetta. Loks heyrði ég klukkuna slá sex. Ég lá í einu svitabaði.“

Til allrar hamingju fékk Krístrún unga þó skýringar á „draugaganginum“ og hugarró.

„Loks sofnaði ég og vaknaði við það, að vinnumennirnir voru að tala um, að tuddinn hefði losnað út úr fjósinu í nótt. Nú skildi ég allt, og ég vona, að þið gerið það líka.“ ■

SÓFA & BORDSTOFU DAGAR

20-50% AFSLÁTTUR Á SÓFA OG BORDSTOFUDÖGUM

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

Síðumúla 30 - Reykjavík
Hofsbót 4 - Akureyri

Sunneva Ása Weisshappel:

„Böðuðum hljómsveitina upp úr kindablóði í plastsundlaug“

■ Setur upp Rómeu og Júlíu í München ■ Íslenskir listamenn eru enn að berjast fyrir til

Guðni Einarsson
gudnieinarsson@dv.is



Listakonan, búningahönnuðurinn og ævintýrastelpan Sunneva Ása Weisshappel hefur verið áberandi í listalífi Þjóðarinnar undanfarnar ár þar sem hún fer ótroðnar slóðir í listsköpun sinni sem vakið hefur mikla athygli hér heima og erlendis. Hún hefur verið áberandi í leikhúslífi Þjóðarinnar þar sem hún hefur séð um búningahönnun en hún hlaut til að mynda Grímuverðlaunin árið 2015 fyrir búninga í sýningunni Njálu en það var frumraun hennar í faginu.

Sunneva hefur starfað mikið erlendis við búningahönnun með leikstjóranum Þorleifi Erni Arnarsyni, en jafnframt sinnt myndbandagerð og kóréografíu fyrir leikhúsvörk. Þá hefur Sunneva Ása leikstýrt og unnið við gerð fjölda tónlistarmyndbanda og fengið margar tilnefningar til verðlauna, bæði hérlendis og erlendis, meðal annars á Íslensku Tónlistarverðlauninum, The Northern Wave Film Festival og Nordic Music Video Awards.

Hver er Sunneva Ása Weisshappel?

Ævintýrastelpan, listakona og fagurkeri.

Hver er bakgrunnur þinn og hverskonar list einbeittir þú þér að?

Ég hef alla tíð æft dans og var alltaf í alls konar listum. Ég útskrifaðist af Listabraut í FB og í framhaldinu hóf ég myndlistarnám við Listaháskóla Íslands, því ég taldi að þar fengi ég mesta frelsið til að skapa. Ég útskrifaðist úr LHÍ árið 2013 og hef starfað við list alla götur síðan. Þessi grunnur, myndlist og dans, er rauði þráðurinn í minni listsköpun. Ég er þó enn að rannsaka listformin og vil ekki festa mig við eitthvað eitt. Ég er bara á bólakafi ofan í kanínuholunni.

Hvaða listform heillar þig mest? Hvers vegna?

Kvikmyndamiðilinn hefur alltaf heillað mig mjög mikið, eflaust vegna þess að hann sameinar svo mörg listform. Þar get ég sett allt sem ég elska saman í eitt verk. Mig dreymir um að leikstýra kvikmynd í fullri lengd, það er næsta skref. Mér líður samt alltaf eins og ég sé trúlofuð myndlistinni og þegar ég svara spurningu sem þessari, eins og ég sé að halda framhjá. En ég veit að þegar ég geri kvikmynd þá yrði hún hvort eð er alltaf líka myndlist. Þetta verður svona trikantur.

Hvað veitir þér innblástur?

Allt sem ég upplifi, þá helst af öllu ástin. Hún er svo mögnuð og er í öllu. Að vaxa og þroskast samhliða henni er ótæmandi innblástur fyrir listina. Ég er svampur á umhverfi mitt, ég horfi

og skoða, fer ein í ferðalög, sit og fylgist með. Hvernig litir breytast, fólk hreyfir sig og talar saman. Ég elska skynfærin, lykt og snertingu. Ég gramsa í skrifum skálda og heimspeklinga til að dýpka og víkka hugmyndir mínar, sjá aðrar víddir og sjónarmið. Verk listamanna eru líka mikill innblástur. Við upplifum öll heiminn svo ólíkt en á sama tíma svo svipað. Þessi suðupottur af upplifunum sem við getum sótt í eru mikil forréttindi. Hvernig manneskjan á í samskiptum við náttúruna sem er svo miklu stórbrotinari en við. Mér finnast einnig mannleg samskipti ákaflega áhugaverð, tilfinningar, dauðleiki okkar og breistir, tilvistarheimspeki og sálfræði, draumar og undirmeðvitundin. Tilraunir mannsins til að stjórna öllu og einnig hrífst ég af göldrum.

Þú hefur unnið mikið erlendis. Hvaða verkefni eru það, eitthvað sem stendur upp úr?

Ég hef bæði starfað við myndlist og leikhús. Mín uppáhalds myndlistarsena erlendis er Wonderhópurinn í París þar sem ég vinn gjarnan á milli verkefna. Í leikhúsinu hef ég unnið með leikstjóranum Þorleifi Erni Arnarsyni og gert búninga, hreyfingar og videoverk. Við höfum mest unnið í Þýskalandi en líka í Þjóðleikhúsinu í Osló. Það er magnað að vinna með honum því hann treystir mér og veitir

Á Íslandi líður mér stundum eins og ég hafi valið mér starfsgrein sem samfélagið lítur niður á, það er ekki skemmtileg tilfinning en erlendis upplifi ég að framlag mitt skipti meira máli.

mér það frelsi sem ég þarf. Það er einstakt, þroskandi og gefandi, en engu að síður krefjandi, því frelsinu fylgir ábyrgð. Ég hef lært svo mikið. Í raun stendur hvert verk upp úr, þetta er eitt stórt ferðalag. Ég fæ að þenja mörk búningalistar eins vött og húsin leyfa mér. Ég hef til dæmis hannað fljúgandi málmuskúlpúra sem svífandi dansarar komu út úr fyrir Othello í Dresden. Þá fæ ég líka að hanna hreyfingarnar. Mér finnst gaman að blanda saman dansinum og myndlistinni á þennan hátt. Ég hannaði líka þriggja metra langan dreka sem var eins konar búr fyrir Fáfni, dregann í Sigegfried-óperunni eftir Wagner. Fyrir vændiskonuna í Mutter Courage gerði ég pils úr málmí sem þakti

alla leikmyndina. Ég hef gert feita svífandi karla, byggði blóm sem sveif um sviðið og opnaðist og út steig óperusöngkona. Í leikhúsinu er pláss fyrir galdra og það er svo mikið af fagfólki sem vinnur innan þess sem hjálpar manni að gera hugmyndirnar að veruleika.

Liggur alltaf einhver hugmyndafræði að baki því sem þú gerir?

Á bak við hverja framkvæmd er hugmynd. Ég reyni samt að búa til verk sem eru opin og virka sem speglar, mér finnst það ekki mitt hlutverk að mata áhorfandann með minni hugmynd heldur reyni ég að búa til samtal eða tengsl við áhorfandann. Ég elska þegar fólk upplifir og sér ólíka hluti enda erum við öll svo ólík og alltaf að spegla okkur sjálf, heimsmynd okkar. Það er það sem mér finnst til dæmis svo fallett við listina og þess vegna er hún svo mikilvæg.

Hvað veldur því að þú velur einn miðilinn fram yfir hinn þegar þú færð hugmynd að verki?

Listmiðlar eru eins og verkfæri, sá miðill sem mér finnst miðla best því sem mig langar að búa til, skoða eða varpa ljósi á verður fyrir valinu. Eða bara það sem ég er í stuði fyrir þá stundina. Ég er scatt-er brain og nett ofvirk...

Hver er sýn þín á búningahönnun sem listform?

Ég nálgast búningahönnun sem myndmál, aðra dýpt, innri frásögn



MYNDHANNA

Verurétti sínum

í sögunum á sviðinu. Búningar eru sem myndlist eða skúlptúrar á sviði. Mér finnst gaman að túlka raunveruleikann í ýkjum, absúrdisma og súrrealisma og finnst það gjarnan hjálpa til við að benda á hið ósýnilega og ósagða. Áferð og form skipta mig miklu máli og ég vinn gjarnan sjálf í höndunum, mála og móta. Ég vinn búninga í ferli og leyfi hugmyndum að breytast og þróast með verkinu. Þannig verður allt saman til, í samtali við deildir, listræna stjórnendur og flytjendur. Leikhúsið er stórkostlegt því það býður okkur upp á svið þar sem allt getur gerst og allir listmiðlar vinna saman. Það er það sem mér finnst spennandi. En til þess að geta unnið búninga á þennan hátt þá verð ég að fá listrænt frelsi og mér líður best í samstarfi með leikstjórum og listafólki sem veita mér það.

Attu þér einhverjar fyrirmyndir þegar kemur að listsköpun?

Hvar á ég að byrja!! Ég elska Björk, Kate Bush og Madonnu. Ég get horft og dáðst að Freddie Mercury tímunum saman og er ástfangin af Jean-Michel Basquiat. Pina Bausch hefur haft mikil áhrif á mig og ég elska videoverk Chris Cunningham og kvikmyndir Alejandro Jodorowsky. Alexander McQueen og Federico Fellini, Salvador Dalí, Frida Kahlo, Pipilotti Rist og svo marga í viðbót að ég myndi fylla blaðið.

Hvernig er vinnuferli þitt?

Oftast fæ ég bara hugmynd sem ég framkvæmi strax, ég vil gera hlutina strax. En ef ég er á kafi í öðru verkefni þá skissa ég hugmyndina hjá mér og legg í framkvæmd þegar stundin er rétt og ég hef tíma. Ég á ógrynnin öll af skissubókum með hugmyndum af myndlistarsýningum, vídeoverkum, gjörningum og skúlptúrum. Ég er reyndar alveg hörmuleg að sækja um styrki og sýningarpláss og vil frekar nýta tíma minn í að skapa. Ég skil ekki alveg þann stóra hluta af listheiminum í dag. Ég vinn alltaf sirka 5-6 verkefni samhliða í einu. Þegar ég verð þreytt eða andlaus í einu verkefni þá fer ég í næsta og vinn verkin svona í skorpum. Þetta vinnuferli hentar vel haus eins og mínum og orkunni minni.

Finnst þér vera munur á því að starfa erlendis og hér heima?

Hér heima er auðvelt að verða sýnilegur því við erum svo lítil og það er gott. Erlendis er meiri fjölbreytni, menningarlífið vegur þyngra og þar af leiðandi eru miklu meiri peningar. Listasenan er vitanlega stærri en hér heima og það er auðveldara að finna hóp fólks sem maður samsvarar sig með. Á Íslandi líður mér stundum eins og ég hafi valið mér starfsgrein sem samfélagið lítur niður á, það er ekki skemmtileg tilfinning en erlendis upplifi ég að framlag mitt skipti meira máli. En heima er best og það er eitthvað alveg einstakt hér, ég er komin með heimþrá.

Hvað finnst þér um listsenuna á Íslandi? Er eitthvað sem mætti betur fara?

Listasenan er flott og kraftmikil, íslenskir listamenn hafa eitthvað alveg sérstakt og magnað, við erum svo fjáls, óheft, hrá og villt. En því miður eigum við eitthvað í land með að standa samfélagslega jafnfætis listamönnum erlendis. Við erum ennþá að berjast fyrir tilverurétt okkar hérna heima, enda er listasaga okkar stutt. Í stærri borgum erlendis er meiri virðing borin fyrir hlutverki listamanna. Hér er til dæmis árlega rifist yfir listamannalaunum, sem er bara brandari.

Þú ert stofnandi Algara Studios. Hvernig kom það til og hvað er Algara Studios? Hvaða starfsemi fer þar fram?

Þegar ég útskrifaðist úr Listaháskólanum vildi ég ekki missa vinnurýmið og verkstæðin sem skólinn bauð upp á. Það var ekkert til fyrir unga listamenn í Reykjavík, leigumarkaðurinn er rugl og í miðbænum hefði ég fengið kompu fyrir það rými sem við fengum upp á Höfða þar sem við stofnuðum Algara Studio. Við vorum hópur fólks sem gerðum ótrúlega skemmtilega og magnaða hluti, héldum sýningar og tónleika og viðburði. Tókum á móti erlendum listamönnum, vorum með vinnustofur og rákum hljóðstúdíó og myndbandaver þar sem við framleiddum myndbönd. Algara var starfrækt frá 2013-2017. Hún er ekki lengur til en er stórkostleg minning. Ég var hins vegar að opna nýja vinnustofu í Ármúla sem verður svona fósturmamma Algara og í vetur verða nokkrir listviðburðir þar.

Þú hefur komið að og pródúserað mörg tónlistarmyndbönd í gegnum árin. Segðu okkur aðeins frá því. Er eitthvað myndband sem stendur upp úr?

Ég hef leikstýrt og framleitt helling af tónlistarmyndböndum. Mig langaði að æfa mig meira í videomiðilnum og tónlistarmyndbönd eru kjörin því þau eru með tímaramma og þemu. Ég byrjaði að gera stuttmyndir og klippa í VHS-tækini heima sem krakki og hef alltaf

unnið vídeóverk með listinni. Ég vildi æfa mig og safna reynslu áður en ég færi lengra inn í kvikmyndamiðilinn. Tónlistarmyndbönd eru sniðug, mögnuð og hraðvirk leið til að koma efninu út, gera litlar tilraunir. Miklu stærri áhorfendahópur sér tónlistarmyndband en til dæmis skritinn videogjörning á YouTube. Ég hélt reyndar að ég gæti haft tekjur af þessum miðli en alveg eins og myndlistarsenan heima er tónlistarsenan fjársvelt og engin almennileg laun þar að fá. Það sem drífur mig áfram en óslökkvandi ástríða. Blood Burst sem ég leikstýrði fyrir Mammút ásamt Anni Ólafsdóttur stendur upp úr því það var svo EPÍSKT... Við böðuðum hljómsveitina upp úr kindablóði í plastsundlaug á

þakinu í Algara Studio um vetur, allt í snjó. Algjört white trash, sturt og skritið, fátánlega gaman. Það komu um 30 manns að verkefninu sem endaði svo á því að það var keyrt yfir kameruna mína. Ég lagði hana frá mér upp á gangstétt til að skipta um minniskort og þá birtist bíll og ók yfir vélina. Þar með gerði ég ekki fleiri myndbönd í bili.

Hvernig sérd þú fyrir þér samband myndlistar og myndbandslistar? Helduru að það séu einhver tengsl hjá þér þar?

Þetta helst allt í hendur. Ég vinn til dæmis ekki myndband nema ég hafi listrænt frelsi og þar kemur myndlistin inn. Þetta er bara ang af henni, myndmál, myndbygging, form og litir og svo er klipping dans, tilfinning og taktur.

Í hvaða verkefni ertu núna?

Ég er að skipuleggja sýningar-röðina „Sugar Wounds“ ásamt hópi íslenskra listakvenna sem verður í Ármúla í september. Svo var ég að klára tókur á nýju myndbandi fyrir Mammút í samstarfi við listakonuna Sögu Sig. Ég er að byggja skúlptúra fyrir einkasýningu sem ég verð með í Gallerí Port í nóvember og að undirbúa verk fyrir Plan B festival á Borgarfirði í ágúst. Það er alltaf nóg að gera.

Hvað er næst á sjóndeildarhringnum hjá þér?

Ég sit núna á flugvelli í Osló og er að fara í viku sumarfrí til Krítar og svo beint til Þýskalands að setja upp Rómeo og Júlíu með Ernu Ómars og ballettnum í Munich. ■

ERTU AÐ FARA Í FLUG?
ÞJÓNUSTUM ÞIG OG ÞÍNA Í MAT OG DRYKK

RAIN

Hafnargata 19a Keflavík / S. 421 4601

Hamingja í hverri skeið
Hádegisboð breytilegt eftir dögum

Sægreifinn
geirsgötu 8 / s. 553 1500

Helgarkrossgátan

						→	↓	söngla	dýrahljóð	huglausan
							1			
							↓			
								listamañ		
								væl		tæmd
krossgátugerð: Bjarni sími: 845 2510	↓	tappanum	skitugt	sleikir	íþr. félag	Teikning: Halldór Andri eftirprentun bónnuð	þraut	úrangur		
flækingur									hnaut	7 saum
vankar					2	snúin vikur				
kúgar					fiflin					
aga					eyðing samið					slæm
skáld			storm marra				rok	uns eldsneyti		
3 eins					umrót einnig			5	borg form	
	8	dá					skatt hverfa			óð
	↓	áttund buklaðir			karldýrin líffærin					fiklana 3
kúga				áverki litaða				eldsneyti útlím		
gjamm			tötra 2 eins						2 eins fædd	
	↘						sagga gnauð			4
detta							tautað bág			
vitstola			álpast mublurnar					eins um n forað		
hækkun				peningana kóðin						píluna
	blóm árna				2 eins		maðka	6	tungl	baksið
	9	spendýr kaðal					lirfur tré			
sumblar								veislu tímabil		
bandaríkja- maður							skömmin			
skelin							sleikta			

1	2	3	4	5	6	7	8	9
---	---	---	---	---	---	---	---	---

Sudoku

Auðveld

	3		6			1		8
	6	1	8	9	2	5		
	7							6
		4		5	1	6		3
8	1			6	4			
	9		2			7		
						8		5
	8	2		7				
		7		1			9	

Erfið


6	7	1		3			5	
								7
								6
				1			4	
			2				7	
						7	9	8
			7	2				
	8			4		5		3 1
	5			6	1			

Verðlaunagáta

Helgarkrossgátan inniheldur lausnarorð.
Lausnarorð skal senda ásamt nafni og símanúmeri á netfangið krossgata@dv.is



Vinningshafi krossgátu síðustu helgar er ...
Hallfríður Frimannsdóttir
Sólheimum 14
104 Reykjavík
Lausnarorðið var **NAGLASÚPA**
Hallfríður hlýtur að launum
bókina Þú og ég og allt hitt



Verðlaun fyrir gátu helgarblaðsins eru bókina Fyrir fallið

Í sumarþokunni síðla kvölds fljúga ellefu manns í einkapotu frá Martha's Vineyard áleiðis til New York. Á tján mínútum síðar hrapar vélin og hverfur í hafið. Þeir einu sem komast af eru listmálarinn Scott Burroughs og fjögurra ára gamall drengur sem er erfinfi ótrúlegra auðæfa fjölmiðlamógúls.

Var þetta slys eða voru einhver myrkræflir að verki? Fjölmiðlafar skellur á eins og hendi sé veifað. Í þeim darraðardansi myndast tengsl milli drengsins og málarans, og spurningar vakna um hvort okkur séu ásköpuð örlög og síðferði.

Noah Hawley hefur skrifað fjórar skáldsögur og handrit sjónvarpsþáttaraðarinnar Fargo.

Höfundur: Noah Hawley
Ísak Harðarson þýddi.

HEFUR ÞÚ ÞÖRF FYRIR ÞRIF

Fyrirtæki og húsfélög, gerum
tilboð ykkur að kostnaðarlausu

Þjóðum sérhæfða þjónustu fyrir
íbúðir í skammtímaleigu




Innlit í ruslagáma stórmarkaðanna

Ivikunni birti DV stutta frétt um mynd sem umhverfisinninn og leiðsögumaðurinn Ingólfur Páll Matthíasson tók af ruslagámi við verslun Krónunnar. Þar sem mátti sjá gríðarlegt magn af matvöru sem átti að farga. Ingólfur sagðist túlka troðfulla gámanna sem móðgun. „Þetta er móðgun við fátækt fólk, þetta er móðgun við afurð-

ir bænda og þetta er mikil móðgun við umhverfið en eins og sjá má á myndinni er plast utan um þetta allt,“ sagði Ingólfur. Fjöldmargir tóku undir orð Ingólfs í athugasemdakerfi fréttarinnar.

Ljósmyndari DV fór á stúfana í kjölfarið og kíkta í ruslagáma nokkurra vel valinna verslana á höfuðborgarsvæðinu. Þetta var það sem blasti við. ■



BOLTINN Í BEINNI Á CASTELLO

Castello
PIZZERIA

ELDBAKAÐAR
EÐAL PIZZUR

SÍMI 577 3333
WWW.CASTELLO.IS





SKOÐUNARFERÐIR
Í BOÐI Á 29.900 KR.

LANGAR ÞIG AÐ KAUPA FASTEIGN Á SPÁNI ?

KYNNING LAUGARDAGINN 14. JÚLÍ KL. 13 - 17
FOSSHÓTEL REYKJAVÍK, ÞÓRUNNARTÚNI 1, 105



MASA INTERNATIONAL HELDUR KYNNINGU Á FASTEIGNUM OG SKOÐUNARFERÐUM TIL SPÁNAR, ÞAR SEM DRAUMAEIGNINA ÞÍNA GÆTI VERIÐ AÐ FINNA. KYNNTAR VERÐA EIGNIR Á COSTA BLANCA STRÖNDinni Á SPÁNI.

MASA INTERNATIONAL HEFUR STARFAÐ Á FASTEIGNAMARKAÐI Á SPÁNI FRÁ ÁRINU 1981 OG HEFUR HJÁLPAÐ YFIR 36.000 MANNS VÍÐA AÐ ÚR HEIMINUM AÐ FINNA SÍNA EIGN Í SÓLINNI Á SPÁNI. MASA INTERNATIONAL ER MEÐ ISO 9001 VOTTUN, SEM TRYGGIR VIÐSKIPTAVINUM OKKAR FYRSTA FLOKKS ÞJÓNUSTU.

ÍBÚÐ Í CAMPOAMOR



VERÐ FRÁ 89.000 €, TILBÚIN TIL AFHENDINGAR

SÉRHÆÐ Í AGUAS NUEVAS, TORREVIEJA



VERÐ FRÁ 151.100 €, AFHENDING Í ÁGÚST 2019



Ósk svaf hjá syni vinkonu sinnar

■ Siðferðislega grátt svæði ■ Hann er fullorðinn, þú líka ■ Móðir hans hefur rétt á að fréttu EKKI af þessu

Ragnheiður Eiríksdóttir
ragga@dv.is



Sæl Ragga

Ég er með eftirfarandi spurningu. Er ég ógeðslega léleg manneskja að hafa sofið hjá tvítugum syni vinkonu minnar? Ég er sjálf 36 ára.

Hann fær að búa hjá mér til áramóta en hann er hérna í Reykjavík í skóla. Síðan gerðist það að við sváfum saman og ég upplifði eitt besta kynlíf ævi minnar.

Með kveðju, Ósk

Hæ Ósk

Fyrst tók ég andköf. Verandi móðir drengs sem er rétt skriðinn yfir tvítugt. Ég ímyndaði mér að hann hefði fengið að búa hjá einhverri vinkonu minni sem hefði kannski þekkt hann frá fæðingu – stundum skipt á honum og passað hann. Einhverri sem hann lítur upp til og tekur mark á og hefur verið hluti af lífi hans um árabíl.

Svo hugsaði ég lengur um málið. Þú segir ekki neitt um það hvernig sambandi ykkar hefur verið háttáð hingað til. Varstu til

Er ég ógeðslega léleg manneskja að hafa sofið hjá tvítugum syni vinkonu minnar?

staðar í lífi hans þegar hann var lítill stráknokki eða þekkirðu mömmu hans lítilega frá því að þið voruð saman í menntaskóla? Þarna finnst mér mikill munur á.

Ef hið fyrra á við – að þú hafir verið náinn fjölskylduvinur eða barnfóstran hans – finnst mér þú á siðferðislega mjög gráu svæði. Valdastaðan er ójöfn, og auðveldlega má færa rök fyrir því að þú sért að ganga yfir óæskileg mörk. Það er krípí!

Ef hið síðara á við – að þú hafir ekki þekkt hann sem barn eða verið til staðar í lífi hans – er afstaða mín eitthvað mildari. Hann er fullorðinn, þú líka – mömmu hans þekkirðu, en hei, hann á líka að geta tekið sjálfstæðar ákvarðanir.

Ef um eitt skipti er að ræða, eða að þið farið nokkrum sinnum í rúmið, finnst mér að þið eigið að halda kjafti. Móðir hans hefur rétt á að fréttu EKKI af þessu. Sumir hlutir eru bara þess eðlis að það er miklu betra að þegja yfir þeim. Ef þið verðið ástfangin og ákveðið að færa lostann yfir á andlegra plan, þurfið þið að stíga varlega til jarðar. En hei! Verri hlutir hafa nú gerst og í raun er aldursmunurinn ekki það sjokkerandi.

Kveðja, Ragga



GRUNDFOS

Straumhvörf í neysluvatnsdælum



Grundfos Scala 3-45

Álagsstýrð, heldur jöfnum þrýstingi og hljóðlát. Dregur vatn allt að 8 metra
Innbyggð þurrkeyrsluvörn
Afkastar 8 aftöppunar stöðvum


Dragháls 14-16 | Sími 412 1200
110 Reykjavík | www.isleifur.is

ÍSLEIFUR
JÓNSSON

Þessar samfarastellingar eru bestar fyrir heilsuna!

Sumar stellingar eru betri en aðrar, samkvæmt vísindafólki á kynlífssviðinu, eða í það minnsta ólíklegri til að drepa þig!

Hér eru fjórar stellingar sem standa öðrum fram- þegar áhrif á heilsu og hreysti eru skoðuð. Góða skemmtun!



Konan ofan á: Þessi er vinsæl og hressandi. Hér er bæði unnið með djúpvöðva og þol. „Þú hossar og heldur þér uppi á sama tíma, og vinnur með mjög fjölbreytta vöðva líkamans. Ef þú hreyfir þig hressilega er auðvelt að ná hjartslættinum upp.“

Aftan frá: Vöðva vinsæl líka. Sú eða sá sem er á fjórum fótum spennir djúpvöðva sjálfkrafa og hér er hægt að taka hressilega á því og svitna duglega.

Lótusstillingin: Náin og falleg og dregur nafn sitt af blóminu. Í þessari stellingu þurfa báðir aðilar

að vera líkamlega virkir og reyna á vöðva sína til að halda jafnvægi og stöðugleika. Þarna eru djúpvöðvarnir mikilvægastir en þolið kemur líka við sögu. Lótusstillingin er sem sagt heilsusamleg fyrir báða aðila.

Ruggandi: Þessi stelling getur reynt heimikið á báða aðila og er líklega sú besta fyrir heilsuna. Sú/sá sem er ofan á er á hnjánum og getur þess vegna auðveldlega stillt af hæð mjaðmanna. Sú/sá sem er undir getur sleppt því að nota púða við bakið, eða notað lítinn, og fengið þannig þrýðilega æfingu fyrir kvíðvöðva.

Ekki láta þitt eftir liggja -vertu **Pikk-UPP**

Okkar nánasta umhverfi skiptir okkur miklu máli.
Við þurfum hvert og eitt okkar að taka ábyrgð,
husa um umhverfið og henda rusli.
Tökum skrefið lengra, teygjum okkur eftir ruslinu
og hendum því í þar til gerð ruslaílát eða poka,
þó það sé ekki okkar rusl.

Hvað er Pikk-UPP?

- ▶ Það að vera Pikk-UPP snýst um að tína upp rusl á förnum vegi þar sem þú ert að ganga eða hreyfa þig.
- ▶ Píkka-Upp rusl um leið og þú nýtur útiveru með fjölskyldunni.
- ▶ Eða af því að þú ákveður að fara út og Píkka-UPP rusl.



Betri umgengni byrjar hjá þér!



RIS OG FALL „ÞJÓÐARSTOLTS BRASÍLÍSKRA KAPÍTALISTA“

■ Ótrúleg auðæfi og fegurðardrottning upp á arminn ■ Dæmdur í 30 ára fangelsi fyrir spillingu

Kristján Kristjánsson
ritstjorn@dv.is



30 ára fangelsi fyrir spillingu. Það var dómurinn sem var nýlega kveðinn upp í Brasilíu yfir Eike Batista sem var talinn djarfasti og farsælasti frumkvöðull sinnar kynslóðar. En nú er hann einhverskonar tákmynd nýrra tíma í landi sem reynir að koma efnahagsmálunum á réttan kjöl um leið og tekið er á landlægrri spillingu. Batista var eitt sinn talinn vonarljós og margir bundu miklar vonir við hann en fótunum var kippt undan viðskiptaveldi hans á örskotsstundu og hann verður ekki þátttakandi þar næstu áratuginna.

Brasilía glímir við efnahagslega erfiðleika en fyrir nokkrum árum var landið rísandi efnahagsveldi þar sem allt var í blóma og landið nálgadist þróaðri lönd óðfluga á efnahagssviðinu. En síðan hrundi allt saman. Pólitísk kreppa, spilling, samdráttur, pólitísk hneykslismál og mikill niðurskurður; allt gerðist þetta á nokkrum mánuðum.

Í umfjöllun BBC um Batista kemur fram að hann hafi verið kaupsýslumaður sem auðgaðist á námuvinnslu með því að leggja hart að sér, hann bjó yfir persónutöfrum og þekkti rétta fólk í viðskiptaheiminum. Hann stundaði háskólanám í Þýskalandi og

„Batista varð þess vafasama heidurs aðnjótandi að vera annar í röð þeirra sem hafa komist á lista Forbes yfir milljarðamæringa til að vera handtekinn. Hann var fíkniefnabaróninn Pablo Escobar.“

vann fyrir sér þar sem tryggingasölumaður. Dag einn las hann um gullæði í miðhluta Brasilíu og ákvað þá að hætta í skóla og flytja aftur heim.

Hann fékk lánaða peninga hjá skartgripasölum í Rio de Janeiro og Sao Paulo og keypti gullnámu. Þar með var grunnurinn lagður að viðskiptaveldi hans enda leið ekki á löngu þar til hann hafði eignast sína fyrstu milljón dollara. Viðskiptaveldi hans óx og hann tók



upp samstarf við stór námafyrirtæki á borð við Rio Tinto.

Hann var einnig í sviðsljósinu á öðrum sviðum því hann kvæntist ástsælustu fyrirsætu landsins, Luma de Oliveira, sem einnig var þekkt fyrir keppni og sigra í hraðbátasiglingum. Þegar uppgangurinn var sem mestur í brasilísku efnahagslífi í byrjun aldarinnar náðu vinsældir Batista hámarki. Árið 2012 var hann talinn sjöundi ríkasti maður heims samkvæmt lista Forbes en eignir hans voru þá metnar á 35 milljarða dollara. Hann var fyrirmynd margra ungra frumkvöðla.



Luma de Oliveira og Eike Batista.

Lengi að ná toppnum – Hröð niðurleið

Það tók Batista 30 ár að ná toppnum sem kaupsýslumaður í Brasilíu en fall hans gekk mun hraðar fyrir sig. Árið 2013 áttu fyrirtæki hans í fjárhagslegum erfiðleikum. Batista hafði með persónutöfrum sínum fengið marga fjárfesta til að leggja fjármuni í flókin og dýr innviðaverkefni, námuvinnslu og verkefni tengd olíuviðnaðinum. En olíulindirnar sem hann hafði keypt skiluðu ekki nægri olíu. Innviðaverkefnum var slegið á frest og áætlaður hagnaður varð að tapi. Hann seldi fyrirtæki sín, snekkjuna og megnið af fasteignum sínum í Rio de Janeiro og hét því að bjarga fyrirtækjum sínum frá gjaldþroti.

En eftir því sem sérfræðingar segja þá voru fyrirtæki hans byggð upp á einhverju allt öðru og ískyggilegra en mikilli vinnu og hugrekki. Í átaki gegn spillingu 2017, sem leiddi í ljós spillingu innan allra helstu stjórn-málaflokka landsins, kom í ljós að Batista hafði notað sambönd sín við embættismenn í Rio de Janeiro til að verða sér úti um opinber verkefni.

Handtökuskipun var gefin út á hendur honum þegar hann var staddur í New York. Vangaveltur voru uppi um að hann myndi láta sig hverfa en hann bókaði strax flug heim og gaf sig fram.

Hann var handtekinn um leið og hann kom til Brasilíu og færður í fangelsi með „venjulegum“

glæpamönnum. Hann deildi klefa með fleiri og aðeins eitt klósett var í klefanum. Þar sem hann hafði ekki lokið háskólanámi átti hann ekki rétt á einkaklefa.

Reyndi fyrir sér á Youtube

Batista varð þess vafasama heidurs aðnjótandi að vera annar í röð þeirra sem hafa komist á lista Forbes yfir milljarðamæringa til að vera handtekinn. Hann var fíkniefnabaróninn Pablo Escobar.

Batista var látinn laus eftir nokkra mánuði og gert að sæta stofufangelsi á meðan mál hans var til meðferðar hjá dómstólum. Nýlega var hann síðan dæmdur í 30 ára fangelsi fyrir að hafa greitt Sergio Cabral, fyrrum ríkisstjóra Rio de Janeiro, 16,5 milljónir dollara í mútur. Cabral var dæmdur í 93 ára fangelsi fyrir að hafa þegið mútur.

Ekki eru mörg ár síðan Dilma Rousseff, þáverandi forseti Brasilíu, hrósaði Batista í hástert og sagði hann vera „þjóðarstolt“ brasilískra kapitalista. „Þjóðarstolti“ nýtti tímunn í stofufangelsinu til að reyna fyrir sér á YouTube með ráðgjöf um fjárfestingar og ýmislegt annað. En dómurinn yfir honum bindur líklega enda á þessa nýju iðju hans enda fær hann líklega ekki að vera með netaðgang í fangelsinu, hvað þá að standa í framleiðslu myndbanda fyrir YouTube. ■

LOKUM 20. JÚLÍ VEGNA FLUTNINGA

HLÖKKUM TIL AÐ TAKA Á MÓTI
YKKUR 14. ÁGÚST AÐ GYLFAFLÖT 6-8



Gylfaflöt 6 - 8

Fanntófell

Englands óhamingju verði allt að vopni

Heimsókn Donalds Trump kemur á slæmum tíma fyrir Theresu May

Kristján Kristjánsson
ritstjorn@dv.is



Englendingar eru í sár-um eftir að knattspyrnu-lið þeirra beið lægri hlut fyrir Króötum í undanrás-um heimsmeistarakeppninnar í knattspyrnu. Fimmtíu og tvö ár voru liðin frá því að enskt landslið spilaði úrslitaleik mótsins en þá hömpuðu Englendingar titlinum eins og frægt er. Biðin lengist því enn fyrir ensku þjóðina sem þarf að gera sér óspennandi leik um þriðja sætið við Belgíu að góðu.

Það er skammt stórra högga á milli hjá Englendingum því á 12.-13. júlí mun Donald Trump, forseti Bandaríkjanna, koma í opinbera heimsókn og funda með helstu ráðamönnum þjóðarinnar. Segja andstæðingar Trump að ekki sé til grimmari refsing en heimsókn forsetans eftir reiðar- slagið í Moskvu. Englands óhamingju verði allt að vopni.

Fær ekki að snæða í Bucking- ham-höll Heimsókn Trumps hef- ur mætt mikilli andstöðu frá því að Theresa May, forsætisráðherra Bret- lands, bauð honum til landsins þegar hún heim- sótti Hvíta húsið í janúar síðastliðnum. Í ljósi and- stöðunnar var horfið frá því að öllu yrði tjaldað til við heimsóknina, eins og kvöldverði í Bucking- ham-höll og skrúðgöngu í miðbænum, en þess í stað er heimsóknin titl- uð sem „vinnuheimsókn“. Mun Trump meðal annars funda með May og hitta El- ísabetu drottningu á stutt- um fundi áður en hann flýgur úr landi.

Þegar May bauð Trump í heimsókn var tilgangurinn meðal annars sá að tryggja hollustu hans og Bandaríkjanna við samherja sína í NATO. Mikið vatn hefur síðan runnið til sjá- var og hægt er að færa rök fyrir því að heimsóknin gæti ekki komið á verri tíma fyrir breska forsætisráð- herrann. May berst nú fyrir póli- tísku lífi sínu heima fyrir eftir að hafa tilkynnt umdeilda Brexit-á- ætlun sína og afsögn tveggja ráð- herra, þeirra David Davis og Boris Johnson. Sá síðastnefndi er sagð- ur leiða uppreisn Brexit-sinna gegn May.

Vill hitta vin sinn Boris John- son Þá var Trump samur við sig á Nato-fundi í Brussel í vikunni. Móðgaði hann verðandi gestgjafa sína með því að segja að landið væri í upplausn vegna Brexit og að

Listamaðurinn greiddi háa fjárhæð til þess að koma skilaboðunum „Блядь Trump“ á framfæri.



Donald Trump og Theresa May ræða saman.

hann vonaðist til þess að hitta vin sinn, títtnefndan Boris Johnson, á meðan heimsókn hans stæði yfir. Þá sagði hann að viðræður við Vladimir Putin, forseta Rúss- lands, yrðu auðveldari en viðræð- ur við May og aðra leiðtoga NATO- ríkja. Þá féllu ummæli hans um að Þýskaland væri í heljargreipum Rússlands útaf því hversu háðir Þjóðverjar eru gasi frá Rússlandi í grýttan jarðveg.

Orðum Trumps var ekki vel tekið enda eru leiðtogar NATO- ríkjanna í fullkominni óvissu um hvort Bandaríkin, undir hans stjórn, myndu halda grundvallar- gildi sambandsins í heiðri ef Vlad- imir Putin og Rússar færa sig upp á skaftið, það er að árás á eitt NATO-ríki jafngildi árás á þau öll.

Trump fer ekki leynt með að hann vill að G7-ríkin svokölluðu hleypi

Rússum aftur inn í hópinn sem er nánast útilokað fyrir May í kjöl- far þess að Rússar eru sakaðir um taugaeitursárásina í Salisbury á dögnum.

Það verður því fróðlegt að fylg- ast með hvernig heimsókn Trump til Bretlands heppnast. Hún verð- ur söguleg nánast hvernig sem hún fer. Eins og áður segir mæt- ir heimsóknin mikilli andstöðu í Bretlandi. Búist er við fjölmenn- um mótmælum gegn Trump hvar sem hann stígur niður fæti.

Enginn hefur þó gengið lengra en ónefndur listamaður sem borg- aði enskum bónda hátt gjald fyr-

ir afnot af kornakri einum. Hafði listamaðurinn reiknað það út að allar líkur væru á því að flugvél Trump myndi fljúga yfir svæðið og þar með væri kominn fullkom- inn „náttúrulegur strigi“ fyrir lista- manninn til þess að koma skila- boðum sínum á framfæri. Ekki ert hægt að segja að þessi einstakling- ur hafi ákveðið að búa til eitthvað tímalaust meistaraverk heldur lét hann einföld textaskilaboð duga: „Блядь Trump“. Rússneska orðið þýðir bókstaflega „hóra“ en er í rússnesku notað á sama hátt og enska orðið „fuck“. Svo mörg voru þau orð. ■

Boris Johnson. Ráðherrann fyrr- verandi er sagður leiða uppreisn Brexit-sinna gegn Theresu May.



Er fyrirtækið þitt að nota löggiltan pappír ?



Prentun endist í 7, 10 & 15 ár
Eigum allar stærðir á lager



S. 565 2217 - pappir@pappir.is - Kaplahraun 20 - 220 Hanarfrjörður



GEORGE LUCAS Á ÍSLANDI

■ Nýtur lífsins með stórvini sínum, Lewis Hamilton ■ Ætlaði að verða kappaksturskappi

Tómas Valgeirsson
tomas@dv.is



George Lucas, ofurframleiðandi og faðir Stjörnustríðsmyndanna, er staddur á Íslandi um þessar mundir. Samkvæmt heimildum DV hefur talsvert sést

til kappans á Krýsuvíkursvæðinu á Reykjanesskaga. Þá herma heimildir DV að Lucas hafi verið á miklu flakki um höfuðborgina og heimsótti hann meðal annars verslunina 66° Norður á Laugaveginum.

Lucas hefur ekki verið einn á ferð heldur hefur sést til hans með

öðrum heimsfrægum einstaklingi. Það er breski kappaksturmanninum Lewis Hamilton, en saman lentu þeir hér á landi á þriðjudaginn síðastliðinn.

Þeir Lucas og Hamilton eru miklir mátar og hafa verið um árabíl. Lucas hefur sjálfur alla tíð

haft brennandi áhuga á bílum, sérstaklega spyrnuköggum og áður en hann fór að spreyta sig í kvikmyndagerð var stóri draumur hans að gerast kappakstursmaður.

Þessi draumur fjaraði fljótt út þegar hann lenti í alvarlegu bílslysi árið 1962. Þá var Lucas búsettur í Modesto í Kaliforníu. Dag einn keyrði hann um á uppgerðri Autobianchi-bifreið og fípaðist þegar skólafélagi hans tók fram úr honum á leifturhraða. Afleiðinginn var sú að Lucas missti stjórn á bílnum og ítalski smábíllinn valt nokkra hringi áður en hann klessti á tré. Lucas var fluttur upp á sjúkrahús illa slasaður og var ekki útskrifaður fyrr en nokkrum mánuðum síðar. Eftir þetta atvik ákvað Lucas að segja skilið við hraðafíknina og snéri sér að kvikmyndagerð. Það verður að teljast góð ákvörðun.

Fjallað var um bílslysið á forsíðu The Modesto Times.

Eins og kunnugt er skapaði hinn 74 ára gamli Lucas Star-Wars heiminn vinsæla. Hann leikstýrði fjórum myndum seríunnar stórvinsælu og hefur framleitt allar myndirnar fram til

ársins 2012, þegar hann sagði skilið við sagnaheiminn og seldi fyrirtækið sitt, Lucasfilm, en þá tóku risarnir hjá Disney við keflinu.

Hjá kvikmyndagerðarmanninum stendur næst til að taka þátt í fimmta ævintýrinu um persónuna Indiana Jones með Harrison Ford og Steven Spielberg, en að svo stöddu er áætlað að sú mynd líti dagsins ljós árið 2021. ■

ALLIR ÚT AÐ HJÓLA

MEÐ TUDOR

Eitt mesta úrval landsins af rafgeymum í allar gerðir farartækja



Mikið úrval - Traust og fagleg þjónusta

SKORRI

SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

TUDOR

TUDOR

Bíldshöfða 12 • 110 Rvk • 577 1515 • skorri.is

THE MODESTO BEE
McGuffey Newspaper Service
MODESTO, CALIFORNIA, WEDNESDAY, JUNE 11, 1962



Youth Survives Crash

From what you can see in the photo, the boy was not hurt and the car was not damaged. The boy was taken to the hospital and is expected to survive. The high speed car was traveling at the time of the crash.





Sjáðu úrvalið
á goddi.is

**MARGAR
GERÐIR**

Sauna- og gistitunnur ásamt viðarkyntum pottum



GODDI.IS

AUÐBREKKU 19 - KÓPAVOGI - S. 544 5550

Flytja tónlist eftir David Bowie í Hörpu:

„Þetta var mikið áfall en við urðum að fara aftur á sviðið og halda áfram að spila“

Ágúst Borgbór Sverrisson
agustb@dv.is



Þegar ég fékk fréttirnar af láti David Bowie fyrir um tveimur og hálfu ári vildi svo til að ég var að spila á tónleikum með bassaleikaranum af síðustu plötu Bowie, Blackstar, Tim Lefebvre. Þetta var í hléinu og fréttirnar voru mikið reiðarslag fyrir okkur. En hvort sem okkur líkaði betur eða verr urðum við að halda áfram að spila og klára tónleikana,“ segir Angelo Bundini, sem undanfarin misseri hefur staðið fyrir tónleikum þar sem framúrskarandi tónlistarmenn leika tónlist eftir David Bowie, þar á meðal fyrrverandi meðspilarar Bowie.

Tónleikaröðin hefur slegið í gegn og eftirspurnin verið mikil. Í október verður þessi sýning í Eldborgarsal Hörpu þar sem hljómsveit Bundini og Sinfóníuhljómsveit Norðurlands, SinfoniaNord, stilla saman

strengi sína í túlkun á verkum meistarans.

„Þjálfun mín sem tónlistarmanns liggur mikið í jazz og tilraunamúsík og ég held að þessi bakgrunnur eigi sinn þátt í því að ég hef laðast að tónlist Davids Bowie. Það er fullkomlega í anda Bowie að þessi hljómsveit samanstendur af mjög fram-sæknum og skapandi tónlistarmönnum. Við erum til dæmis með Adrian Belew sem spilaði með Bowie og einnig með Frank Zappa. Allur ferill Adrians einkennist af frumleika og sköpun og gítarleikur hans er einstakur. Svo erum við með Todd Rundgren sem hefur komið fram með

stórmerkilegar nýjungar bæði í sinni eigin tónlist og sem upp-tökustjóri,“ segir Bundini og stiklar á stóru um það mikla mannval sem einkennir hljómsveitina.

Snýst ekki um að velta sér upp úr fortíðinni

Eru útsetningar ykkar á tónlist Bowie skapandi eða reynið þið að vera trúir hans útsetningum? Hljómar þetta „eins og Bowie“ eða er þetta skapandi túlkun á tónlist hans?“

„Þetta finnst mér vera frábær spurning. Þetta er ekki virðingavottur eða „tribute“ heldur „celebration“ – þ.e.

við erum að fagna tónlist Bowie. Þetta er hátíð. Fyrir okkur er ekki hægt að hljóma eins og Bowie nema maður sé skapandi í túlkun sinni á tónlist hans. Þannig að vanalega spilum við hans þekktustu verk en við setjum alltaf eitthvað frá okkur sjálfum í tónlistina. Við reynum að hljóma eins og Bowie framtíðarinnar fremur en Bowie fortíðarinnar. Ég byggði hljómsveitina á þessari hugmynd. Þetta er tilraun til að þróa tónlist Bowie áfram og halda henni ferski. Við horfum ekki til baka heldur horfum við áfram.“

Sýningin Celebrating David Bowie hefur farið víða um heim og eftir Íslandstúrinn í október mun leiðin liggja til S-Afríku þar sem leikið verður í um sjö löndum. „Eftir það verða þetta orðnar fimm heimsálfur og 17 lönd á rúmlega tveimur árum. Árið 2019 ætlum við svo enn að spila á nýjum stöðum,“ segir Bundini sem hlakkar mikið til Íslandsferðarinnar í haust.

„Allir í hljómsveitinni eru gífurlega spenntir fyrir því að koma til Íslands. Ég held að enginn úr hópnum hafi áður spilað á Íslandi. Og það er mikið tilhlökkunarefni að spila tónlist Bowie í svona glæsilegum tónleikasal sem Eldborg í Hörpu er. Við hlökkum mikið til tónleikanna og að hitta Íslendinga. Vonandi gefst okkur tími til að ferðast um landið og skoða okkur um.“

Sinfóníuhljómsveit Norðurlands

Sinfóníuhljómsveit Norðurlands, sem leikur með hljómsveit Bundini á umræddum tónleikum, var stofnuð haustið 1993 og fyrstu tónleikarnir voru haldnir 24. október það ár. Hljómsveitin hefur leikið nánast allar tegundir klassískrar tónlistar allt frá barokki til nú-

tímatónlistar auk rokks, jazz og popps.

Hljómsveitin hefur átt gjöfult samstarf við ýmsa aðila og stofnanir, t.d. Tónlistarskóla Akureyrar, Hörpu tónlistarhús, Listvinafélag Hallgrímiskirkju, Sinfóníuhljómsveit Færeyja og Leikfélag Akureyrar, m.a. við uppsetningu á söngleikjum á borði við Söngvaseið, Oliver, Rocky Horror, Litlu hryllingsbúðina og margt fleira.

Árið 2015 var heiti hljómsveitarinnar breytt í SinfoniaNord og hóf hljómsveitin þá að sérhæfa sig í hljóðritun tónlistar fyrir kvikmyndir auk þess sem hún hefur tekið þátt í stórum tónleikauppfærslum. Meðal verkefna má nefna stórmyndina „The Perfect Guy“, þáttaröð HBO „The Vikings“ og teiknimyndin „Lói þú flýgur aldrei einn“. Hljómsveitin hefur unnið með listamönnum á borð við gítarleikara Genesis, Steve Hackett, Jon Anderson úr YES auk heimamanna eins og Ólafi Arnalds, Todmobile, Dimmu og Amabadama, svo fátt eitt sé nefnt.

Nánari upplýsingar um tónleikana „Celebrating David Bowie“ og miðasala eru á vefnum tix.is. ■

David Bowie.



Angelo Bundini.

LEIÐANDI Í GREIÐSLULAUSNUM



Sjálfstandandi greiðslulausnir og handfrjálsir posar

Verifone®

Greiðslulausnir tengdar helstu afgreiðslukerfum

Hlíðasmára 12 201 Kópavogi verifone@verifone.is S: 544 5060

Gunnar Helgason:

„Jón Oddur og Jón Bjarni breyttu lífi mínu“

Ragna Gestsdóttir
ragna@dv.is

Rithöfundurinn Gunnar Helgason er að leggja loka-hönd á næstu bók sína, Siggí sítróna, sem fjallar um Stellu og fjölskyldu hennar: Mömmu Klíkk, Pabba prófessor og Ömmu best en bókin kemur út um mánaðamótin október/nóvember. Barnabækur Gunnars hafa slegið í gegn hjá lesendum og þar á meðal bækur hans um fótboltastrákinn Jón Jónsson. Gunnar fékk Vorvinda-verðlaun IBBY árið 2013 fyrir fótboltaþækur sínar, sama ár hlaut hann Bókaverðlaun barnanna fyrir Aukaspyrna á Akureyri og 2015 hlaut hann Íslensku bókmenntaverðlaunin í flokki barna- og ungmenntabóka fyrir Mamma klíkk.

En hvaða bækur eru í uppáhaldi hjá Gunnari?

Hvaða barnabók er í eftirlæti?

„Bækurnar um Jón Odd og Jón Bjarna bera höfuð yfir allt annað, því þær komu út á hártíttum tíma þegar ég var 8-9 ára og voru um tvíbura, sem bjuggu í blokk og áttu unglingsystur. Allt í þessum bókum var um okkur bræðurna. Það var ótrúlegt að lesa svona góða barnabók um sjálfan sig. Þetta hefur orðið til þess að ég er mjög hrifinn af sósíalískum realisma í barnabókum, enda skrifa ég bara um þannig. Hingað til allavega, gæti breyst, maður veit aldrei.“

Mér fannst gaman að lesa Selur kemur í heimsókn og Mjóni rauðrefur, þar sem hugtökum er aðeins ruglað og börn að velta fyrir sér hvað hlutirnir heita og af hverju.“

Hvaða bók er uppáhalds?

„Það eru tvær sem koma strax upp í hugann. Óvinafagnaður eftir Einar Kárasón, hún er eins og að lesa spennusögu, það er búíð að skilja hinsið frá kjarnanum í



Íslendingasögnum, þarna eru karakterar sem maður hefur lesið um, en er búíð að setja í nýjan búning sem er nútímalegri og nær manni og frásagnarmátinn þannig að margir eru sögumenn, sérstaklega þegar fótgönguliðarnir fengu að tjá sig, það fannst mér stórkostlegt. Og svo Konan við 1000 gráður sem mér finnst epísk skáldsaga um heila mannsevi og á sama tíma um atburði úr sögu Evrópu. Það fannst mér stórkostlegt að lesa og bókina vel skrifuð og höfundur snjall.“

Hvaða bók myndirðu mæla með fyrir aðra?

„Ég mæli með þessum bókum af framangreindum ástæðum. Svo mæli ég líka með barnabókum, til dæmis Skuggasögu eftir Ragnheiði Eyjólfsdóttur, Vetrarfrí og Vetrarhörkur eftir Hildi Knútsdóttur og svo var ég að lesa Úlfur og Edda eftir Kristínu Rögnu Gunnarsdóttir og Langelstur í bekknunum eftir Bergrúnu Írisi Sævarsdóttir. Randalína og Mundi eftir Þórdísi Gísladóttur eru æðislega skemmtilegar bækur. Þessar bækur eru dæmi um hvað íslenskar

Peir fóru til dæmis upp á öskuhauga, ég fór þangað sjálfur með pabba.

barnabækur eru góðar, en ég les enn barnabækur þó ég sé hættur að lesa fyrir börnin mín. Ef ég lenti á góðri barnabók þá finnst mér það skemmtilegra. Ég er að skrifa barnabækur og mig langar að sjá hvað er að gerast og ég reyni líka að lesa erlendar barnabækur. Bækurnar hans Ævars eru heimsklassabækur. Ég er að lesa bækur David Walliams og ég finn engan mun á hans bókum og okkar bestu bókum. Það eru ótrúlega margar góðar barnabækur að koma út um þessar mundir.“

Hvaða bók hefurðu lesið oftast?

„Ætli það sé ekki Gerpla, ég er búinn með hana fjórum sinnum. Ég las hana þrisvar í menntaskóla og einu sinni síðan. Svo er ég búinn að lesa Óvinafagnaður og Bróðir minn Ljónshjarta tvisvar, Laxdælu

og Brennu-Njálssögu. Mér fannst ég aldrei vera með lokakaflann á hreinu þannig að ég las hann um daginn.“

Hvaða bók breytti lífi þínu og hvernig?

„Það er náttúrulega Jón Oddur og Jón Bjarni, það var í fyrsta sinn sem ég las um raunveruleika íslenska barna, minna jafnaltra. Þeir fóru til dæmis upp á öskuhauga, ég fór þangað sjálfur með pabba. Þetta var nærumhverfi manns, bækurnar voru um okkar tíma og gerðu það að verkum að líf manns varð merkilegra, að það væri þess virði að skrifa bók um það. Ég hef heyrt svipuð viðbrögð frá börnum sem hafa lesið fótboltaþækurnar mínar og það gleður mig ótrúlega mikið. Að önnur börn upplifi það sem ég upplifði sjálfur.“

Hvaða bók bíður þín næst?

„Ég þarf að fara að skila Brjálaði tannlæknirinn eftir David Walliams, ég kemst bara ekki inn í hana. Bókasafn Hafnarfjarðar verður að sýna smá þolinmæði af því ég er kominn fram yfir.“



Bókin á náttborði Heiðu Bjarkar

„Í raun má segja að náttborðið mitt sé hálfgerður bókaskápur. Ég tel að þar sé að finna yfir tólf titla. Þarna kemur sér vel að vera með náttborð með hillum og skúffum. Ég nota náttborðið sem biðstöð, það sem á eftir að lesa og það sem ég er búinn að lesa en maðurinn minn verður, að mínu mati, að lesa. Í augnablikinu er þar að finna allar bækurnar hennar Lilju Sigurðardóttir, en ég var að enda við að lesa það sem þegar er komið út eftir hana. Í dag er ég að lesa í Gilead eftir Marilynne Robinson. Ég geri mest af því að lesa bækur á íslensku og leitast eftir góðum þýðingum sem og góðum íslenskum höfundum. Sú bók sem mig vantar á náttborðið og ég þarf að bæta úr á allra næstu dögum, enda afar spennit fyrir, er nýútkomin bók sem heitir Rauða minnisbókin eftir Sofia Lundberg. Ég les mikið af þýddu efni eftir norræna höfunda en verð að viðurkenna að glæpasögur enda oft neðst í bókabúnum þó þær séu ávallt lesnar á endanum.“

„Heppin að eignast eintak af pikköpp-línubók Magga Mix“

Erna Hrönn Ólafsdóttir söngkona og útvarpskona er vel þekkt bæði í útvarpi og söng, hefur enda starfað við hvort tveggja um árabil. Hún er þekkt sem ein af bakröddum Íslands og hefur margoft tekið þátt í Eurovision svo dæmi sé tekið. Erna Hrönn er í loftinu á K100 virka daga kl. 12-16. Erna Hrönn sýnir lesendum DV á sér hina hliðina.

Hverjum líkist þú mest? Mér skilst að ég sé afar lík báðum foreldrum mínum. Kennarinn minn í grunnskóla starði einu sinni á mig í tíma og sprakk úr hlátri, sagðist aldrei hafa séð manneskju sem var svona lík báðum foreldrum sínum.

Hvað halda margir um þig sem er alls ekki satt? Að ég sé alltaf brosandí glöð.

Hvað finnst þér að eigi að kenna í skólum sem er ekki kennt þar núna? Táknaál. Mér finnst að það ætti að vera skylda.

Ef þú þyrftir að eyða 1 milljón á klukkutíma, í hvaða verslun færirðu? Myndi skella mér í hljóðfærverslun og væri ekki lengi að klára milljónina.

Hvað viltu að standi skrifað á legsteininum þínum? All You Need Is Love!

Sex ára barn spyr þig hvort jólasveinninn sé til. Hvernig svarar þú? Auðvitað er hann til, þeir eru meira að segja þrettán!

Ef þú mættir velja eitt lag sem yrði alltaf spilað um leið og þú gengir inn í herbergi

allt þitt líf, hvaða lag myndirðu velja? The Best með Tinu Turner. Þá væri ég alltaf mega peppuð.

Hvaða lag hefðir þú viljað hafa samid? Euphoria. Júró-hjartað slær alltaf fast.

Ef þú þyrftir að dansa til að bjarga lífinu, undir hvaða lagi myndirðu vilja dansa? Firestarter með Prodigy.

Að hverju getur þú alltaf hlegið? Eftirhermunum hans Eypórs Inga.

Borðarðu mat sem er kominn fram yfir síðasta söluðag? Á voða erfitt með það. Mjög fanatísk með árunum.

Hvaða ósíd hefur þér reynst erfiðast að venja þig af? Að naga neglurnar.

Hvaða viðburði sérdú mest eftir að hafa misst af? Hefði verið svo klíkkad að sjá Freddie Mercury á sviði. Hefði gefið ansi mikið fyrir það.

Hver er fyndnasta „pick-öpp“-línun sem þú hefur heyrt?

Var svo heppin að eignast eintak af pikk-öpp-línu bók Magga Mix og þar voru nú margar perlurnar. Til dæmis: „Ef þú værir bill þá værirðu Austin Mini.“

Hver er versta vinnan sem þú hefur unnið? Að þrifa klósett á tjaldstæði. Sérstaklega eftir rigningardaga.

Hvert er þitt stærsta líkamlega afrek í lífinu? Að koma þremur börnum í heiminn.

Hvað verður orðið hallærislegt eftir 5 ár? Að veipa.

Hvaða teiknimyndapersónu myndirðu vilja eiga sem vin? Hef alltaf elskað Garfield.

Hvað ættu allir að prófa að minnsta kosti einu sinni í lífinu? Espresso Martini.

Hvað myndirðu segja ef Guð hnerraði? Gesundheit.



HIN HLIÐIN



Ef þú kæmir einn daginn heim úr vinnunni og þar væri enginn nema Geir Ólafsson í sturtu, myndirðu hringja í lögreluna? Nei nei, Geir er hress. Ætli ég myndi ekki njóta sturtutónleikanna og rétta honum svo handklæði.

Hver er tilgangurinn með þessu jarðlífi? Að líða vel og láta gott af sér leiða.

Hvað er framundan um helgina? Halda áfram að koma mér fyrir í nýju húsnæði.

GÓÐ ÞJÓNU



**SVO ALLT
GANGI
SMURT**



KÍKTU Í KEMI OG SKOÐAÐU ÚRVALIÐ!

STA Í 20 ÁR



kemi

Tunguhálsi 10 • www.kemi.is

Kalli Bjarni syrgir Elnu ömmu

Elna Orvokki Bárðarson var jarðsungen frá Grundarfjarðarkirkju í lok júní. Hún náði þeim áfanga að verða elsti núlifandi Grundfirðingurinn en hún var 96 ára gömul þegar hún lést. Hún var einnig amma Karls Bjarna Guðmundssonar, betur þekktur sem Kalli Bjarni. Kalli Bjarni varð landsþekktur þegar hann sigraði í Idol stjörnuleit. Þá gekk Elna Kalla Bjarna í móðurstað og var samband þeirra einstakt en hún ól hann upp af mikilli ástúð en með aga ef á þurfti að halda.

Kalli Bjarni sagði sögu sína síðasta vetur í þættinum Burðar-

dýr á Stöð 2. Það var eftir þann þátt sem Elna varð landsþekkt og felldu margir tár þegar þeir sáu hversu sterkt og fallet samband Kalla Bjarna og Elnu ömmu hans var. Í þættinum var sýnt myndskreið þar sem Kalli flutti finnska lag-ið Kesäpäivä Kangasalla á hjúkrunarheimilinu en gamla konan feldi tár undir söngnum. Um ömmu sína sagði Kalli Bjarni:

„Amma er algjör nagli. Hún kenndi mér margt en hún gat líka verið hörð í horn að taka. Hún



bannaði mér stundum að fara út á kvöldin og fékk ég ekki leyfi fyrir en ég hafði sýnt fram á það að ég væri búinn að læra heima-lærdóminn eða að ég kynni að leggja snyrtilega á borð.“

Elnu er sárt saknað en hún setti mikinn svip á Dvalarheimilið Fellaskjól í Grundarfirði. Var hún alltaf fin til fara og létt í lund.

Í þættinum greindi Kalli Bjarni frá því að Elna amma hans hafi í eitt sinn bjargað lífi hans og kom-

ið í veg fyrir að hann örkumlaðist á hendi. Kalli Bjarni slasaðist illa hendi og var talið að hann fengi aldrei fullan mátt. Elna fann lausnina og keypti BMX hjól. Hjólið mátti Kalli hins vegar aðeins nota ef hann hjólaði með vinstri.

„Eitt sinn kom hún að mér inni í Grundarfirði þar sem ég var á BMX hjólinu mínu og var að nota hægri. Hún tók af mér hjólið, þannig að ég grenjaði og grenjaði með ekkasogum og hún lét mig ekki hafa það fyrir en eftir tvo mánuði,“ segir Kalli Bjarni og hlær og bætir við að þetta hafi í raun bjargað honum. Kalli Bjarni söng svo í síðasta sinn með



sinni einstöku rödd fyrir ömmu sína í kirkjunni í Grundarfirði og síðasti söngurinn var „Eitt sinn verða allir menn að deyja.“

kristjon@dv.is

DV á Instagram

Það tilkynnist hér með að DV hefur hafið innreið sína á samfélagsmiðilinn Instagram. Það er vissulega um svipað leyti og ömmur og afar eru að uppgötva miðilinn en betra er seint en aldrei. Notendanafn miðilsins er dvfrettir og er meðal annars ætlunin að birta þar fimm helstu fréttir dagsins auk þess sem ýmsar óvæntar en ávallt skemmtilegar upþákomur verða á döfni. Með tíð og tíma mun fylgjendum gefast kostur á að fá innsýn á bak við tjöldin hjá miðlinum og fá öðruvísi en kannski ferskari sýn á fréttamál líðandi stundar. Verkefnið verður í stöðugri þróun og því eru dyrnar ávallt opnar fyrir lesendum með ferskar og skemmtilegar hugmyndir.



Illa uppaldir íslenskir karlar

Mannréttindaráð Reykjavíkurborgar samþykkti í vikunni að öll salerni fyrir starfsfólk í stjórn-sýsluhúsum Reykjavíkurborgar verði ókyn-



greind frá og með haustinu. Að sjálf-sögðu gaus upp mikil umræða í þjóðfélaginu um málið. Ein af þeim sem lagði orð í belg á samfélagsmiðlum var Halla Gunnarsdóttir, ráðgjafi forsætisráðherra. Henni hugnast aldeilis ekki að deila almenningsklósettum með illa síðuðum íslenskum karlmönnum. „Ég held að að Svíar séu komnir aðeins lengra en við í að ala upp karla sem bera virðingu fyrir konum,“ sagði hún um málið.



Náum Rúrik!

Loki

Sjáðu öll tilboðin á byko.is

SUMMAR ÚTSALA

SLÁTTUVÉLAR



NAPOLEON GASGRILL

30% afsláttur

FERÐAVARA

25% afsláttur

TIMBUR-BLÓMAKASSAR

25% afsláttur

- REIÐHJÓL OG FYLGIHLUTIR -30% • GARDHÚSGÖGN -27% • FRÆ -40%
- BROIL KING GRILL -30% • RAFMAGNS- OG BENSÍNGARÐVERKFÆRI -20-40%
- BLÓMAPOTTAR OG GARÐSKRAUT -35% • BLÓM, TRÉ OG RUNNAR -30%
- REYKOFNAR OG ELDSTÆÐI -30% • GJÓCO INNIMÁLNING -25% • LJÓS -25%
- JÁRNHILLUR -30% • VERKFÆRABOX OG -SKÁPAR -30% • ÁLTRÖPPUR OG STIGAR -25%
- EINHELL RAFMAGNSVERKFÆRI -25% • PLASTBOX -35%
- FERÐATÖSKUR -35% • LEIKFÖNG -35% • KÖRFUBOLTASPJÓLD -30%
- POTTAR, PÖNNUR OG BÚSÁHÖLD -25% • SALVIA ESPALE GIRÐINGA-EININGAR -20%
- COFRA ÖRYGGISSKÓR OG FATNAÐUR -25%
- BLÁ BOSCH VERKFÆRASETT -25% • LOFTASTIGAR -25%
- BAÐFYLGIHLUTIR -25% • HARÐPARKET -20%
- MOTTUR OG DREGLAR -25% OG MARGT MARGT FLEIRA!

BYKO

GERUM PETTA SAMAN

Auðvelt að versla á byko.is • Sendum út um allt land